ÞORVALDUR ARI BANAÐI FYRRVERANDI EIGINKONU SINNI

■ FÉKK LÖGMANNSRÉTTINDIN Á NÝ

EINHVERFUR DRENGUR Í HRINGIÐU SVIKAMYLLU



■ Móðir hans lamin

21. SEPTEMBER 2018 / 36. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV

Fyrstu skref frægra í fjölmiðlum

Valgeir Skagfjörð

KUNNI EKKI VIÐ FÖÐUR SINN VIÐ FYRSTU KYNNI

■ Ólst upp hjá vanhæfri móður ■ Missti allt í hruninu

GJAFIR TIL ÞJÓÐMINJASAFNSINS SELDAR Á FACEBOOK

■ MILLJÓNA VIRÐI

SONUR SÓLVEIGAR VAR MYRTUR

■ Hafði varla efni á jarðarför
■ Áfallahjálp hefði bjargað miklu
■ Ber ekki kala til morðingjans

Dýrustu og ódýrustu þingmennirnir

■ Konur mun dýrari
■ Sporslur vega þungt
■ Sumir „halda“ tvö heimili

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli
undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR ehf.
Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Síðustu orðin

„Ákveðið fiðrildi hefur nú þegar tekið flugið.“

– Rússneski rithöfundurinn (og skordýrafræðingurinn) Vladimír Nabokov (22.4. 1899–2.7. 1977).

Á þessum degi, 21. ágúst

1776 – Hluti New York-borgar verður eldum að bráð skömmu eftir að Bretar náðu henni á sitt vald.

1921 – Geymslusíló í Oppau í Þýskalandi springur með þeim afleiðingum að 500–600 manns missa lífið.

1937 – Bók J.R.R. Tolkien, Hobbitinn, er gefin út.

1964 – Malta hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi en verður áfram innan vébanda Breska samveldisins.

1981 – Sandra Day O'Connor er, fyrst kvenna, samþykkt einróma af Öldungadeild Bandaríkjaþings sem dómari við Hæstarétt landsins.

„Gaggið í þeim er afar þreytandi“

Pólsk hjón halda tíu hænur í þriggja íbúða húsi „Pabbi var bóndi í Póllandi“

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Íbúð einni í fjölbýlishúsi að Sólgötu 8 á Ísafirði fer fram undarlegur búskapur. Hænsnarækt. Í risi hússins halda pólsk hjón tíu hænur. Nágrannar eru orðnir langþreyttir á gagginu í fuglunum en hafa gefist upp að reyna að berjast gegn því. Matvælastofnun skoðaði aðstöðu fuglanna fyrir rúmu einu og hálfu ári og var niðurstaðan sú að hún væri til fyrirmyndar. „Strangt tiltekið þarf viðkomandi ekki leyfi ef hann er með færri en 250 fugla,“ segir héraðsdýralæknir Vesturumdæmis í samtali við DV.

„Ég held að þær fái betri mat að borða en við“

Þrjár íbúðir eru í húsinu sem er á þremur hæðum. Á jarðhæðinni eru tvær íbúðir sem hvor er um 70 fermetrar að stærð. Á efri hæðinni búa síðan hjónin Marzena og Wieslaw Nesteruk í tvöfalt stærri íbúð auk þess sem þau hafa aðgang að risi hússins. Þar hafa þau komið fyrir haganlega uppsettu rými fyrir hænsnin. „Pabbi var bóndi í Póllandi og hélt þar hænur. Það fer mjög vel um fuglana uppi á lofti. Þær eru tíu talsins og ég held að þær fái betri mat að borða en við,“ segir eldri sonur þeirra, Dariusz, í stuttu samtali við blaðamann sem var að falast eftir viðtali við foreldrana. Það var ekki hægt því þau voru stödd í sumarleyfi á Spáni.

Það eru þó ekki allir hlynntir hænsnastóðinu í húsinu. Nágrannar, bæði í húsinu og nærliggjandi húsum, eru orðnir þreyttir á ástandinu. „Það er með ólíkindum að þetta sé leyfilegt. Hænur eiga ekki heima í fjölbýlishúsum. Gaggið í þeim er afar þreytandi og svo fylgir þessu óþefur. Þau halda einnig hund og kött og því er fjölbýlishúsið orðið að eins konar bóndabýli,“ segir nágranni í samtali við DV. Hann kveðst hafa haft samband við Heilbrigðiseftirlitið og Matvælastofnun vegna málsins og talið að lausn væri í sjónmáli þegar héraðsdýralæknir boðaði komu sína fyrir um 18 mánuðum. „En það gerðist ekki. Þau veittu þessu bara blessun sína,“ segir nágranninn og sagðist hafa orðið mjög undrandi.

> Strangt tiltekið þarf viðkomandi ekki opinbert leyfi fyrir fuglunum nema þeir séu yfir 250 talsins.

Þarft ekki leyfi fyrir færri en 250 fugla

Í samtali við DV staðfestir Elísabet Fjóludóttir, héraðsdýralæknir Vesturumdæmis, að hún hafi farið við annan mann og tekið hænsnaræktina út á sínum tíma. „Við fengum þessa tilkynningu og fórum því og skoðuðum aðstæður. Aðbúnaður dýranna var til fyrirmyndar og þar með höfðum við engar heimildir til þess að grípa inn í. Við höfum síðan ekki fengið neinar tilkynningar um að aðbúnaður dýranna hafi versnað. Strangt tiltekið þarf viðkomandi ekki opinbert leyfi fyrir fuglunum nema þeir séu yfir 250 talsins,“ segir Elísabet. Aðspurð hvort hún þekki önnur dæmi um hænsnarækt innandyra í fjölbýlishúsum segir Elísabet: „Nei, þetta verður að teljast frekar óvenjulegt. En sá sem heldur fuglana kann greinilega sitt fag,“ segir hún. ■

5 sem þurfa að segja af sér

Undanfarnar vikur hafa íslenskir embættismenn og stjórnendur keppst við að toppa hver annan í fúski og vanhæfni. DV tók saman fimm einstaklinga og hópa sem þurfa að stíga til hliðar, þjóðinni til heilla.

Steingrímur J. Sigfússon

Sjaldan hefur þjóðin sameinast jafn mikið í almennri hneykslun og þegar upplýst var að lýsing um hábjartan dag á hinum alræmda Þingvallarfundi hefði kostað ríflega 22 milljónir króna. Flestir telja að um ótækt bruðl sé að ræða og sá sem ber höfuðábyrgð á farsanum er Steingrímur sem þó sýnir enga iðrun.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands

Á þeim rúmum sex árum sem Agnes hefur gegnt embætti biskups Íslands hefur meðlimum fækkað um 10 þúsund. Þjóðkirkjan logar stafna á milli í pólitískri baráttu og reglulega sætir Agnes gagnrýni fyrir orð sín og gjörðir. Til dæmis í nýlegu máli séra Þóris Stephensen þar sem hún brást ekki við sem skyldi.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar

Farsinn innan Orkuveitunnar virðist engan endi ætla að taka. Í ljós hefur komið að þrír karlar í stjórnunarstöðum hafa gerst sekir eða hafa verið sakaðir um kynferðislega áreitni innan vinnustaðarins. Bjarni hefur stigið tímabundið til hliðar vegna málsins en hann ber ábyrgð á því að óheilbrigt ástand hefur fengið að grassera innan vinnustaðarins.

Guðni Bergsson, Framkvæmdastjórn KSÍ

Tæknilega séð kannski ekki opinberir starfsmenn en þetta fólk hefur sálarlíf þjóðarinnar (út af gengi íslensku knattspyrnulandsliðanna) í höndum sér. Það brást því ábyrgðarhlutverki með því að ráða Eric Hamrén sem landsliðsþjálfari. Það var búið að vara við þessu.

Dagur B (raggi) Eggertsson borgarstjóri

Dagur brosti út að eyrum þegar hann skrifaði undir samkomulag árið 2015 um að braggi frá stríðsárunum myndi ganga í endurnýjun lífdaga í Nauthólsvík. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á 158 milljónir króna en kostnaður endaði í 415 milljónum króna. Einhver þarf að axla ábyrgð á þessu hneyksli.

Allt í röð og reglu

MÚRBÚÐARVERÐ

Geymslubox

G 804 **2,5** lítra 23x16x14 cm	**290** kr.
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5 cm	**390** kr.
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5 cm	**590** kr.
G 801 **18** lítra 43x28x23,5 cm	**790** kr.
G 805 **23** lítra 50x33,5x27 cm	**990** kr.

Geymslubox með hjólum

G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28 cm	**990** kr.
G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34 cm	**1.790** kr.
G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm	**2.990** kr.

Litrík geymslubox

G 5807 **52** lítra	**1.790** kr.
G 5808 **72** lítra	**2.290** kr.

Stöðugar hillueiningar

Leo1 75x30x135 **4** hillur	**3.890** kr.
Leo3 90x40x165 **4** hillur	**5.890** kr.
ARAKIT4 hillur 150x75x30cm 4 hillur	**3.490** kr.
PREMIUM30 hillur180x90x30cm 65kg 5 hillur	**4.990** kr.
STABIL 176x90x40cm 5 hillur	**9.490** kr.

Létt box í skápinn

5055 28x18,5x14,4 cm	**490** kr.
5056 41x29x15 cm	**690** kr.
5057 41x29x25,5 cm	**890** kr.

Box í barnaherbergið

11 lítra	**960** kr.
23 lítra	**1.290** kr.

Plastfötur

13 lítra með loki	**390** kr.
16 lítra með loki	**690** kr.
60 lítra með loki	**2.190** kr.

Tactix smáhlutageymslur

Tactix 4 box í pakka
1.930kr.

12 skúffur **1.890** kr.

Smáhlutabox m. 12 lokuðum hólfum **2.560** kr.

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 -	sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Netgíró
Betri leið til að versla

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Hver er hann

- Hann er fæddur í mars árið 1983.
- Hann var með grínþátt á Rás 2 sem hét Tímaflakk.
- Árið 2008 setti hann upp sýninguna Fyndinn í fyrra.
- Árið 2009 lék hann í frægri gamanmynd á móti föður sínum.
- Árið 2011 hitaði hann upp fyrir grínistann Jon Lajoie.

SVAR: ÞÓRHALLUR ÞÓRHALLSSON

Það er staðreynd að...

Upphaflega voru það Skotar sem tóku upp á þeirri kúnst að djúpsteikja kjúkling.

Fredric Baur lét jarða sig í Pringles-dós, en hann fann einmitt upp á því íláti.

Banani er skilgreindur sem ber.

Frank Sinatra fékk þrjár stjörnur á Walk of Fame-götunni í Hollywood, eina fyrir þátttöku hans í kvikmyndum, eina fyrir sjónvarp og eina fyrir tónlist.

Umboðsmaður Elvisar Presley tók upp á því að framleiða „Ég hata Elvis"-nælur til þess að græða á fólki sem keypti ekki hefðbundinn Elvis-tengdan varning.

Svikahrappar ógna einhverfum pilti í Reykjavík

Ráðist á móður piltsins ■ Flókin svikamylla um kaup á hundi

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is

Erlendir svikahrappar hóta einhverfum pilt í Reykjavík ofbeldi ef hann borgar þeim ekki 150 þúsund krónur. Eyjólfur Páll Víðisson, frændi piltsins, gagnrýnir lögregluna harðlega í samtali við DV.

Segir hann að ráðist hafi verið á móður piltsins fyrir utan heimili þeirra og fjölskyldan sé mjög hrædd. „Móðir hans upplifir sig óörugga á heimili sínu og er vör um sig hvert sem hún fer." Eyjólfur segir að lögreglan sýni málinu ekki áhuga vegna þess hve lág upphæðin er. „Þeir vilja ekki gera neitt því þetta er svo lág upphæð, það væri annað ef þetta væru nokkrar milljónir. Vandinn er sá að hann og móðir hans eiga ekki slíka peninga og það er heldur ekki þeirra að borga," segir Eyjólfur.

Lögreglan segir málið í rannsókn og hafnaði því alfarið í samtali við DV að mál af þessum toga væru ekki tekin alvarlega. Skipti þar engu hver upphæðin væri.

Smáhundur til sölu á Bland

Svindlið gekk þannig fyrir sig að fyrir þremur vikum fékk pilturinn skilaboð á Snapchat frá einstaklingi, „Reid", sem hann þekkti ekki og var spurður hvort hann vildi eignast pening. DV hefur undir höndum skjáskot af samtalinu þar sem sést að pilturinn gaf Reid kennitöluna sína og reikningsnúmer. Reid var búinn að auglýsa smáhund til sölu fyrir 150 þúsund krónur á bland.is og hafði fengið ónafngreindan kaupanda til að leggja þá upphæð inn á reikning piltsins.

Eyjólfur segir að pilturinn hafi ekki gert sér grein fyrir því að hann ætti að láta Reid fá áðurnefnda upphæð. Um kvöldið fékk móðir piltsins skilaboð frá áðurnefndum kaupanda hundsins og vildi sá fá peningana sína aftur. Þegar þar var komið sögu var pilturinn búinn að eyða peningnum. Þá rann upp fyrir piltinum, móður hans og kaupandanum að þau höfðu lent í svikamyllu.



Byrjunin á svikunum. Maður sem kallaði sig Reid hafði samband við piltinn á Snapchat.

Reid býður honum auðvelda peninga, skjáskotin sem DV hefur undir höndum sýna að pilturinn, sem er einhverfur og með þroskaröskun, skilur manninn ekki fullkomlega.

Þarf að kæra piltinn

Kaupandi hundsins, sem vildi alls ekki láta nafn síns getið, staðfesti atburðarásina í samtali við DV. Hann taldi sig vera að kaupa hund af viðurkenndum aðila og lagði peningana inn á piltinn, síðar sama dag hafi svo runnið á hann tvær grímur og þá hafi hann haft samband við móðurina. „Ég er búinn að ræða við lögregluna og fékk þau svör að ég þyrfti að kæra piltinn ef ég vildi fá peningana mína aftur," segir kaupandinn. „Ég lét Bland vita strax og þeir tóku þetta út. Nokkrum dögum síðar sá ég aðra svona auglýsingu og lét taka hana út líka. Eitt er víst, ég er aldrei að fara að kaupa neitt á netinu aftur. Ég bara trúði ekki að þetta gæti gerst."

Auglýsingin sem birtist á Bland.



Svikahappurinn fékk kennitölu og reikningsnúmer hjá piltinum. Hann brást svo ókvæða við þegar hann frétti að pilturinn væri búinn að eyða peningunum.

Ráðist á móður piltsins

Reid er búinn að senda piltinum hótanir ítrekað. Fékk pilturinn meðal annars senda mynd frá Leifsstöð þar sem svikahrappurinn lætur piltinn vita að hann sé kominn til landsins og meðfylgjandi mynd af byssu, sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en sem líflátshótun. Hótanirnar koma bæði í gegnum Snapchat og gervimenn á Facebook. Eyjólfur segir að pilturinn skilji ekki um hvað málið snýst. „Hann fékk bara lagt inn á sig pening og hélt að hann væri orðinn ríkur. Hann er einhverfur og með þroskaröskun. Hann skildi ekki hvað maðurinn var að tala um og gaf honum upplýsingar sem hann átti ekkert að gefa."

Þetta bréf var á bílrúðu fjölskyldunnar.

Svikahrappurinn sendi piltinum mynd af byssu.

Áverkar á móður piltsins. Hún vildi ekki koma fram undir nafni en gaf leyfi fyrir birtingu myndarinnar.

Meðal þess var heimilisfangið piltsins. Fyrir stuttu var ráðist á móður hans á bílastæðinu fyrir utan heimili þeirra. „Hún er öryrki og er viðkvæm í baki. Það var maður sem stökk á hana á bílastæðinu," segir Eyjólfur og bætir við að pilturinn sé miður sín yfir öllu saman. DV hefur undir höndum myndir af áverkum sem hún hlaut við árásina, sem hefur verið tilkynnt til lögreglu. ■

Leyfið börnunum að koma til Ásmundar

Svarthöfði

Svarthöfði hjó eftir því í vikunni að Ásmundur Einar Daðason hefði verið gerður að nýjum félags- og barnamálaráðherra og óskar honum innilega til hamingju með það. Ásmundur er vel að því kominn. Svarthöfði er ekki alveg með það á hreinu að hvaða leyti málefni barna voru ekki undir hans umsjón fyrir þennan nýja titil. En það gildir einu. Vonandi fær hann feita launahækkun fyrir að bæta þessu við sig.

Ásmundur er í rauninni sérstaklega hentugur barnamálaráðherra. Hann er kallaður Dalafressinn og klæðist stundum grænum og mjög líflegum jakkafötum. Börnin tengja við þetta.

Svarthöfði hefur einnig tekið eftir vaxandi óánægju almennings með Krakkafréttirnar á RÚV. Eða allavega óánægju Möggu Frikka og Jóns Vals Jenssonar með þær. Það sér hvert mannsbarn að einhver Göbbels uppi í Efstaleiti notar barnaefnið til að menga ómótaðar barnssálir til að skapa framtíðar herskara „rétthugsandi" fólks.

Nú er lag, að mati Svarthöfða, að ríkisstjórnin láti sverfa til stáls og hreinsi út liðið sem stýrir barnaefninu. Þessir smákóngar á RÚV hafa allt of lengi fengið að stunda sinn heilaþvott óáreittir.

Ásmundur sjálfur ætti í krafti sinnar nýju stöðu að fá að stýra barnaefninu millilíðalaust og er borðleggjandi að hann myndi leika í því sjálfur. Krakkafréttirnar ætti auðvitað leggja niður enda þurfa börn ekkert að vita hvað er að gerast í samfélaginu. Svarthöfði sér fyrir sér að Ásmundur verði með vikulegan söngþátt fyrir börnin með frumsömdu efni. Hann yrði ekki lengi að hrista fram úr erminni lög á borð við „Allir eru að fá sér", „Vegurinn heim til mín", „Skattar hafa verið greiddir", „Gubbulagið" og „Þórólfur á mig." Ásmundur gæti annaðhvort spilað undir á kassagítar eða rappað þetta eins og er nýmóðins.

Fleiri ráðherrar mættu bæta titlum við sig. Til dæmis Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þetta er allt of þjált og hún getur vel bætt við sig tveimur til þremur stólum. Einnig Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ráðherra norrænna samstarfsmála. ■

Flest sem lýtur að smíði og garðvinnu

Matthías Pétursson húsgagnasmiður er með yfir þrjátíu ára reynslu af smíði og vinnur með Matthíasi syni sínum, sem er að ljúka námi í húsasmíði, og mun taka við rekstri föður síns þegar fram líða stundir. Þeir feðgar taka að sér flest það sem lýtur að smíði, nýsmíði og lagfæringum. Matthías segist lengi vel hafa unnið við sérsmíði á innréttingum:

„Undanfarin ár hefur sérsvið mitt hins vegar verið garðar og hellulögn. Ég tek að mér fjölbreytt verkefni eins og sumarhús, einkalóðir, lóðir undir nýbyggingar og eins eldra húsnæði. Að auki sé ég um nýja garða og endurgerð eldri garða."

Sólpallar, skjólveggir og hellulögn

„Yfir sumartímann huga margir að sólplöllum enda eru þeir ekki bara til þess að njóta sólarinnar heldur nýtast einnig sem frábær framlenging á sjálfri stofunni," segir Matti. „Það er einnig annatími í hellulögn og girðingum. Skjólveggir, bekkir, kofar og geymslur spretta upp eins og gorkúlur í görðum landsmanna með hækkandi sól," bætir hann við og nefnir að fátt sé skemmtilegra en vorverkin.

Heitir pottar – framlenging á stofunni

„Fjölmargir hafa fengið sér heitan pott í garðinn á undanförnum árum. Það skiptir meginmáli að pallurinn við pottinn sé vel úthugsaður og huga þarf vel að staðsetningu og umhverfi pottsins. Best er að pallurinn sé á tveimur hæðum og smíða tröppur á snyrtilegan hátt upp á efri pallinn til þess að auka rýmið umhverfis pottinn. Tröppurnar geta svo einnig nýst fyrir blómapotta og luktir sem gera umhverfið mun hlýlegra við pottinn. Á efri pallinum myndast þá líka rými fyrir borð og stóla. Þegar sólpallar eru ekki stórir eins og í þessu tilfelli er mikið atriði að fella pottinn inn í umhverfið til þess að skapa rými. Rýmið umhverfis pottinn er t.d. hægt að nota fyrir glös og diska þegar hann er í notkun."



Þúsundþjalasmiður Matti er með yfir 30 ára reynslu í faginu og hefur í gegnum árin smíðað nokkur hundruð sólpalla með öllu tilheyrandi.

Finna einnig fallegar lausnir fyrir landsbyggðina

„Við Mattarnir smíðum líka utan um sorptunnur á faglegan hátt og búum til falleg blómabeð til skrauts og ofan á hleðslur. Við notum ýmsar viðartegundir við smíðina eins og t.d. lerki, eik, furu og jafnvel tekk. Við tökum glaðir við verkum á landsbyggðinni og höfum sinnt verkefnum um land allt, eins og t.d. á Flúðum, Þingvöllum, Snæfellsnesi og í Skorradal. Við Mattarnir smíðum í raun allt sem hugsast getur – innandyra sem utan. Við getum séð um parketlögn, parketslípun, milliveggjasmíði, uppsetningu innréttinga, uppsetningu hurða, þakviðgerðir og fleira," segir Matti.

Matti smiður, netfang: mattismidur@mattismidur.is, sími: 893-3300 og 691-0621 www.mattismidur.is.

„ÉG MUN EKKI GEFAST UPP“

Fær ekki uppgefið hverjir keyptu fullnustueignir Íbúðalánasjóðs

Rúmlega 3.500 eignir seldar fyrir meira en 57 milljarða króna

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Þetta eru gríðarlegir hagsmunir fyrir íslenska skattborgara og því afar mikilvægt að allt sé uppi á borðinu. Að mínu mati er algjörlega óásættanlegt að það sé verið að pukrast með hverjir festu kaup á þessum eignum,“ segir Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, í samtali við DV.

Í mars á þessu ári lagði Þorsteinn fram fyrirspurn til félags- og jafnréttismálaráðherra þar sem hann óskaði eftir upplýsingum um hversu margar fullnustueignir Íbúðalánasjóður hefði selt árlega 2008–2017, hvar þær voru staðsettar og hvert heildarsöluverð þeirra var. Þá óskaði hann einnig eftir upplýsingum um hverjir það voru sem keyptu þessar eignir, einstaklinga og fyrirtæki.

Eftir drjúgan tíma barst loks svar við fyrri liðnum. Rúmlega 3.500 eignir voru seldar á tímabilinu og var söluandvirði þeirra yfir 57 milljarðar króna. Ekkert svar barst um hverjir voru kaupendur eignanna og lagði Þorsteinn því fram sömu fyrirspurn öðru sinni í júní síðastliðinn. „Þá brá svo við að ráðuneytið bar fyrir sig Persónuvernd og taldi að ekki væri heimilt að gefa upp nöfn kaupenda eignanna. Ég óskaði þá eftir áliti frá Persónuvernd og fékk fljótlega svar um að Persónuvernd gerði ekki athugasemd við að þær upplýsingar yrðu birtar. Þá bjóst ég við að fá upplýsingarnar í hendur en svar var þá sent á Alþingi og þinginu látið eftir hvort það yrði birt eða ekki. Það er að sjálfsögðu ekki hlutverk Alþingis að taka ákvarðanir um hvort svör ráðuneyta séu birt eða ekki. Þegar þarna var komið sögu var nýtt þing tekið við og því þurfti ég að leggja fram sömu fyrirspurn aftur á nýju þingi,“ segir Þorsteinn.

Að eigin sögn ætlar hann sér að fá þessar upplýsingar opinberar. „Öll þessi fasteignakaup voru

> Ég mun ekki gefast upp í þessari baráttu. Þessar upplýsingar verða að komast upp á yfirborðið.

þinglýst og því er hér um opinberar upplýsingar að ræða. Ég tel það afar brýnt að það sé upplýst um hverjir keyptu eignir fyrir 57 milljarða króna af ríkinu,“ segir Þorsteinn.

Þetta er ekki eina fyrirspurn varðandi Íbúðalánasjóð sem Þorsteinn hefur mátt bíða drjúga stund eftir svörum við. Hann lagði einnig fram fyrirspurn um hvaða fjárfestar eða lántakendur leigu- íbúðalána Íbúðalánasjóðs hefðu gert upp 256 lán vegna fasteignaviðskipta á Reykjanesi og hversu háa upphæð hver og einn hefði greitt.

„Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við lánveitingar

ÍLS til félaga sem áttu að vera með óhagnaðardrifna leigustarfsemi en voru það ekki, eins og til að mynda Heimavellir hf. Þegar tekið var harðar á því gerðu fjölmargir aðilar upp lán sín við sjóðinn. Ég tel mikilvægt að fá fram í dagsljósið hvaða aðilar sóttust eftir þessum lánum og hversu há þau voru,“ segir Þorsteinn. Svarið sem barst frá ráðuneytinu var að mögulegt væri að afhenda Alþingi upplýsingarnar en að því tilskildu að þær berist ekki óviðkomandi og þagnarskyldu sé gætt. Enn var Alþingi gert að skera úr um hvort birta bæri svarið eða ekki og nú hefur Þorsteinn þurft að leggja fram fyrirspurnina að nýju.

„Ég mun ekki gefast upp í þessari baráttu. Þessar upplýsingar verða að komast upp á yfirborðið,“ segir Þorsteinn. ■

GIMLI
FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HÉR

HRAUNBÆR, 110 REYKJAVÍK
45.000.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	87,5 M²
Herbergi	2

BREIÐAVÍK 11, 112 REYKJAVÍK (GRAFARVOGI)
43.500.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	109 M²
Herbergi	3

LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	203 M²
Herbergi	6

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

Brandenburg | síA

39.900 KR.

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT & SUND

ENGIN BINDING

STINGDU ÞÉR TIL SUNDS Í KÓPAVOGI

Kortin fást í afgreiðslum sundlauga Kópavogs.

Salalaug · Kópavogslaug · reebokfitness.is

Reebok
FITNESS

DÝRUSTU OG ÓDÝRUSTU ÞINGMENNIRNIR

Konur dýrari en karlar ■ Formannsálag drjúgt ■ Segjast gefa til góðgerðarmála

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Konur á þingi eru dýrari en karlar. Þetta má sjá á útgefnum tölum um laun og aðrar kostnaðargreiðslur til alþingismanna fyrir fyrstu sjö mánuði ársins. Mikil umræða hefur verið um laun þingmanna og annarra embættismanna að undanförnu enda hafa þeir fengið ríflegri hækkanir en flestir aðrir launþegar og hefur það valdið töluverðri ólgu á vinnumarkaði.

DV rýndi í tölurnar til að sjá hverjir væru dýrustu og ódýrustu þingmennirnir, dýrustu og ódýrustu flokkarnir, muninn á stjórn og stjórnarandstöðu, pólitískum skoðunum og kynjunum.

Dýrustu þingmennirnir

- Steingrímur J. Sigfússon – 15.637.222 kr.
- Logi Einarsson – 15.179.363 kr.
- Ásmundur Einar Daðason – 14.459.034 kr.

Steingrímur J. Sigfússon

Þegar DV gerði úttekt fyrr á árinu voru þessir þrír í sömu sætum. Þingforsetinn Steingrímur sem hefur setið á þingi síðan árið 1983 og gegnt flestum ráðherraembættum á ferli sínum. Steingrímur er með sömu föstu laun og ráðherrarnir en fær auk þess greiðslur fyrir að halda heimili í Þistilfirði. Hann hefur þó búið í Seljahverfinu í Reykjavík í minnst 30 ár.

Logi Einarsson, hjá Samfylkingu, fær 550 þúsund krónur ofan á þingfararkaupið fyrir að vera formaður í stjórnarandstöðuflokki. Auk þess heldur hann heimili á Akureyri og er í næstefsta sæti í föstum mánaðarlegum greiðslum og hefur verið í efra laginu á listanum yfir aðrar greiðslur.

Ásmundur Einar Daðason, félagsmála- og nýskipaður barnamálaráðherra, vermir þriðja sætið á listanum. Hann er bæði ráðherra og landsbyggðarþingmaður og þiggur því greiðslur fyrir að halda heimili í Dalasýslu. Að miklu leyti er annar kostnaður ráðherra á huldu en það sem fleytir Ásmundi svo hátt eru tæplega 400 þúsund króna aukagreiðslur frá Alþingi sem er mun meira en aðrir ráðherrar fá, en flestir þeirra eru með engar.

Ódýrustu þingmennirnir

- Helgi Hrafn Gunnarsson – 7.825.283 kr.
- Björn Leví Gunnarsson – 8.261.657 kr.
- Guðmundur Ingi Kristinsson – 8.263.863 kr.

Píratinn Helgi Hrafn var í fimmta sæti yfir ódýrustu þingmennina þegar DV gerði sambærilegan lista fyrr á árinu. Hefur hann því hert sultarólina vel í sumar og lítið ferðast.

Helgi Hrafn Gunnarsson

Sömu sögu má segja um félaga hans, Björn Leví, sem hækkar úr þriðja sæti í annað á listanum yfir ódýra þingmenn. Líkt og Helgi er Björn Reykjavíkurþingmaður sem ferðast lítið, eða að minnsta kosti lítið á kostnað Alþingis.

Guðmundur Ingi hjá Flokki fólksins var efstur á listanum í vor en hrapar nú niður í bronssætið. Guðmundur er þó langt því frá að vera eyðslukló. Sem dæmi um útsjónarsemi Guðmundar má sjá á vef Alþingis að hann tók innanlandsflug fyrir 905 krónur. Annaðhvort var þetta stysta flug sögunnar eða þá að hann hefur náð að prútta vel fyrir Íslands hönd.

Dýrasti þingflokkurinn

- Framsóknarflokkurinn – 12.336.217 kr. að meðaltali
- Vinstri græn – 11.622.957 kr.
- Sjálfstæðisflokkurinn – 11.381.963 kr.
- Samfylkingin – 11.130.111 kr.

Framsóknarmenn eru dýrustu þingmennirnir og kostuðu þeir tæpar 99 milljónir þrátt fyrir að vera aðeins átta talsins. Vega þar landsbyggðarþingmennirnir þungt sem og þrír ráðherrar flokksins. Eini þingmaður flokksins í Reykjavík er einmitt Lilja Dögg menntamálaráðherra.

Vinstri græn eiga dýrasta þingmanninn, þingforsetann Steingrím J. Sigfússon, og þrjá ráðherra. Einn þeirra er Katrín Jakobsdóttir sem er með hærri grunnlaun en aðrir ráðherrar. Ástæðan fyrir því að flokkurinn er ekki efstur er þrír Reykjavíkurþingmenn í ódýrari kantinum.

Litlu munar á meðaltölum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, þrátt fyrir að hinn fyrrnefndi eigi fimm ráðherra. Hafa verður þó í huga að aðrir kostnaðarliðir ráðherra en grunnlaun eru ekki inni í þessum tölum.

Ódýrasti þingflokkurinn

- Píratar – 9.004.795 kr. að meðaltali
- Viðreisn – 9.690.662 kr.
- Flokkur fólksins – 10.169.925 kr.
- Miðflokkurinn – 10.732.059 kr.

Píratar eru langódýrustu þingmennirnir. Helsta ástæðan fyrir því er sú að flestir þeirra koma frá höfuðborgarsvæðinu. Einnig eru þeir formannslausir og enginn þeirra fær því sérstakt formannsálag í stjórnarandstöðu. Píratar eiga tvo ódýrustu þingmennina, þá Helga Hrafn Gunnarsson og Björn Leví Gunnarsson.

Viðreisn er með lægstan heildarkostnað þingflokka, aðeins tæplega 39 milljónir. Þau eru aðeins fjögur talsins. Eftir kosningarnar árið 2017 missti flokkurinn alla landsbyggðarþingmenn sína en hélt stöðu sinni ágætlega á höfuðborgarsvæðinu. Formaðurinn, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hífir meðaltalið hins vegar þónokkuð upp.

Flokkur fólksins er einnig aðeins fjögurra þingmanna flokkur en þingmennirnir dreifast nokkuð jafn yfir heildarlistann. Formaðurinn, Inga Sæland, er í dýrari kantinum en Guðmundur Ingi Kristinsson er með þeim ódýrustu. Miðflokkurinn er merkilega lágur þrátt fyrir sterka stöðu á landsbyggðinni og eru allir þingmenn flokksins á svipuðum slóðum á listanum fyrir utan formanninn, Sigmund Davíð Gunnlaugsson.

Stjórn og stjórnarandstaða

- Ríkisstjórn – 420.276.633 kr. (11.674.350 að meðaltali)
- Stjórnarandstaða – 286.506.318 kr. (10.323.368)

Munurinn á stjórnarþingmanni og stjórnarandstöðuþingmanni er um 1,3 milljónir á þessum sjö mánuðum sem Alþingi hefur gefið út tölur fyrir. Skipta laun ellefu ráðherra þar miklu og auk þess verður að hafa í huga að Vinstri græn skipuðu umhverfisráðherrann, Guðmund Inga Guðbrandsson, en hann er ekki kjörinn alþingismaður. Laun hans eru því viðbótarkostnaður sem ellegar hefði ekki verið til staðar. Einnig verður að hafa í huga að allir stjórnarflokkarnir þrír eru með sterka stöðu á landsbyggðinni á meðan andstöðuflokkarnir eru heilt yfir sterkari á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórnmálaskoðanir

- Hægrimenn – 220.874.063 kr. (11.043.703 að meðaltali)
- Miðjumenn – 214.493.855 kr. (11.289.150)
- Vinstrimenn – 271.415.033 kr. (10.856.601)

Ef þingheimi er skipt niður í blokkir kemur í ljós að mjög lítill munur er á milli þeirra. Sjálfstæðismenn og Viðreisn eru til hægri, Framsóknarflokkur, Miðflokkur og Flokkur fólksins í miðjunni og Samfylkingin, Vinstri græn og Píratar mynda vinstri blokkina.

Kynin

- Karlar – 424.172.584 kr. (10.604.314 að meðaltali)
- Konur – 282.610.367 kr. (11.775.431)

Kosningarnar haustið 2017 voru taldar mikið bakslag í kvenréttindabaráttunni en þá fækkaði konum á Alþingi úr 30 niður í 24. Körlum fjölgaði hins vegar úr 33 í 39 og í þessum tölum er einnig talinn með karlkyns utanþingsráðherra. Engu að síður eru þingkonur umtalsvert launahærri en starfsbræður þeirra og er munurinn rúmlega 1,1 milljón á sjö mánaða tímabili. Hluti

af því er til kominn vegna þess að fimm af ellefu ráðherrum eru konur, sem er hlutfallslega hærra hlutfall en hjá karlpeningnum, og fimm af átta þingflokksformönnum eru konur. Af tuttugu ódýrustu þingmönnunum eru aðeins þrjár konur.

Reglurnar endurspegla ekki raunveruleikann

Þingmenn úr landsbyggðarkjördæmunum þremur fá greiddar fastan húsnæðis- og dvalarkostnað en þingmenn á höfuðborgarsvæðinu fá hann ekki. Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, hefur áður sagt við DV að landsbyggðarþingmenn geti ekki afþakkað þessar sporslur, þeir yrðu að taka við þeim. Lögheimilið skipti engu máli í því sambandi og hvort þingmennirnir héldu heimili í kjördæminu.

Smári McCarthy, þingmaður Pírata, er einn af þeim sem fá slíkar greiðslur en hann er þingmaður Suðurkjördæmis. Smári býr við Hringbrautina í Reykjavík og heldur ekki annað heimili í kjördæmi sínu. Fær hann um 134 þúsund krónur á mánuði vegna þessa. Í samtali við DV segir hann:

„Mér hefur fundist þetta frekar asnalegt og í rauninni ósanngjarnt. Það er ekkert dýrara fyrir mig að búa í bænum heldur en Reykjavíkurþingmenn. Það eru tilfelli þar sem þingmenn halda úti tveimur heimilum og í þeim tilfellum kannski í lagi að styðja þá. Sumir búa fyrir norðan en eru með litla íbúð í Reykjavík á meðan þingið stendur yfir. En ég bý ekki við slíkar aðstæður og það tekur mig engan tíma að keyra út í kjördæmi."

Smári McCarthy þingmaður Pírata.

Er þetta ekki bruðl með almannafé?

„Ég veit ekki hvort að bruðl sé rétta orðið. En reglurnar eru aðeins of stífar og settar fram á forsendum sem eiga ekki við. Ég skil að það séu gerðar reglur í kringum þetta til að koma til móts við mismunandi þarfir en þær þurfa að endurspegla raunveruleikann."

Hefur þú reynt að hafna þessum greiðslum?

„Ég spurði út í þetta á sínum tíma, með það í huga hvort ég gæti hafnað þessu. En ég hef ekki sagt við skrifstofu Alþingis að ég vilji losna við þetta. Aðallega út af svarinu sem ég fékk."

Frægt er orðið að Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ákvað að gefa 300 þúsund krónur af sínum launum til góðgerðarmála frá nóvembermánuði árið 2016 þegar kjararáð tilkynnti um ríflega launahækkun til embættismanna. „Ég bað ekki um þessa launahækkun," sagði Guðni í yfirlýsingu og hlaut mikið lof fyrir.

Smári segist gefa til góðgerðarmála.

„Ég hef ekki farið hátt með það. Ég styrki mánaðarlega ákveðið sett af góðgerðarsamtökum og einnig frjálsa fjölmiðla, innlenda og erlenda."

Notar þú allan þennan pening í það?

„Nei, það er misjafnt. Sumt er fast en annað endrum og eins."

Gefur mikið til góðgerðarmála

Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt í tengslum við laun þingmanna er sérstakt álag formanna flokka sem ekki sitja í ríkisstjórn. Er það hálft þingfararkaup sem gerir 550 þúsund krónur á mánuði árið 2018. Greiðslurnar hafa hækkað mikið á undanförnum árum vegna ákvarðana kjararáðs um þingfararkaupið.

Reglurnar voru settar í desember árið 2003, í ríkisstjórnartíð Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, og var ætlað að jafna aðstöðumun ráðherra og stjórnarandstöðuformanna. Þetta var harðlega gagnrýnt þegar reglurnar voru settar og er umtalað enn í dag. Sem dæmi má nefna að Katrín Jakobsdóttir hefur fengið 21,6 milljónir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson 18,6 milljónir og Steingrímur J. Sigfússon tæpar 15 milljónir í slíkum greiðslum.

Fjórir formenn hafa fengið þessar greiðslur árið 2018. Þeir eru Logi Einarsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Inga Sæland og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Píratar kasta teningi á hverju ári um hver þeirra verður skráður formaður hjá þinginu. Það er gert til að fá aðstoðarmann og ritara fyrir þingflokkinn en skráður formaður er skilyrði fyrir því. Píratar þiggja hins vegar ekki formannsálagið því ólíkt húsnæðisgreiðslunum er hægt að afþakka það. Logi Einarsson segir um þessar greiðslur:

„Það er vel í lagt og mín vegna mætti breyta þessu. Flokkarnir gætu þá komið sér saman um það. Þetta var gert á sínum tíma, löngu áður en ég byrjaði á þingi, til að jafna aðstöðumun en ég myndi ekki gera neinar athugasemdir ef það yrði farið yfir öll launamálin og tel raunar að það sé nauðsynlegt til að ná sáttum í samfélaginu."

Logi segist ekki hafa myndað sér skoðun á því hvort það sé eðlilegt að Alþingi og þá ríkissjóður greiði formannslaun stjórnmálaflokka.

„Ég gef mikið til góðgerðarmála eins og ég held að mörg okkar sem eru aflögufær geri. En ég held þeirri skrá fyrir mig. Ég held að það verði að ræða þetta mál í víðu samhengi án þess að hver og einn þingmaður sé að taka ákvörðun um slíkt. Við þurfum að ná saman um hver laun kjörinna fulltrúa eiga að vera."

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Er þetta ekki farið að valda hita á vinnumarkaði?

„Jú, og ég skil það vel. Samfylkingin studdi tillögu Pírata í vor um að lækka laun þingmanna. Til þess einmitt að geta brugðist við þeirri óánægju sem eðlilega er uppi í samfélaginu. Við erum tilbúin til að skoða þá hluti sem að okkur snúa." ■

Heildarlisti þingmanna og ráðherra

1.	Steingrímur J. Sigfússon	Vinstri græn	**15.637.222**
2.	Logi Einarsson	Samfylking	**15.179.363**
3.	Ásmundur Einar Daðason	Framsóknarflokkur	**14. 459.034**
4.	Katrín Jakobsdóttir	Vinstri græn	**14.435.124**
5.	Kristján Þór Júlíusson	Sjálfstæðisflokkur	**14.377.510**
6.	Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir	Sjálfstæðisflokkur	**14.002.198**
7.	Sigurður Ingi Jóhannsson	Framsóknarflokkur	**14.002.198**
8.	Þórunn Egilsdóttir	Framsóknarflokkur	**13.972.519**
9.	Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir	Viðreisn	**13.322.034**
10.	Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir	Vinstri græn	**13.255.838**
11.	Sigmundur Davíð Gunnlaugsson	Miðflokkur	**13.249.600**
12.	Svandís Svavarsdóttir	Vinstri græn	**13.063.911**
13.	Sigríður Á. Andersen	Sjálfstæðisflokkur	**13.063.911**
14.	Lilja Dögg Alfreðsdóttir	Framsóknarflokkur	**13.063.911**
15.	Guðmundur Ingi Guðbrandsson	Vinstri græn	**13.063.911**
16.	Guðlaugur Þór Þórðarson	Sjálfstæðisflokkur	**13.063.911**
17.	Bjarni Benediktsson	Sjálfstæðisflokkur	**13.063.911**
18.	Lilja Rafney Magnúsdóttir	Vinstri græn	**12.959.963**
19.	Inga Sæland	Flokkur fólksins	**12.801.333**
20.	Líneik Anna Sævarsdóttir	Framsóknarflokkur	**12.185.494**
21.	Njáll Trausti Friðbertsson	Flokkur fólksins	**12.080.111**
22.	Guðjón S. Brjánsson	Samfylking	**11.669.770**
23.	Albertína Friðbjörg	Samfylking	**11.662.298**
24.	Páll Magnússon	Sjálfstæðisflokkur	**11.466.214**
25.	Halla Signý Kristjánsdóttir	Framsóknarflokkur	**11.251.296**
26.	Anna Kolbrún Árnadóttir	Miðflokkur	**11.225.268**
27.	Oddný G. Harðardóttir	Samfylking	**11.149.100**
28.	Ásmundur Friðriksson	Sjálfstæðisflokkur	**10.813.324**
29.	Þórhildur Sunna Ævarsdóttir	Píratar	**10.781.323**
30.	Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir	Sjálfstæðisflokkur	**10.772.125**
31.	Rósa Björk Brynjólfsdóttir	Vinstri græn	**10.749.814**
32.	Bryndís Haraldsdóttir	Sjálfstæðisflokkur	**10.571.155**
33.	Sigurður Páll Jónsson	Miðflokkur	**10.525.785**
34.	Vilhjálmur Árnason	Sjálfstæðisflokkur	**10.472.731**
35.	Birgir Þórarinsson	Miðflokkur	**10.376.538**
36.	Silja Dögg Gunnarsdóttir	Framsóknarflokkur	**10.319.996**
37.	Gunnar Bragi Sveinsson	Miðflokkur	**10.315.262**
38.	Smári McCarthy	Píratar	**10.182.448**
39.	Brynjar Níelsson	Sjálfstæðisflokkur	**10.072.916**
40.	Ólafur Ísleifsson	Flokkur fólksins	**10.061.177**
41.	Haraldur Benediktsson	Sjálfstæðisflokkur	**10.042.117**
42.	Ari Trausti Guðmundsson	Vinstri græn	**10.015.266**
43.	Þorsteinn Sæmundsson	Miðflokkur	**9.837.736**
44.	Hanna Katrín Friðriksson	Viðreisn	**9.767.694**
45.	Helga Vala Helgadóttir	Samfylking	**9.674.657**
46.	Jón Þór Ólafsson Píratar	Píratar	**9.610.310**
47.	Bergþór Ólason Miðflokkur	Miðflokkur	**9.594.227**
48.	Karl Gauti Hjaltason	Flokkur fólksins	**9.553.329**
49.	Birgir Ármannsson	Sjálfstæðisflokkur	**9.534.481**
50.	Ólafur Þór Gunnarsson	Vinstri græn	**9.497.046**
51.	Willum Þór Þórsson	Framsóknarflokkur	**9.435.289**
52.	Óli Björn Kárason	Sjálfstæðisflokkur	**9.435.289**
53.	Halldóra Mogensen Píratar	Píratar	**9.367.751**
54.	Guðmundur Andri Thorsson	Samfylking	**9.364.614**
55.	Jón Gunnarsson	Sjálfstæðisflokkur	**9.334.737**
56.	Ágúst Ólafur Ágústsson	Samfylking	**9.210.975**
57.	Steinunn Þóra Árnadóttir	Vinstri græn	**9.192.554**
58.	Kolbeinn Óttarsson Proppé	Vinstri græn	**9.154.278**
59.	Þorsteinn Víglundsson	Viðreisn	**9.044.775**
60.	Andrés Ingi Jónsson	Vinstri græn	**8.450.557**
61.	Jón Steindór Valdimarsson	Viðreisn	**8.428.148**
62.	Guðmundur Ingi Kristinsson	Flokkur fólksins	**8.263.863**
63.	Björn Leví Gunnarsson	Píratar	**8.261.657**
64.	Helgi Hrafn Gunnarsson	Píratar	**7.825.283**

Sprengjugeymslur við Norðlingaholt ekki færðar þrátt fyrir loforð

Stórt hesthúsahverfi hefur risið ■ Íbúðabyggð færist nær

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Á Hólmsheiði standa hús þar sem félagið Ólafur Gíslason & Co. hefur geymt sprengiefni síðan 1963. Þegar uppbygging í Norðlingaholti hófst árið 2003 var Reykjavíkurborg gert viðvart um að sprengjugeymslurnar þyrftu að hverfa. Skömmu síðar fékk hestamannafélagið Fákur úthlutað svæði í Almannadal, rétt við sprengjugeymslurnar, til uppbyggingar á hesthúsum. Nú eru liðin fimmtán ár, borgin teygir sig austar og Almannadalur sífellt að verða fjölmennari og líflegri. Þrátt fyrir gefin loforð borgarinnar er sprengiefni enn þá geymt á Hólmsheiði.

Mikið útivistarsvæði

Bjarni Jónsson er formaður hesthúsaeiganda í Almannadal en þar var hesthúsum úthlutað árið 2006 fyrir um 1.600 hross innan vébanda Fáks. Bjarni hefur í gegnum tíðina haft samband við borgina út af geymslunum og telur að þær verði að fara sem fyrst enda standa sum hesthúsin aðeins tæplega 200 metrum frá þeim.

„Ég er búinn að benda þeim á að borgin hafi lofað að færa geymslurnar fyrir löngu síðan en þeir draga lappirnar í þessu máli. Fólk sem er með hesta þarna hefur sótt um að fá að búa á þessu svæði en hefur fengið höfnun, meðal annars vegna nálægðarinnar við sprengjugeymslurnar.“

Hvaða önnur áhrif hefur þetta á ykkur?

„Í sjálfu sér engin nema ef þetta myndi springa. Við sjáum vörubíla í fylgd lögreglu og slökkviliðs fara þarna þannig að þetta er í notkun. Hér í Almannadal er að rísa mikið útivistarsvæði, göngu- og hjólastígar komnir um alla Hólmsheiði. Það er verið að benda fólki á að stunda hér útiveru, innan um sprengjur. Það er mjög sérstakt að hægt sé skipuleggja hesthúsahverfi, með fjölmörgu áhugafólki, fjölda skepna og túrista, innan um þetta. Fólk er að mæta hingað um átta á morgnana og sumir eru hérna allan daginn. Samkvæmt borginni virðist það vera í lagi og aðeins hætta á að geymslurnar springi á nóttunni. Það sem er hins vegar alvarlegast í þessu er nálægðin við íbúðahverfin í Norðlingaholti.“

Hundruðum kílóa af sprengiefni stolið

Þegar uppbygging í Norðlingaholti hófst árið 2003 komu fram ábendingar um að færa þyrfti geymslurnar vegna öryggissjónarmiða. Öryggismálum var þá einnig mjög ábótavant sem kom bersýnilega í ljós í júlí það sama ár þegar brotist var inn og sprengiefni stolið.

Þjófarnir beittu þá klippum til að komast í gegnum vírgirðingu og borvélum til að opna hurðir sem voru þó úr sérstyrktu stáli. Náðu þeir að komast á brott með 245 kílógrömm af dýnamíti í túpum og rúllum.

Á þessum tíma benti samráðsnefnd um stórslysavarnir á að nauðsynlegt væri að flytja geymslurnar í burtu vegna uppbyggingar íbúðahverfis í Norðlingaholti, vegna öryggisfjarlægða sem verða að vera til staðar. Sú reglugerð var uppfærð núna í vor.

Árið 2004 vakti Morgunblaðið athygli á að dregist hefði að færa geymslurnar og sagði Björn Axelsson, umhverfisstjóri borgarinnar, þá að verið væri að vinna að lausn og reiknað með því að þær færu lengra upp á Hólmsheiðina. Finna átti lóð um áramótin og vonast var til að flutningurinn yrði fyrri part árs 2005. Á þeim tíma voru 1.050 metrar frá geymslunni yfir í íbúðabyggðina og uppbygging í Almannadal ekki hafin.

Leyfilegt magn sprengiefnis minnkað

Ekkert varð af flutningnum þau áramót og síðan leið tíminn. Eftir innbrotið voru öryggismál hert en þegar áhættumat var gert árið 2011 stóðust geymslurnar ekki kröfur gagnvart umhverfinu. Þar var til dæmis tekið fram að geymslurnar væru of nálægt Suðurlandsveginum.

Aftur var farið í að finna nýjar staðsetningar og bæði Geldinganes og Álfsnes skoðuð í því samhengi. Báðar þær staðsetningar voru hins vegar slegnar út af borðinu en magn leyfilegs sprengiefnis í geymslunum minnkað úr 50 tonnum niður í 10. Síðan hafa liðið níu ár og byggðin í kring byggst jafnt og þétt upp.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir að með lækkuninni hafi áhættan verið minnkuð til muna. Þegar áhættan er metin er tekið tillit til ýmissa þátta, til dæmis hvort um er að ræða íbúðarhúsnæði eða skólabyggingar eða aðrar byggingar. Að sögn Jóns eru áhættufjarlægðirnar innan ásættanlegra marka. Hann segir:

„Auðvitað vilja allir hafa þetta sem lengst frá þar sem þeir eru. Þar sem ekki er búið að færa þetta þá gátum við lækkað það magn sprengiefnis sem má geyma á staðnum.“

Í þessu tilfelli verður lágmarksfjarlægð sprengjugeymslu frá íbúðabyggð að vera 600 metrar og 800 metrar frá til dæmis leikvöllum og fjölförnum götum og 190 metrar frá öðrum byggingum. Eins og áður segir eru geymslurnar um 200 metrum frá hestamannasvæðinu. Þær eru 320 metrum frá Suðurlandsveginum, 280 metrum frá spennustöð Orkuveitunnar og 750 metrum frá íbúðabyggðinni í Norðlingaholti.

Engar skýringar á töfum

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir borgarfulltrúi er formaður skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Hún getur ekki svarað því af hverju vinnan við flutninginn hafi ekki gengið eftir. Við DV segir hún:

„Ég hef ekki svar á reiðum höndum hvað það varðar en ég tel að það sé brýnt að fara í saumana á þessu máli og endurskoða starfsemina.“

Munt þú beita þér fyrir því að geymslurnar verði færðar?

„Hiklaust, þegar þetta er svona nálægt íbúðabyggð. Þetta er stórt land og mikið til af svæðum fyrir þessa starfsemi.“

Nánari útfærsla liggur ekki fyrir en ljóst er að uppbygging á svæðinu er mikil og geymslurnar nálægt löglegum fjarlægðarmörkum. Þær hamla því frekari uppbyggingu á svæðinu. ■

Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur.
Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía
Parki INTERIORS

VIÐARPARKET • UTANHÚSSKLÆÐNINGAR • VÍNYLPARKET • FLÍSAR • HURÐIR • TEPPI • KERFISLOFT • HARÐPARKET • INNRÉTTINGAR

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

BARKING HEADS
MEOWING HEADS

DÝRABÆR

- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is

Nú einnig á Akranesi

Íbúar í fjölbýlishúsi langbreyttir á sóðaskap leigjanda Félagsbústaða

Stæk lykt og villikettir Hægt að höfða mál og neyða eiganda til að selja

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Íbúar í fjölbýlishúsi í miðborg Reykjavíkur eru orðnir langþreyttir á viðvarandi ónæði eins íbúans sem býr í íbúð á vegum Félagsbústaða Reykjavíkurborgar. Úr íbúðinni kemur stæk lykt inn á sameign og íbúinn hænir að sér villiketti með mat. Ítrekað hefur verið haft samband við Félagsbústaði í gegnum árin og var því lofað að umræddur íbúi yrði fluttur út en enn hefur ekkert gerst.

Blanda af svita-, klóaks- og kattahlandsfýlu

Einn eigandi íbúðar í stigaganginum segist hafa átt erfitt með að finna leigjendur út af ástandinu. Hann hafi fengið slæmar umsagnir á AirBnb frá fólki sem hafi gist þar og þegar íbúðin var loks seld fékk eigandinn ekki jafn hátt verð fyrir og hann hefði getað fengið. Eigandinn segir:

„Íbúarnir hérna í húsfélaginu eru búnir að vera í vandræðum með mann sem leigir hér íbúð í eigu Reykjavíkurborgar. Umgengnin er hræðilegt og stæk lykt í sameigninni. Heilbrigðiseftirlitið kom og staðfesti að aðstæðurnar væru óásættanlegar. Fólk frá Félagsbústöðum hefur mætt hér á fund en það hefur ekkert verið gert. Ég hef leigt mína íbúð út á AirBnb og fékk þá umsögn að stigagangurinn lyktaði eins og almenningsklósett fyrir ketti. Að lokum seldi ég íbúðina því að ég gat ekki lengur staðið í þessu. Maður er við það að æla við að koma inn í stigaganginn.“

Villikettir, myndin tengist fréttinni ekki beint.

Vandamálið er vegna eldri manns, einstæðings sem býr á jarðhæð hússins. Íbúarnir kvarta ekki yfir hegðun mannsins, hann sé vænsta skinn, en sóðaskapurinn í hans íbúð er mikill. Það sést bæði í gegnum glugga og finnst á lyktinni í sameigininni. Auk þess hænir hann að sér villiketti með mat. Íbúarnir hafa margsinnis rætt við hann um sóðaskapinn, til dæmis á húsfundi.

„Það er eins og hann meðtaki þetta ekki. Það er búið að banna honum að vera með ketti en hann hlýðir engu. Þetta er ekki mannabústaður hjá honum. Ég keypti íbúð þarna árið 2013 og þá var þetta búið að ganga lengi en fer sífellt versnandi því maðurinn eldist. Þetta er blanda af svita-, klóaks- og kattahlandsfýlu.“

Segir Félagsbústaði bregðast við

Auðun Freyr Ingvarsson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, segist ekki geta tjáð sig um mál einstakra leigjenda, þegar DV hafði samband við hann.

Hefur Reykjavíkurborg ekki ríkar skyldur til að tryggja að borgararnir verði ekki fyrir óþarfa ónæði af hálfu leigjenda ykkar?

„Jú, að sjálfsögðu. Þess vegna bregðumst við við.“

Hvernig þá?

„Við förum yfir þær kvartanir sem berast og höfum samband við kvartendur. Eftir það ræðum við við okkar leigutaka og reynum að átta okkur á því hvað sé í gangi.“

Koma upp margar kvartanir?

„Já, þær eru algengar. Við erum með 2.500 íbúðir til leigu og eins og almennt gerist í húsfélögum, þá ríkir ekki alltaf sátt.“

Kemur fyrir að það þurfi að segja leigusamningi upp?

„Það kemur fyrir, já, og erum við í raun í góðri stöðu til að leysa málið. Svona mál eru erfiðari ef viðkomandi á íbúðina sjálfur. Það er þyngra ferli að neyða fólk til að selja en að segja upp leigusamningi. Uppsögn á samningi getur þó tekið nokkra mánuði.“

Hægt að bera fólk út og selja eignir á nauðungaruppboði

Ónæðismál koma oft inn á borð Húseigendafélagsins en misalvarleg þó. DV ræddi við Sigurð Helga Guðjónsson, formann félagsins, sem segir að kröftugri úrræði séu í íslenskum lögum en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Hann segir:



Sigurður Helgi Guðjónsson, formaður Húseigendafélagsins

„Í lögum um fjöleignarhús eru reglur um réttindi og skyldur eigenda gagnvart öðrum íbúum. Það hvílir á öllum að haga séreigninni og umgengni um sameign þannig að aðrir verði ekki fyrir óþarfa ónæði og ama. Það á við um hljóð, lykt og hvað eina. Ef einhver stendur sig ekki og brýtur þessar umgengnisreglur þá er ákvæði í lögunum um að aðrir eigendur eða húsfélag geti tekið ákvörðun um að gera viðkomandi að flytja burt, að undanfenginni aðvörun. Honum er þá gert að selja og er bönnuð búseta. Þarna eru úrræði og þessi grein hefur verið notuð í dómsmálum.“

Getur þú nefnt dæmi?

„Já. Ákvæðið var notað í máli sem upp kom á Hverfisgötu fyrir nokkrum árum. Þar bjó kona sem hafði safnað rusli í tuttugu eða þrjátíu ár. Aðrir íbúar voru búnir að reyna allt til þess að fá hana til að hætta en þetta var einhver sjúkdómur hjá henni. Henni var gert að flytja út af þessu. Þetta er meðal alvarlegustu málanna en fyrst og fremst hefur ákvæðið ákveðið varnargildi.“

Sigurður segir mál á borð við þetta geta haft bagaleg áhrif á nágranna. Inn á friðsæla stigaganga þar sem fjölskyldufólk býr geti allt í einu flutt óreglufólk sem breyti sinni íbúð í dópgreni og þá er húsfriðurinn úti.

Hvernig á fólk að bera sig að?

„Fyrst verður að ræða málið og taka það fyrir á húsfundi. Svo verður að sanna þessi brot, til dæmis með lögregluskýrslum eða öðru. Síðan þarf að höfða mál og ef dómur fæst er eignin seld á nauðungaruppboði.“

Unnið að flutningi mannsins í þrjú ár

Málið hefur verið í gangi í mörg ár og íbúar húsfélagsins kvartað til Félagsbústaða vegna þess. Í upphafi árs 2015 var ákveðið að Félagsbústaðir myndu senda ræstitækni til að þrífa íbúðina reglulega. Við það var staðið til að byrja með en um sumarið var ástandið aftur orðið slæmt og aftur haft samband við Félagsbústaði vegna málsins.

Starfsmaður sagði þá að verið væri að vinna að flutningi mannsins úr íbúðinni og lagði áherslu á að íbúðin yrði þrifin á meðan hann væri þarna.

Ekkert hefur hins vegar orðið af flutningunum og langlundargeð íbúanna að þverra. Nú í september var Félagsbústöðum gert viðvart um að þetta gengi ekki lengur og að málsókn væri í undirbúningi. Sami starfsmaður svaraði á þann hátt að verið væri að vinna í lausn á málinu og það ætti að leysast á nokkrum vikum. Það er rúmum þremur árum eftir að flutningurinn átti að vera í vinnslu. ■

PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH

Hillulyftari

Þrönggangalyftari

Dráttartæki

Staflari

Tínslutæki

Dráttartæki

Dísellyftari

Rafmagnslyftari

Brettatjakkur

Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | **pon.is**

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

Munir Þjóðminjasafnsins til sölu á Facebook

Óreiðukennd skráning gjafa Meðhöndlaðar eins og einkagóss

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Margir hlutir sem Þjóðminjasafn Íslands hefur fengið að gjöf frá einstaklingum og fyrirtækjum hafa endað sem söluvarningur á Facebook-síðum. Um er að ræða varahluti í bíla, suma ónotaða en einnig hafa heilu bílarnir horfið úr safnkostinum. Þorlákur Pétursson, sonur fyrrverandi starfsmanns safnsins, fékk hlutina þegar verið var að flytja geymslu staðarins vegna þess að þeir voru óskráðir. Þjóðminjavörður segir að „gamaldags vinnubrögð“ hafi valdið þessu.

Þjóðminjasafnið, sem geymir helstu fornminjar Íslendinga og þar með stóran hluta af sögu landsins, stendur núna í gífurlegum flutningum á safnkosti sínum í nýtt húsnæði í Hafnarfirði sem er sérstaklega hannað til að varðveita slíka gripi. Þjóðminjasafnið telst stofnað 24. febrúar 1863. Þann dag færði Jón Árnason stiftsbókavörður stiftsyfirvöldum bréf frá Helga Sigurðssyni á Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi þar sem hann bauðst til að gefa Íslandi 15 gripi með þeirri ósk „að þeir verði fyrsti vísir til safns íslenskra fornmenja.“

Húsnæði í eigu ríkisins notað í yfir áratugi sem einkageymsla

Þjóðminjasafnið fær fjölda gjafa, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum, og er þeim komið fyrir í mörgum geymslum. Ein af þessum geymslum hýsir marga muni sem tengjast samgöngum, svo sem báta, flugvélar og fjölmargar bifreiðar. Fyrrverandi starfsmaður Þjóðminjasafnsins, Pétur Jónsson, tók við munum fyrir hönd Þjóðminjasafnsins og setti í þessa geymslu, eða það hélt fólk sem gaf hluti að minnsta kosti.

Svo virðist sem lítið sem ekkert af þessum munum hafi verið skráð formlega hjá Þjóðminjasafninu og teljast því þeir sem óskráðir munir og þar af leiðandi var ákveðið að þeir yrðu ekki geymdir. Umtalsvert magn af þessum óskráðu hlutum sem Pétur var með umsjón yfir enduðu í höndum sona hans, Þorláks og Gunnars. Sögðu þeir Þjóðminjasafninu að faðir þeirra hefði safnað þessum hlutum til margra ára. Að hann sjálfur hefði fengið þá að gjöf en ekki safnið.

Kostnaðurinn við losun á geymslunni hefur verið umtalsverður og einnig hefur tekið sinn tíma að losa hana. Upprunalega átti að skila geymslunni þann 1. júní síðastliðinn en það hefur dregist og bað Þjóðminjasafnið um frest til 1. október því það tók svo langan tíma að tæma húsið. Ríkið seldi eignina nú í sumar til Kópavogsbæjar og rukkar bærinn Þjóðminjasafnið ekkert fyrir veru þess í húsnæðinu.

Samningar ekki undirritaðir

Þjóðminjasafnið útbjó samning við syni Péturs og fengu þeir afhenta marga hluti úr geymslu safnsins. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðminjasafninu hafa hvorki Þorlákur Pétursson né Gunnar Pétursson skrifað undir samningana sem voru gerðir árið 2016 fyrir utan samning um eina bifreið. Það ár fengu þeir, samkvæmt heimildum DV, mjög mikið magn af bílavarahlutum, aukahlutum fyrir bifreiðar og jafnvel heilar bifreiðar. Margir þessarar hluta eru yfir 80 ára gamlir og má þar nefna Ford-bifreiðar frá árunum 1935 og 1936. Þjóðminjasafnið hefur engin gögn um nákvæmlega hvaða hluti þeir bræður tóku. Aðeins er talað um „óskráðan varahlutalager.“

Blaðamaður DV ræddi við Lilju Árnadóttur, sviðsstjóra munasafns hjá Þjóðminjasafninu, um munina sem enduðu hjá Þorláki. Hvort fólk sem gaf hluti í góðri trú um að þeir yrðu varðveittir, en sem síðar kom í ljós að yrðu aldrei notaðir af safninu, og vildi nálgast þá hluti aftur, gæti fengið þá til baka. Sagði Lilja að þeir einstaklingar gætu haft samband við sig og hún myndi ræða við Þorlák um að skila þeim. Blaðamaður minnti þá Lilju á að Þorlákur hefði ekki enn þá skrifað undir samninginn frá 2016 og hún sagði: „Ég get alveg gert samt, ég er búinn að þekkja hann Þorlák síðan hann var barn.“

„Ég tók bara það sem gamli kallinn átti“

Þorlákur Pétursson er með umtalsvert magn af varahlutum til sölu á erlendum Facebook-síðum. Til dæmis í Bandaríkjunum, Noregi og Danmörku. Þar býður hann upp á mikið magn af varahlutum í fornbifreiðar, varahlutum sem enn eru í kassanum og hafa aldrei verið notaðir. DV skoðaði eina af þessum sölusíðum vel og kom í ljós að á einni slíkri var hann með nálægt 400 hluti til sölu og er heildarverðmæti þeirra vel yfir tvær milljónir króna. Ekki er vitað hversu mikið af hlutum úr geymslu Þjóðminjasafnsins Þorlákur hefur nú þegar selt. En fólk sem gaf hluti til safnsins í góðri trú getur því miður ekki búist við því að fá þá hluti til baka þar sem mikið af þeim er nú þegar selt samkvæmt heimildarmönnum DV.

DV náði stuttu tali af Þorláki þar sem hann var erlendis. Hann segir: „Ég tók bara það sem gamli kallinn átti. Ég er svo mikið að rífa í sundur bíla.“ Spurður hvernig hann gæti fengið bílavarahluti í pakkningum þegar hann rífur niður bíla sagði hann: „Hann átti svo mikið af dóti í geymslunni, ég veit til þess að hann fékk varahlutalagera héðan og þaðan.“ Símtalið endaði með því að það slitnaði, en blaðamaður reyndi ítrekað að ná í Þorlák aftur en ekki var svarað.

Í samtali við DV sagði Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður að þarna hafi verið um gömul vinnubrögð að ræða og væri nú verið að vinna í því að leiðrétta þau. ■

Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.

FABBRI
PORTATUTTO

YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -

Toppbogar á margar gerðir bíla.

Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

STEINHOF
WESTFALIA

Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.

Grunar að Darin hafi verið byrluð ólyfjan áður en hann lést

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Ekki vitað hver aðdragandinn var að þessu hörmulega atviki. Fjölskylda Darins vill ekki útiloka að dauða hans hafi borið að með saknæmum hætti.

Sitja eftir með ótal spurningar

DV greindi upphaflega frá málinu en Darin fannst látinn eftir að hafa fallið fram af þaki á byggingu í miðborg Reykjavíkur þann 30. júní síðastliðinn. Hann var fluttur með hraði á Landspítalann en úrskurðaður látinn skömmu síðar.

Engin vitni voru að atvikinu. Þann 31. ágúst síðastliðinn birti lögreglan ljósmyndir af upptökum úr öryggismyndavélum í miðborginni og óskaði eftir að ná tali af fólkinu á myndunum í tengslum við rannsókn málsins. Fram kom að fólkið átti í samskiptum við Darin fyrr um kvöldið og gæti mögulega sagt til um um málsatvik áður en slysið átti sér stað.

DV ræddi við Tammy síðastliðinn föstudag þar sem hún sagði að aðstandendur Darins ættu ennþá eftir að fá svör við ótal spurningum varðandi atburðarás þessa kvölds.

Setur spurningarmerki við áreiðanleika eiturefnarannsóknar

Í samtali við DV segir Tammy að fjölskyldan sé engu nær um atburði kvöldsins eða hvað leiddi til þess að Darin endaði uppi á þaki American Craft Bar í Lækjargötu þann 30. júní síðastliðinn.

„Við höfum ekki fengið neinar nýjar upplýsingar frá rannsóknarlögreglunni. Það var reyndar bandaríska sendiráðið sem lét okkur vita með tölvupóstskeyti að það væri verið að lýsa eftir þessum einstaklingum sem sjást á myndunum.

Rannsóknin stöðvaðist þegar einn af lögreglumönnunum fór í mánaðarlangt frí. Við höfum mætt kurteisi og hlýju frá íslensku lögreglunni en það hefur ekkert komið fram sem getur útskýrt hvers vegna Darin fór þarna upp.

Okkur var sagt að eiturefnarannsókn hefði sýnt fram á áfengi í blóði hans og smávegis koffín, og að hann hefði látist vegna innvortis blæðinga.“

Hafið þið einhverjar hugmyndir um hvað gerðist þetta kvöld?

„Okkur grunar að honum hafi verið byrluð ólyfjan. Samkvæmt eiturefnarannsókn þá neytti hann aðeins áfengis en satt að segja þá set ég spurningarmerki við það hversu áreiðanlegar þessar niðurstöður eru þegar eiturefnarannsókn er framkvæmd níu dögum eftir andlátið.

Við erum hrædd um að einhver hafi verið að elta hann, eða að hann hafi sjálfur verið að elta einhvern sem stal frá honum, eða þá að hann hafi verið með ofskynjanir eftir að hafa verið byrluð ólyfjan.“

Segja útilokað að Darin hafi neytt eiturlyfja

Darin var að sögn Tammy alls ekki hvatvís.

„Hann var einstaklega skipulagður. Hann setti allt upp í Excel-skjal, Íslandsferðina þar á meðal. Áður en hann fór var hann búinn að skipuleggja hvern einasta dag í ferðinni, kortleggja allan kostnað og lista niður kosti og galla þess að dvelja á gistiheimili eða í tjaldi. Hann skipti mánaðarlaununum sínum niður á mismunandi reikninga, einn fyrir ferðalög, einn fyrir skattgreiðslur, einn fyrir sparnað og svo framvegis.

Þar sem þetta var hans persónuleiki þá vitum við fyrir víst að hann myndi aldrei fara að ferðast þvert yfir hnöttinn til þess að neyta eiturlyfja,“

segir Tammy og bætir við að þau hafi rætt ítarlega við nánustu vini Darins. Þeir segjast aldrei hafa séð hann snerta eiturlyf.

„Darin var heldur ekki þunglyndur eða neitt slíkt. Það eina sem komst að hjá honum var hvert hann ætti að ferðast næst. Ég veit það fyrir víst að hann var í fullkomnu andlegu jafnvægi og það sem var efst í huga hans var að skipuleggja næsta ferðalag. Hann var hraustur og liðugur og einhverra hluta vegna hefur hann klifrað upp á þakið á Icelandic Craft Bar. Eins og ég segi, það er eins og hann hafi verið að flýja í burtu frá einhverjum, eða þá verið með ofskynjanir.“

Að framanverðu virðist þakið vera mjög bratt. Ef einhvern annar hefur komist upp á þakið líka þá er líklegt að sá hinn sami hefði líka fallið. Kannski hefur einhver elt hann á bak við húsið?“ segir Tammy jafnframt. „Við erum viss um að mennirnir tveir sem sjást á myndinni vita eitthvað um málið. Það væri óskandi ef við gætum bara fundið þá.“

Tammy segir að það hafi einnig verið gríðarlega erfitt ferli sem tók við þegar flytja þurfti lík sonar hennar heim til Bandaríkjanna.

„Það tók 15 daga að fá hann hingað út til Bandaríkjanna vegna þess að það þurfti fyrst að framkvæma krufningu. Við erum ekki enn búin að sjá skýrsluna.

Hann bjó í rúmlega níu klukkustunda akstursfjarlægð frá okkur og var komin í sitt fyrsta starf eftir útskrift, en hann hafði áður verið í lærlingsstöðu hjá sama fyrirtæki. Samstarfsfélagar hans hafa margir hverjir haft samband við mig og deilt með mér fallegum orðum um Darin. Planið hjá honum var að flytja til New Orleans þegar hann kæmi heim frá Íslandi, en þar beið hans verkefni.

Viku áður en hann hélt til Íslands var honum úthlutað hættulegu verkefni í vinnunni þar sem hann þurfti að fara niður í stórt tæki. Hann hringdi bæði í pabba sinn og mig og sagðist elska okkur. Eftir á sendi hann okkur síðan skilaboð til að láta okkur vita að allt hefði gengið vel og að það væri í lagi með hann.

Við vorum stöðugt með áhyggjur af Darin á þessum ferðalögum hans af því að hann óttaðist aldrei neitt. Það er versta martröð allra foreldra að fá símtal í líkingu við það sem við fengum frá sendiráðinu.

Við sitjum hér eftir með tómarúm í hjartanu og ég efast um að það muni nokkurn tímann hverfa. Þetta er það skelfilegasta sem hægt er að ganga í gegnum.“ ■



Potta
og pönnudagar

8. - 23. SEPTEMBER

LÝKUR UM HELGINA

20-60% AFSLÁTTUR

LE CREUSET · WMF · Fissler · kela · Tefal Jamie Oliver · Silit

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

FYRSTU SKREF FRÆGRA ÍSLENDINGA Í FJÖLMIÐLUM

Páll Óskar bjó til flóknustu orðaþraut samtímans ■ Fjallið fékk verðlaun fyrir að finna sex villur

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Í byrjun 21. aldarinnar var enginn maður með mönnum nema viðkomandi héldi úti blogg-síðu. Fjölmiðlar reyndu að skyggnast inn í þennan heim og birtu iðulega brot af því besta. Í DV mánudaginn 20. júní 2005 birtist stuttur moli af bloggsíðu ungs Mosfellings, Steinþórs Hróars Steinþórssonar. Sagðist Steinþór, sem síðar varð þekktur sem Steindi Jr., hlakka mjög til sumarsins. Ætlaði hann að vera duglegur að grilla og drekka hvítan rússa og skipuleggja partí.

Steindi Jr. birtist fyrst á síðum dagblaðanna sem villtur djammari.

Gott sumar

„Það er búið að vera geðveikt gott veður undanfarið, svo það fer að styttast í grill og hvítan rússa. Ég er búinn að ákveða að grilla mikið í sumar og ég ætla að halda grillveislu á næstunni og bjóða upp á rótsterka rússa.. En það verður eitthvað þema t.d að strákarnir mæta með mústas og mullet og stelpurnar mæta í míní-pilsum og með fastar fléttur. Hljómar einsog þýskur klámari en hver fílar það ekki??? Sumarið legst allavegana vel í mig og maður er farinn að plana ýmislegt. Maður verður að fara til útlanda (það er bara skylda) og í allskonar road-trip."

Steinþór Hróar – blog.central.is/270

Í ágúst 1987 sendi átta ára gömul stúlka úr Reykjavík, Ásdís Rán Gunnarsdóttir, þessa fallegu mynd inn til ritstjórnar BarnaDV.

Ásdís Rán var og er listræn.

Ásdís Rán Gunnarsdóttir, Skógargerði 2, Reykjavík.

Hin sjö ára gamla þúfa frá Akranesi, Hafþór Júlíus Björnsson, fann sex villur í þraut sem birtist í BarnaDV árið 1996. Hlaut Hafþór Júlíus, sem síðar varð Fjallið ógurlega, vegleg verðlaun fyrir afrekið.

Hafþór Júlíus fékk verðlaun fyrir að finna sex villur.

VINNINGSHAFAR

Í spurningu vikunnar hjá Dagblaðinu þann 26. október var níu ára gömul blaðsölustúlka spurð að því hvort leyfa ætti hjólreiðar á gangstéttum. Húsavíkurmærin Linda Pétursdóttir var ekki á því en viðurkenndi þó að hún hjólaði stundum á gangstéttunum í heimabæ sínum.

Linda Pétursdóttir, selur Vísi: Nei, en samt hjóla ég stundum á gangstéttum heima á Húsavík.

Linda Pétursdóttir var ekki hlynnt hjólreiðum á gangstéttum.

Í september 1981 birti tímaritið Vikan tvær gátur eftir ellefu ára gamlan Reykvíking, Pál Óskar Hjálmtýsson að nafni. Annars vegar flóknustu orðaþraut samtímans og hins vegar skemmtilega myndagátu. Hlaut Páll Óskar tímabundna áskrift að Vikunni að launum.

Eflaust gat enginn leyst orðaþraut Páls Óskars.

Í Alþýðublaðinu forðum daga birtust myndir af nýfæddum nýburum. Færri komust að en vildu en eitt af þeim undurfögru börnum sem hlutu náð fyrir augum ritstjórnar í janúar 1991 var ónefnd stúlka þeirra Ernu Karenar Sigurbjörnsdóttur og Ragnars Norðfjörð. Það var engin önnur en samfélagsmiðlastjarnan og edikunnandinn Sólrún Diego.

3. Stúlka, fædd 19. janúar, 50 sm og 3180 g, foreldrar Erna Karen Sigurbjörnsdóttir og Ragnar Norðfjörð.

Sólrún Diego lét snemma ljós sitt skína.



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkla

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.

HÚSEINING

Twin Wall

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

Baráttan um fiskinn – Átök framtíðarinnar?

Kínverjar láta að sér kveða á úthöfunum

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Mannkynið hefur alltaf treyst á hafið sem uppsprettu fæðu en allan þann tíma sem sjómenn hafa róið til fiskjar hafa menn deilt um fiskinn. Það geta verið deilur um veiðisvæði, veiðarfæranotkun eða eitthvað annað tengt veiðunum. Eftir því sem okkur mönnunum fjölgar er meiri ásókn í fisk á matarborðið enda er fiskur hollur og góður matur. En samhliða þessari mannfjölgun þá aukast líkurnar á að til stríðsátaka komi vegna yfirráða yfir fiskimiðum. Við Íslendingar könnumst auðvitað nokkuð vel við slík átök enda eru þorskastríðin varla liðin þjóðinni úr minni en þar börðumst við gegn Bretum um yfirráð yfir þeirri miklu auðlind sem fiskimiðin okkar eru.

Í heildina aukast tekjur fólks um allan heim og það dregur úr fátækt, þótt auðvitað sé mikið verk óunnið til að binda enda á fátækt. Samhliða þessu eykst sókn fólks í fisk og þau hollu prótín sem í honum eru. Sameinuðu þjóðirnar áætla að að frá miðju síðasta ári þar til 2050 muni mannkyninu fjölga úr 7,6 milljörðum í 9,8 milljarða. Það verða því 29 prósent fleiri munnar sem þarf að metta um miðja öldina en í dag. Mesta fjölgunin verður í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku en í þessum heimshlutum hafa lífskjör milljóna manna batnað það mikið á undanförnum árum að þeir tilheyra nú millistéttinni í stað þess að teljast fátækir. Þetta á meðal annars sinn þátt í að þörfin fyrir prótín á heimsvísu eykst mikið á næstu áratugum, um allt að 78 prósent að sumra mati. Þetta þrýstir á stjórnvöld að tryggja aðgang að góðum mat til að millistéttin fái það sem hún þarf.

Anna ekki eftirspurn

Það er ljóst að ekki verður hægt að anna aukinni eftirspurn eftir fiski. Um allan heim er ofveiði stunduð á flökkufiski og má þar nefna túnfisk og flyðru. Skortur á fiski hefur nú þegar þvingað kínverska flotann fjær heimamiðum í leit að fiski og það sama á við um fiskiskipaflota annarra ríkja. Nú er unnið hörðum höndum að því að ná stjórn á fiskveiðum um allan heim en það dregur úr árangrinum að ólöglegar veiðar eru umfangsmiklar en þær eru taldar nema 20 til 50 prósentum af heildaraflanum ár hvert. Slíkar veiðar ógna efnahagslífinu, hafa slæm samfélagsleg áhrif og mjög neikvæð umhverfisáhrif á viðkvæm veiðisvæði og viðkvæma fiskistofna. Ef ekki er hægt að stýra veiðunum er hætt við að fiskistofnar hrynji en það hefur eðlilega slæmar afleiðingar á þau samfélög sem hafa lífsviðurværi sitt af fiskveiðum, bæði efnahagsleg og samfélags áhrif.

Kínverski flotinn stendur vörð

Ef fiskistofnar hrynja um miðja öldina eins og ætla má að gerist miðað við núverandi sókn í fisk mun myndast mikill þrýstingur á stjórnvöld víða um heim um að tryggja „sínu fólki“ nægan fisk. Þetta gæti orðið til að öflug ríki muni reyna að hrifsa auðlindirnar frá veikari og minni ríkjum.

Átök um hafsvæði

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá 1982, United Nations Convention on the Law of the Sea, er grunnurinn að öllum kröfum ríkja um yfirráð yfir fiskveiðilögsögu. Rúmlega 150 ríki hafa staðfest sáttmálann. En kröfur um slík yfirráð enda oft með deilum á milli ríkja enda ásælast fleiri en eitt ríki stundum sama hafsvæðið. Til dæmis deila Kanada og Bandaríkin um yfirráð yfir tveimur litlum eyjum undan strönd New Brunswick í Kanada með tilheyrandi hafsvæðum. En öllu alvarlegri deilur eiga sér stað á sunnan- og austanverðu Kínahafi þar sem Kínverjar fara mikinn og gera miklar kröfur um yfirráð. Til að styrkja stöðu sína hafa þeir búið til eyjar og halda úti öflugri flotastarfsemi. Kínverjar vonast til að mikil viðvera þeirra og varanlegar tilbúnar eyjar muni styrkja kröfur þeirra um yfirráð á svæðinu. Það er einmitt hægt að nota fiskiskip í þessum tilgangi án þess að það ögri öðrum ríkjum hernaðarlega, auk þess er ódýrara að halda þeim úti en herskipum. En Kínverjar hafa gengið hart fram gagnvart sjómönnum frá öðrum ríkjum sem hafa verið við veiðar á umdeildum svæðum. Þeir hafa meðhöndlað þá samkvæmt kínverskum lögum og hafa lokað ákveðnum veiðisvæðum í langan tíma og notað strandgæslu sína og her til að framfylgja slíkum bönnum. Þetta hefur leitt til átaka við erlenda sjómenn. Þetta myndi kannski ekki vekja mikla athygli eða áhyggjur ef þetta væri viðurkennt yfirráðasvæði Kínverja en svo er ekki. Kínverjar fara fram eins og um þeirra eigin efnahagslögsögu sé að ræða en ekki alþjóðlegt hafsvæði og jafnvel efnahagslögsögu annarra ríkja.

Kínverjar og Japanir deila um yfirráð yfir eyjum í Austur-Kínahafi sem heita Senkaku á japönsku en Diaoyu á kínversku. Kínverjar hafa eflt flotastarfsemi sína við eyjarnar og því hafa Japanir svarað með því að gera hið sama. Ef svo fer að strandgæsluskip frá öðru ríkjanna skjóti á strandgæsluskip frá hinu ríkinu til varnar fiskiskipi er hætt við að slíkri skothríð verði svarað og þá getur ástandið farið úr böndunum á örskotsstund.

Kínverjar neyta um þriðjungs alls sjávarafla heims og þarlendir embættismenn hafa gert það deginum ljósara að þeir telji forgangsatriði að tryggja þjóðinni nægan fisk til að viðhalda pólitísku jafnvægi. Kínverjar taka þátt í starfi alþjóðlegra stofnana sem vinna að vernd fiskistofna og stjórn á fiskveiðum. Greenpeace áætlar að samt sem áður eigi Kínverjar stærsta úthafsskipaflota heims sem telji rúmlega 2.500 skip. Þessi skip eru sögð stunda stórfelldar iðnaðarveiðar á fjarlægum miðum, til dæmis við Senegal og Argentínu en Kínverjar geta ekki einu sinni borið því við að þeir eigi rétt á yfirráðum yfir hafsvæðum þar. ■

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús · sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AUÐUNS

SJÓVÁ
TM
VÍS
VÖRÐUR

Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is

554 2510

DV
Suðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT 512 7070 ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. **Stjórnarformaður:** Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson **Aðalritstjóri og ábyrgðarmaður:** Kristjón Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson **Prentun:** Landsprent **Dreifing:** Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

RÚV eyðir milljónum í hrein skrifborð

Nú er Ríkisútvarpið að eyða milljónum í að skipta um innréttingar. Öllum skrifborðshúsgögnum er hent og keypt ný í staðinn. Lítil skrifborð og allir skápar bannaðir. Ákvörðunin kostnaðarsama byggir á nýrri stjórnunartísku sem heitir „Clean Desk Policy“. Hvergi má sjást bók eða blað. Ekki er gott að segja hvort um byltingarkennda stefnu sé að ræða sem muni bæta líðan starfsmanna Ríkisútvarpsins eða hvort um sé að ræða eitthvað stjórnugalið rugl millistjórnenda sem sólundi skattfé.

Áfengisfrumvarpið syndarmennska

Sjö þingmenn hafa nú lagt fram frumvarp um að sala á áfengi verði leyfð í sérverslunum einkaaðila. **Þorsteinn Víglundsson**, fyrrverandi félagsmálaráðherra, stendur fyrir frumvarpinu ásamt sex öðrum þingmönnum Viðreisnar, Pírata og Sjálfstæðisflokks.

Þetta er nú í fimmta sinn sem frumvarpið er lagt fram og hljóta kjósendur að fara taka slíkum áætlunum með fyrirvara. Að minnsta kosti hvað Viðreisn og Sjálfstæðisflokk varðar.

Þessir tveir flokkar mynduðu hryggjarstykkið í hinni skammlífu stjórn sem sat árið 2017 en með þeim dansaði Björt framtíð sem einnig vildi vín í búðir. Ef full alvara væri á bak við þetta þá hefði þetta raungerst fyrir ári.

Staðreyndin er sú að mikill meirihluti þjóðarinnar er á móti því að áfengi verði selt í búðum og því ekki til vinsælda að láta reyna á þetta fyrir alvöru. Ætla mætti að frumvarpið sé aðeins sett fram til að flagga meintu frjálslyndi í tilraun til að laða að yngri kjósendur.

Þið þurfið ekki að taka við þessu öllu

Leiðari

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Um áramótin renna út kjarasamningar sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands skrifuðu undir í janúar árið 2016. Aðeins þeir sem hafa búið í helli undanfarna mánuði hafa ekki tekið eftir þeirri ólgu sem undir kraumar og er að brjótast upp á yfirborðið í launþegahreyfingunum. Hver hallarbyltingin hefur rekið aðra og nýju leiðtogarnir eru með blóðið á tönnunum eins og Svíarnir segja.

Gylfi Arnbjörnsson, fráfarandi formaður Alþýðusambands Íslands, hefur verið harðlega gagnrýndur fyrir linkind í kjarabaráttunni og treysti hann sér ekki til að sækjast eftir endurkjöri. Enda hefði hann að öllum líkindum ekki riðið feitum hesti frá þeirri rimmu.

Auk þessa sáum við Sósíalistaflokkinn, flokk sem kemur til dyranna eins og hann er klæddur, vinna stórsigur í borgarstjórnarkosningunum í vor. Á meðan töpuðu hinir hefðbundnu vinstriflokkar, Samfylkingin og Vinstri græn, fylgi og minnstu munaði að hinn síðarnefndi dytti út úr borgarstjórn.

Ráðandi öfl benda á aukinn hagvöxt, kaupmátt og lágt atvinnuleysi. Það sé engin ástæða til að raska ástandinu. Vissulega er ekki hægt að rífast við staðreyndir á blaði en staðreyndin er sú að meðaltöl og miðgildi endurspegla ekki raunveruleika allra. Fjöldi Íslendinga lepur dauðann úr skel þrátt fyrir góðærið. Það er líka staðreynd.

Almenningi svíður þegar fréttir berast af svívirðilegum kauphækkunum forstjóra fyrirtækja, kaupaukum og bónusum. En þetta eru einkafyrirtæki.

Það sem svíður enn þá meira er þegar kjörnir fulltrúar okkar, sem eiga að hafa okkar hagsmuni að leiðarljósi, moka úr vösum ríkissjóðs í eigin pyngjur. DV gerir úttekt á launum þingmanna á þessu ári og tölurnar segja sína sögu.

Kjararáð hefur hækkað grunnlaun þingmanna og annarra embættismanna mikið á undanförnum árum og hefur það ekki farið fram hjá neinum. Þingmenn veigruðu sér við ábyrgð á því batteríi þar til það var aflagt í sumar, þrátt fyrir að ráðið væri mestum hluta kosið af Alþingi.

> **Það sem svíður enn þá meira er þegar kjörnir fulltrúar okkar, sem eiga að hafa okkar hagsmuni að leiðarljósi, moka úr vösum ríkissjóðs í eigin pyngjur.**

Þingfararkaupið, eða grunnlaunin, segja hins vegar ekki alla söguna því ofan á það leggjast sporslur af ýmsum toga. Formannsálag, þingflokksformannaálag, álag fyrir formenn nefnda, álag fyrir varaformenn nefnda og álag fyrir annan varaformann nefnda. Húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður, bílakostnaður, flugkostnaður, símakostnaður, netkostnaður.

Þingmenn slá ryki í augu fólks þegar þeir láta eins og þetta allt sé meitlað í stein og engu sé hægt að breyta. Það er hægt að afþakka 550 þúsund króna mánaðargreiðslu fyrir formennsku í stjórnarandstöðuflokki. Það er hægt að sleppa því að fara í fyllerísferðir til Siglufjarðar á kostnað þingsins. Það er hægt að afsala sér ráðherralaunum og þiggja aðeins þingfararkaupið eins og dæmi Ögmundar Jónassonar sýnir. Og ef skrifstofustjóri Alþingis neyðir þingmenn til að taka við húsnæðisgreiðslu þá er hægt að láta hana renna beint til góðgerðarmála.

Ef þingmenn eru að vinna störf sín af hugsjón og vilja ekki að ástandið á atvinnumarkaðinum springi í loft upp þá verða þeir að taka til í þessum málum. Eins og Michael Jackson söng: „Ég ætla að byrja á manninum í speglinum.“ ■

Spurning vikunnar

Myndir þú fara í tannviðgerð erlendis?

„Já, tengdó fór og lætur vel af þessu. Verðmunurinn er svakalegur.“

Símon Sigurðsson

„Já. Mamma og bróðir minn eru búin að fara og það margborgar sig.“

Karen Ösp Einarsdóttir

„Alveg skírt nei. Ég veit hverju ég geng að hér.“

Hulda Jeppesen

„Já, ég hef farið til Taílands og sparaði mér nokkur hundruð þúsund kall.“

Þórir Flosason

Stimplar eru okkar fag
það eru skiltin líka

Mikið úrval af hurða- og póstkassaskiltum, barmmerkjum, hlutamerkjum, nafnatölflur í fjölbýlishús og fleira

Áratuga reynsla
Örugg þjónusta

Stimpla GERÐIN EHF

Stimplagerðin ehf • Síðumúla 21, Selmúlamegin • sími 533-6040 • **www.stimplar.is**

VANTAR EIGNIR Á SKRÁ
Verið velkomin á skrifstofur okkar

Bæjarlind 2 • Kópavogi
Breiðumörk 13 • Hveragerði

Farsæl þjónusta í 30 ár

Thelma, Kristinn, Skúli, Þórarinn og Kristín
fagvis@fagvis.is

FAGVÍS
FASTEIGNAMIÐLUN

Breiðumörk 13 • Hveragerði og Bæjarlind 2 • Kópavogi
Síminn okkar er: **483 5900**

MYND:/HANNA

Kunni ekki við föður sinn við fyrstu kynni

■ Ólst upp við alkóhólisma ■ Settu upp sýningar fyrir barnavernd ■ Missti allt í hruninu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Valgeir Skagfjörð ólst upp föðurlaus og átti sér þá ósk heitasta að eignast pabba. Móðir hans átti við áfengis- og geðræn vandamál að stríða og gengu Valgeir og yngri systkini hans sjálfala. Hann hitti föður sinn fyrst 17 ára gamall en varð fyrir svo miklum vonbrigðum að hann sleit öll tengsl við hann og vildi ekkert meira af honum vita. Um 22 árum síðar lágu leiðir feðganna saman á ný og það fyrir einskæra tilviljun.

Skilnaðurinn var skelfileg lífsreynsla

Valgeir er svokallaður „allt muligt" maður. Hann hefur komið víða við á lífsleiðinni. Tónlistarmaður, leikari, leikstjóri, námskeiðshaldari, kennari, markþjálfi og varaþingmaður eru á meðal þeirra titla sem hann hefur borið. Hann líkir lífinu við kafla. „Og ef þú lærir ekki eitthvað af hverjum kafla þá staðnar þú einfaldlega. Þá er engin framför."

Hann útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1987 og var á fullu í „bransanum" næstu árin. Seinustu árin hefur hann að mestu einbeitt sér að leikstjórn og kennslu. Stundum kemur þó fyrir að hann sakni leiksviðsins.

„Ég sakna stundum þessa tíma, ég held að það sé alveg eðlilegt fyrir þá sem hafa verið í þessum leiklistarbransa. Þetta var náttúrlega lífsstíll á sínum tíma. En svo eignaðist ég börn og fjölskyldu. Ég var eitthvað að leikstýra um tíma en svo hætti maður eiginlega að nenna þessu eilífa harki."

Hann kvæntist Guðrúnu Gunnarsdóttur árið 2005, eftir 18 ára samband. Þau eignuðust þrjár dætur, þær Ólöfu Jöru, Önnu Hjördísi og Elísabetu en fyrir átti Valgeir dótturina Evu. Barnabörnin eru orðin fjögur talsins. Hjónabandi Valgeirs og Guðrúnar lauk 2010 og skilnaðurinn tók sinn toll á Valgeiri, andlega og líkamlega. Hann tjáði sig um þetta erfiða tímabil í lífi sínu í viðtali við DV á sínum tíma.

„Ég óska engum þess að standa í þessu því svona skilnaður er alveg skelfileg lífsreynsla. Ég hef aldrei upplifað annað eins niðurbrot á ævi minni. Bæði var þettalangur tími sem við Guðrún áttum saman, 23 ár, og við vorum búin að ganga í gegnum margt saman, bæði gleðistundir og erfiðleika eins og í öllum hjónaböndum.

Hjónaband er bara fyrirbæri sem þú átt á hættu að glata ef þú ert ekki með hugann við það alla daga. Það þarf í sjálfu sér ekki mikið til. En það þarf rosalega mikla vinnu til þess að halda svona hlutum gangandi.

Maður upplifir þetta fyrst sem endi heimsins, en svo uppgötvar maður að þetta er upphafið að einhverju nýju."

Stöðugur ótti og hræðsla

Á uppvaxtarárunum bjó Valgeir í lítilli íbúð í Álfheimunum ásamt móður sinni og tveimur yngri systkinum. Hann ól sig upp sjálfur. Faðir hans var enskur tónlistarmaður sem kynntist móður hans á Hótel Borg á sínum tíma. Hjónaband þeirra entist stutt og faðir hans hélt til Englands á ný.

„Mamma gat ekki unnið og var stöðugt að byrja með nýjum og nýjum körlum sem gátu skaffað peninga. Ég hef ekki tölu á öllum stjúppöbbunum sem komu inn á heimilið."

Móðir Valgeirs var alkóhólisti. Persónuleikaröskun gerði það að verkum að hún átti í erfiðleikum með greina á milli sannleika og lygi; hún skildi ekki muninn á milli veruleika og fantasíu. Oft kom það fyrir að hún hvarf og skilaði sér ekki heim svo dögum skipti.

„Yngri systkini mín áttu feður sem þau heimsóttu en ég hafði engan annan en mömmu. Stundum kom það fyrir að ég þurfti að hugsa um hana. Ég vissi ekki alltaf hvernig ástandið ætti eftir að vera á henni, hvenær eða hvort hún kæmi heim. Það voru engir gemsar á þessum tíma og síminn heima var yfirleitt lokaður."

Hann minnist þess að heyra bíllhjóð fyrir utan, bílhurðina skellast og mömmu sína nálgast. „Þá hugsaði ég: „Í hvernig ástandi er hún? Er hún ofbeldisfull, blíð, geðvond? Hvaða mamma er að fara að koma inn um dyrnar?"

Hún var oft illa á sig komin. Ég þurfti að sækja fötu handa henni því hún þurfti að kasta upp, ég þurfti að gefa henni að borða og hlúa að henni. Sjóða jafnvel síðasta eggið ofan í hana.

MYND:/HANNA

Börn sem alast upp við þessar aðstæður, það er sambærilegt við það að lifa af styrjöld. Þú ert á tánum allan daginn, alla daga ertu stilltur á kvíða og ótta. Þú ert alltaf á varðbergi, hættan getur leynst alls staðar og þú þarft alltaf að vera viðbúinn. Þetta snýst um að lifa af.

Síðan þurfti ég auðvitað líka að mæta í skólann og spilatíma og standa skil á hinu og þessu. Á sama tíma þurfti ég alltaf að vera að passa að enginn fengi að vita um ástandið heima. Það voru margir boltar sem þurfti að halda á lofti og það var heilmikill pakki fyrir 11 ára strák."

Barnaverndarnefnd fylgdist stöðugt með heimilinu en aldrei var þó gripið inn í málin.

„Það var sett upp leikrit. Fulltrúinn frá barnaverndarnefnd kom alltaf í eftirlitsheimsókn á miðvikudögum. Áður en hún mætti vorum við systkinin öll sett í verkefni, það þurfti að þrífa allt og ryksuga hátt og lágt og mamma dró fram strauborðið og strauboltann. Svo hringdi dyrabjallan, við fórum til dyra og tókum á móti fulltrúanum og inni í íbúðinni var allt spikk og span. Þetta var rosalega flott leikrit sem við settum upp, allir tóku fullan þátt í því. Systir mín sat og var að læra, bróðir minn var að leika sér, ég var stundum settur á píanóið og svo var mamma að strauja á fullu eins og fyrirmyndarhúsmóðir. Þetta var hið fullkomna heimili. Það var aldrei hægt að setja út á neitt.

Hún átti aldrei möguleika. Hún drakk og tók töflur þar til hún dó um sextugt. Það fylgir þessu mikil skömm og sektarkennd. Þér finnst þú bera ábyrgðina. Mér tókst ekki að láta mömmu hætta. Þegar ég var beittur ofbeldi þá hugsaði ég með mér að ég ætti þetta skilið. Þú venst því að vera stöðugt í ótta og kvíða, það verður eðlilegt ástand. Einn daginn fékk ég síðan bara nóg og fór að heiman, 16 ára gamall."

Valgeir sér engan tilgang í því að vera reiður eða bitur vegna þeirra aðstæðna sem hann bjó við sem lítill drengur.

„Ég er auðvitað búinn að „feisa" þetta allt saman. Ég er búinn að fyrirgefa og þetta er ekki lengur að stýra mínu lífi eins og hjá svo mörgum meðvirkum alkabörnum."

Stal fötum úr búningageymslu Leiklistarskólans

Leiklistarferill Valgeirs hófst með áhugamannaleikfélagi á Akranesi snemma á níunda áratugnum.

„Ég ætlaði alltaf að verða tónlistarmaður. Ég var að vinna sem tónlistarkennari á Akranesi þegar ég var fenginn til að sjá um tónlistarflutning í Línu langsokk sem leikfélagið var að setja upp. Ég bjó til karakter í leiðinni, fór í kjólföt og sminkaði mig. Í lok sýningarinnar var ég dreginn upp á svið þar sem ég stóð upp og hneigði mig. Ég bjó til einhvern performans í kringum það og stjórnendum þótti svo mikið til þess koma að ég var fenginn til að leika hlutverk í næstu sýningu, farsa. Mér fannst þetta ótrúlega skemmtilegt."

Valgeir var í kjölfarið hvattur til að leggja leiklistina fyrir sig. Hann endaði í Leiklistarskóla Íslands og hafði í raun ekki hugmynd um hvað hann væri búinn að koma sér út í. „Þetta var svolítið skrítið. Ég var elstur í bekknum en þetta voru rosalega skemmtileg ár. Ég bjó til þennan karakter, „leiklistarnemann." Bjó í herbergi hjá ömmu og fann þar frakka af afa mínum og gamlan hermannabakpoka sem ég setti dótið mitt í. Seldi bílinn og fékk mér hjól og svo gekk maður um í einhverjum gömlum fötum sem maður fann í búningasafni Leiklistarskólans," segir hann hlæjandi.

Andleg vakning

Valgeir er alkóhólisti og tók á sínum tíma virkan þátt í „sukkinu" sem oft virðist loða við leikhúsbransann. Eftir æfingatörn, og sýningar sem sugu burt líkamlega og andlega orku, var vinsælt að kíkja á barinn.

„Ég hætti að drekka árið ▶

Foreldrar Valgeirs í London á sjöunda áratug seinustu aldar.

Faðir Valgeirs var fjölhæfur tónlistarmaður með glæstan feril.

1995. Ég varð einfaldlega fyrir hugljómun. Það bara gerðist einn daginn. Það var auðvitað oft farið á pöbba eftir æfingar og sýningar.

Við viss tækifæri vitraðist mér að ég væri hreinlega stjórnaus alkóhólisti og það var fínt að „feisa“ það loksins. Ég vaknaði upp í einhverju parí úti í bæ og vissi ekkert hvað hafði gerst. Mér fannst ég fara út úr líkamanum og horfa á mig eins og áhorfandi á bíómynd. „Þarna er þessi gæi, hvað er hann að pæla og hvað ætlar hann að gera núna?“ Þarna urðu hugsanaskipti og algjör umsnúningur.

Á þessum tíma var ég vinna í leikhúsinu og fékk mig ekki lausan úr sýningunni. Á þessum tíma var ekki komin nein göngudeild og þetta endaði þannig að ég fékk því að taka „brennivínsskólann“ utan skóla. Mætti í grúppu í Síðumúla og fór á fundi. Fór svo af fullum krafti inn í samtökin.“

Hann tekur undir kenningar kanadíska læknisins Gabor Maté, eins fremsta fræðimanns heims á sviði ávanabindingar. Að sögn Maté er áfengisfíkn bein afleiðing áfalla.

„Sem fullorðið barn alkóhólista þá er mitt „tráma“ vanræksla og ofbeldi. Ég var alltaf ákveðinn í því að ég ætlaði aldrei að drekka af því að ég sá hvernig áfengi fór með mömmu mína og aðra í kringum mig. En þetta „tráma“ var þannig að eina leiðin til að deyfa það var að drekka sjálfur. Og á þeim tímapunkti missti ég stjórnina.

Sjúkdómshugtakið, eins og AA samtökin skilgreina það, er mjög einfalt og auðskiljanlegt. Það gerir þér kleift að fókusera á eitthvað til að ná bata –„Ég er með sjúkdóm og hann virkar svona og þegar ég er ekki í neyslu þá er hann óvirkur.“ – Mér finnst konseptið virka af því að það getur útskýrt svo margt hvað varðar líðan og hegðun alkóhólista. Ef ég er með sjúkdóm þá er til lausn.

Þeir sem nota hins vegar sjúkdómshugtakið til að afsaka misgjörðir eða vonda framkomu, þeir eru augljóslega ekki í bata. Þeir reyna að búa til réttlætingu í stað þess að taka á sínum brestum.“

„Minn kæri sonur“

Sem lítill drengur átti Valgeir sér þá ósk heitasta að eiga föður. Allir strákarnir í hverfinu áttu pabba nema hann. Pabbi Valgeirs bjó í hins vegar í Englandi og þekkti Valgeir hann aðeins í gegnum ljósmyndir og frásagnir héðan og þaðan.

„Ég fann einhvern tímann bréf frá lögfræðingi pabba en þá hafði mamma staðið í málaferlum við hann á sínum tíma og fór fram á meðlagsgreiðslur.“

Dag einn þegar Valgeir var 17 ára tók hann sig til, skrifaði bréf til lögfræðingsins og bað hann um að koma honum í samband við föður sinn. Í kjölfarið skrifaði hann föður sínum bréf.

„Ég var búinn að vera með þennan pabbakomplex í mörg ár, var búinn að heyra aðra tala um hann og var búin að sjá myndir af honum. Ég heyrði sögur um það hvað hann væri mikill snillingur og stórkostlegur djassmúsíkant, klár á píanó og trompet og út frá því málaði ég hálfgerða helgimynd af honum í hausnum á mér.

Svo gerðist það að hann skrifaði mér til baka og tók þessu afskaplega vel. Hann bjó þá með írskri konu í London og var búinn að eignast með henni tvær dætur. Nokkrum mánuðum síðar, um jólin, skrifaði hann mér annað bréf en af skrifunum af dæma var hann aðeins búinn að fá sér í glas og það var byrjað að losna um tilfinningarnar. Þetta var mjög einlægt og fallegt bréf sem hófst á orðunum „My dear son“ (Minn kæri sonur.) Í bréfinu bauð hann mér síðan koma út og dvelja hjá þeim um tíma.

Það varð úr að ég fjárfesti í opnum flugmiða og dreif mig út. Þar sem pabbi var að vinna þegar ég lenti í London þá komu konan hans og stelpurnar þeirra tvær, systur mínar, að sækja mig á Heathrow. Þær lentu þá í vandræðum vegna þess að enginn vissi hvernig ég leit út, það hafði enginn hugsað út í það að senda ljósmynd. Þær þurftu þess vegna að reyna að giska á það hver í farþegahópnum væri 17 ára strákur frá Íslandi. En þegar ég sá þær vissi ég strax hverjar þær voru.“

Stundin þegar Valgeir hitti föður sinn í fyrsta skipti var ekki eins og hann hafði gert sér í hugarlund. „Ég var búinn að ímynda mér þetta dramatíska kvikmyndamóment þar sem við féllumst í faðma í mikilli geðhræringu. Hann beið eftir okkur heima og það fyrsta sem ég tók eftir var að hann var miklu minni en ég. Þetta var voðalega formlegt allt saman. Við tókumst í hendur og heilsuðumst eins og tveir miðaldra menn á fundi. Ég reyndi að halda kúlinu eins og ég gat og reykti hverja sígarettuna á fætur annarri. Við fórum svo smátt og smátt að opna okkur fyrir hvor öðrum, ég sagði honum frá lífinu á Íslandi og hann sagði mér sögur frá fyrri tíð.“

Feðgarnir áttu sameiginlegt áhugamál, tónlistina, og Valgeiri var boðið að koma á æfingar með hljómsveit föður síns. „Þegar hann komst að því að ég spilaði á ▶

Vöruflutningar, búslóða-flutningar og aðstöðubílar fyrir kvikmyndabransann

Ég er valkostur við stóru skipafélögin, Eimskip og Samskip, um búslóða-flutninga milli Íslands og Skandinavíu og vöruflutninga og búslóðaflutninga innanlands. Stundum er ég ódýrari, stundum ekki, það fer allt eftir eðli verkefnanna hverju sinni. Hér er engin yfirbygging og þjónustan er hurð í hurð, það eru engin vöruhús, lyftarar eða starfsfólk á milli, sem sagt engir milliliðir, heldur flyt ég vöruna eða búslóðina upp að dyrum í flestum tilfellum."

Þetta segir Jón Tómas Ásmundsson sem rekur flutningaþjónustu undir heitinu Vöruflutningar.is. Hann hefur starfað við vöruflutninga frá árinu 1993 og kveður þar mest að reglulegum vöruflutningum og búslóðaflutningum milli Reykjavíkur og Akureyrar einu sinni til tvisvar í viku.

Búslóðaflutningar milli Íslands og hinna Norðurlandanna

En síðustu ár hafa búslóðaflutningar milli Íslands og hinna Norðurlandanna verið mjög fyrirferðarmiklir. Jón segist raunar líka hafa flutt búslóðir til Spánar og er hann opinn fyrir flutningum hvert sem er, en langmest kveður að Skandinavíu-flutningunum. Flutningabílunum er þá ekið til Seyðisfjarðar þar sem þeir fara um borð í Norrænu. Túrinn tekur allt í allt tvær vikur og þessar ferðir eru á u.þ.b. sjö vikna fresti.

Jón Tómas segir marga veigra sér við að nýta sér þjónustu hans þar sem þeir finni meira öryggi í því að skipta við þekkt fyrirtæki eins og Eimskip og Samskip. Reynslan og orðsporið vinni hins vegar alltaf með honum og þeir sem hafi einu sinni átt viðskipti við hann mæli nær alltaf með honum við aðra. Einfaldur rekstur og engin yfirbygging gera honum kleift að bjóða oft mun betra verð en stóru flutningafélögin.

„Ég er með þrjá flutningabíla í eigin eigu en ég kalla alltaf til mína samstarfsaðila fyrir stærri verkefni. Ég er í samstarfi við nokkra félaga sem sinna vöruflutningum eins og ég en ég er sá eini sem er í búslóðaflutningum milli Íslands og hinna Norðurlandanna. En ég get einfaldlega tekið það með mér sem hentar hverju sinni og ef ég er búinn að fylla mína bíla hef ég einfaldlega samband við félagana."

Aðstöðubílar fyrir kvikmyndabransann

Jón Tómas og fyrirtæki hans er nú tengt upptökum á framhaldi hinnar geysivinsælu þáttaraðar Ófærðar. „Ég hef verið tengdur kvikmyndabransanum í um 18 ár en lengst af snerist það eingöngu um flutning á bílum fyrir auglýsingamyndatökur. Núna er ég farinn að færa mig út í aðstöðubíla. Ég get skaffað hillubíla, hvort sem það er venjulegur sendibíll eða þriggja öxla aldrifsbíll; ég get skaffað búningadeild eða bíl sem er bara með speglum og borðum fyrir förðun og þess háttar; ég get skaffað skrifstofubíl, klósett, búningaaðstöðu, kaffistofu," segir Jón Tómas sem hefur yfir alls átta bílum að ráða en bíll frá honum hýsir núna búningadeild kvikmyndatökuliðs Ófærðar:

„Þetta er búningadeild á hjólum. Búningahönnuðurinn getur þá verið með alla búninga í bílnum ásamt vinnu- og viðgerðaraðstöðu. Fólk getur skipt þarna um föt, mátað og svo framvegis – allt í bílnum."

Nánari upplýsingar um þjónustuna veitir Jón Tómas í síma 896-2063 en einnig er áhugavert að skoða heimasíðuna voruflutningar.is og Facebook-hópinn Jón Tómas Flutningar- Ísland Noregur- Noregur Ísland, til að fá upplýsingar um þjónustuna.



píanó þá spurði hann hvort ég gæti ekki hugsað mér að spila á trommur með hljómsveitinni og ég lét til leiðast. Ég var 17 ára, að verða 18, og þurfti þarna að halda í við þessa reynslubolta eins og ég gat. Þá kom það oft fyrir að pabbi rauk upp og húðskammaði mig þegar ég klúðraði einhverju. Hann gat verið rosalega skapstór.“

Valgeiri brá svo mikið við að sjá þessa nýju hlið á föður sínum að hann ákvað að fljúga aftur heim til Íslands hið snarasta.

„Ég hringdi heim og bað mömmu um að senda símskeyti til mín og ljúga að afi minn væri að deyja og ég yrði koma heim strax. Það gerði hún og ég notaði það sem afsökun til að fara aftur heim. Ég kvaddi með þeim orðum að ég myndi snúa til baka fljótlega en ég var samt búinn að ákveða að ég ætlaði aldrei að koma aftur til baka. Ég vildi ekkert vita af þessu fólki.“

Valgeir sleit þar með öll tengsl við föðurfjölskyldu sína.

„Mér skilst að pabbi hafi alltaf viljað taka þráðinn upp aftur en hans fyrrverandi hafi alltaf sagt honum að „let it go“, gleyma þessu bara. Hún dró úr honum með að hafa samband aftur.“

Næstu tvo áratugi vissi Valgeir ekkert um föður sinn, hvað hann væri að gera eða hvort hann væri yfirhöfuð á lífi.

„Hugurinn leitaði þó til hans nokkrum sinnum. Einhvern tímann um miðjan níunda áratuginn fór ég í leikhúsferð til London. Ég var þarna eitthvað að vafra um borgina og fór þá að velta fyrir hvar pabbi væri og hvernig hann hefði það. En svo varð ekkert meira úr því. Einstaka sinnum hvarflaði þetta svo að mér. Ég vissi svo lítið um þessa ætt mína, þessi 50 prósent af genunum í mér.“

Örlagaríkt símtal

Um 22 árum eftir að Valgeir flaug fyrst til London lágu leiðir feðganna saman á ný. Sagan á bak við þá endurfundi sýnir að það er lítið um tilviljanir í þessu lífi.

„Það var sem sagt þannig að kunningjakona mín, Álfheiður Ingadóttir, og systir hennar voru staddar í London og settust inn á veitingastað. Þar var maður að spila á píanó. Allt í einu byrjaði hann að spila íslenskt lag, Litla flugan, sem þær þekktu auðvitað samstundis. Hann kom svo til þeirra í pásunni því hann heyrði þær tala íslensku. Þegar þær spurðu hann út í hvernig hann þekkti lagið þá sagði hann þeim að hann hefði einu sinni verið á Íslandi, og að hann ætti meira að segja son þar. Þegar hann sagði þeim nafn mitt sögðust þær þekkja mig. Hann bað þær þá um að skila kveðju til mín.

Þær höfðu að vísu ekki samband við mig heldur sögðu einhverjum öðrum frá þessu, sem sagði einhverjum öðrum og eftir einhvern tíma barst þessi saga til vinkonu minnar sem síðan hringdi í mig og lét mig vita.

Ég hafði samband við Jakob Frímann Magnússon, sem var þá var menningarfulltrúi í sendiráði Íslands í London, fékk nafnið á þessum veitingastað og bað Jakob um að fara og athuga hvort pabbi væri þar.“

Þegar Jakob Frímann fór á veitingastaðinn var faðir Valgeirs hvergi að finna. Í ljós kom að hann lá á sjúkrahúsi.

„Þannig að Jakob hringdi í mig aftur og sagðist ætla að fara á spítalann og sjá hvort pabbi væri þar og hvort það væru líkindi með okkur feðgum. Ég fékk síðan þriðja símtalið frá honum sem var eitthvað í þessa átt: „Já sæll, þetta er Jakob Frímann hérna, ég fann nú ekki hann pabba þinn en hann er víst með ristilkrabbamein.“

Þarna fór ég að pæla í þessu. Þarna var ég búinn að fá þessar upplýsingar. Ég hugsaði með mér að ég yrði að fara til hans, ég yrði að hitta hann. Ég sagði við mína fyrrverandi að ég ætlaði að fljúga út til hans um páskana, þá ætti ég frí. En þá sagði hún: „Nei, Valgeir, farðu bara núna. Þú verður að fara núna““

Valgeiri tókst að redda sér ódýrum farmiða til London og hélt á fund föður síns.

„Ég kom þarna inn í andyri sjúkrahússins og vissi ekkert á hvaða deild pabbi væri. Þá heyrði ég allt í einu mann fyrir framan mig spyrja starfsmann: „Where's mister Martin?“ Hann var þá líka að leita að pabba. Og ég tengdi strax. Ég gekk í humátt á eftir honum alla leið inn á sjúkrastofuna þar sem pabbi lá. Allt í einu blasti hann þar við mér og við horfðumst í augu. Honum var augljóslega mjög brugðið og spurði hvað ég væri að gera hér. „Ég er kominn til að hitta þig,“ sagði ég. Og þarna brotnuðum við báðir niður, féllumst í faðma og grétum. Maðurinn sem ég hafði elt inn á stofuna var fljótur að láta sig hverfa og skildi okkur eina eftir, en ég komst seinna að því að hann var umboðsmaður pabba.

Við áttum þarna þrjá daga saman og töluðum um heima og geima á meðan ég keyrði hann um allt í hjólastólnum. Systir mín kom í heimsókn og það urðu miklir fagnaðarfundir. Þarna náðum við loksins þessari tengingu sem var ekki til staðar 22 árum áður. Pabbi var agalega stoltur og kepptist við að kynna mig fyrir öllum sem komu í heimsókn. „This is my son,“ sagði hann montinn.

Pabbi var orðinn mjög veikur og það sást á honum. Við töluðum samt um að hann myndi seinna koma til Íslands og heimsækja barnabörnin sín þar. En þegar ég kvaddi hann, gekk út af sjúkrastofunni og horfði á hann fjarlægjast þá vissi ég að ég myndi aldrei sjá hann framar. Nokkrum dögum síðar, daginn eftir pálmasunnudag, fékk hringingu frá systur minni sem tilkynnti mér að pabbi væri dáinn.

Ef ég hefði beðið til páska með að fara út þá hefði ég aldrei náð að hitta pabba á lífi. Það eru engar tilviljanir í þessi lífi. Það er stýring í gangi.“

Valgeir flaug aftur til London og fylgdi föður sínum til grafar.

„Daginn fyrir jarðarförina fékk ég að fara á útfararstofuna og sjá hann. Ég kom inn í herbergið þar sem pabbi lá í kistunni, smink-aður í jakkafötum með slaufu. Ég sat þarna einn inni í herberginu, bara ég og líkið. Það var lítil loftrist efst í einu horninu og í öðru horni var kveikt á kerti. Svo allt í einu komu geislar í gegnum loftristina og féllu á hann. Ég fann fullkominn frið inni í mér, algjöra kyrrð og sátt.“

Valgeir segir að jarðarförin hafi verið fjölmenn og erfidrykkjan eftirminnileg.

„Þetta var mjög óformlegt, eiginlega var þetta meira eins og partí. Þarna úti líta þau á þetta þannig að öll sorgin og gráturinn eigi heima í kirkjunni en þegar heim er komið þá eru sagðar sögur, hlegið og fallegar minningar af hinum látna rifjaðar upp.“

Faðir hans hafði skilið við konu sína 15 árum áður en Valgeir átti þó tvær hálfsystur. „Og þarna eignaðist ég nýja fjölskyldu. Við erum búin að heimsækja hvert annað og rækta tengslin og það er mjög kært á milli okkar. Önnur systir mín er einnig að vinna við leiklist og söng. Mér fannst ég hafa fundið þarna hinn helminginn af mér. Ég hélt áfram að kynnast pabba eftir á, í gegnum fólkið hans. Ég hef oft fengið að heyra að ég sé með alls konar hreyfingar og takta sem minna á hann.“

Missti allt

Valgeir lét heyra í sér þegar búsáhaldabyltingin stóð sem hæst. Rétt eins og svo margir fór hann illa út úr bankahruninu árið 2008.

„Það var selt ofan af mér og það gekk ekkert að eiga við umboðsmann skuldara. Fyrir hrun höfðum við keypt íbúð í gömlu húsi, ásamt risi. Þetta átti að vera fjárfesting til elliáranna. Svo var alltaf verið að hringja og hvetja okkur til að endurfjármagna og steypa okkur í meiri og meiri skuldir. Svo kom þessi skilnaður og þá fóru heilar árstekjur. Ég sat einn eftir og réð ekki við þetta. Við keyptum á 21 milljón og allt í einu var verðgildið komið í 35 milljónir en ég skuldaði 50 milljónir.

En ég er búinn að sleppa takinu á þessu. Þetta skipti mig rosalega miklu máli á sínum tíma en ekki lengur. Þetta var bara hús. Í dag á ég ekki neitt og ég skulda ekki neitt og því fylgir mikið frelsi. Þegar þú átt ekkert þá hefur þú engu að tapa. Það er ekkert sem bindur mig. Í dag á ég ekki mikið, en ég á alltaf nóg. Ég á mig. Ég hafði í alvöru trú á því að okkur myndi takast að breyta hlutunum, en það gerðist ekki.“

Valgeir gegndi á sínum tíma formennsku fyrir Borgarahreyfinguna og var varaþingmaður flokksins. Það voru hans fyrstu og síðustu afskipti af þingmennsku.

„Ég brann rosalega mikið fyrir hugsjónum og mig langaði að breyta samfélaginu. Ég vil það ennþá; ég vil að við fáum nýja stjórnarskrá, ég vil breyta stjórnarkerfinu. Ég vil uppræta spillingu og ég vil að fólkið í landinu fái að njóta ávaxta erfiðisins í stað þess að eitt prósent landsmanna fái að sölsa undir sig öll auðæfin.

En ég er einhvern veginn búinn að sleppa takinu. Ég vil ekki vera beinn þátttakandi í pólitík. Ég gæti ekki starfað sem þingmaður, að standa í þessu eilífa þrasi og koma aldrei neinu í verk. En ég vil og mun halda áfram að berjast fyrir réttlæti og ég hef sterka pólitíska tilfinningu fyrir því hvernig ég vil hafa hlutina. Og ég get haft áhrif með öðrum leiðum.“

Leitum að lífsfyllingu á röngum stöðum

Í dag starfar Valgeir sem kennari og markþjálfi í Fjölsmiðjunni. Hann aðstoðar ungmenni sem vantar stuðning og þjálfun til að halda áfram í námi eða komast út á vinnumarkaðinn. Hann hefur orðið vitni að ótrúlegum framförum og segir starfið í Fjölsmiðjunni gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið í heild.

Hann er á góðum stað í dag. Og hann vill vekja aðra miðaldra karlmenn til vitundar. Hann kynntist bandarískum rithöfundi sem skrifaði bókina „The Middle Life Playbook“ og hyggst þýða bókina yfir á íslensku.

„Miðaldra íslenskum karlmönnum hættir svo oft til að breytast í sófakartöflur þegar seinni hálfleikur lífsins tekur við. Konurnar fara á fullt í þetta „borða, biðja, elska“-dæmi á meðan karlarnir staðna á vissan hátt. Þetta er sinnuleysi og sofandaháttur. Við erum svæfðir með endalausri afþreyingu og talin trú um að við verðum ekki hamingjusamir nema við kaupum þetta og hitt, nýjan jeppa eða nýtt grill. Sá vinnur sem á mesta dótið þegar hann deyr. Við leitum að lífsfyllingu á röngum stöðum. Íslenskir karlmenn eru almennt mjög uppteknir af því að halda uppi einhverri ímynd, þurfa að eiga fullt af hlutum og alltaf hafa rétt fyrir sér. Halda kúlinu. Ekki gráta eða sýna tilfinningar. Þeir tengjast ekki sjálfum sér.

Við förum í gegnum lífið í ákveðinni röð, nám, vinna, hús, bíll og fjölskylda en hvað tekur svo við í seinni hálfleik? Menn staldra ekki við og spyrja „hvað er ég að gera hérna? Er ég í alvörunni hamingjusamur eða er ég bara að fljóta með straumnum?““ ■

KYNNINGARBLAÐ

Heilsa

21. september 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is **Umsjón:** Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

VÖÐVASMIÐJAN:

Einstaklingsbundin þjálfun og langtímaárangur

Vöðvasmiðjan er fyrirtæki einkaþjálfaranna Erlendar Guðmundssonar og Helenu Pereira. Bæði eru vel menntuð og þrautreynd í líkamsræktarfræðunum og bjóða upp á einstaklingsbundna þjálfun þar sem þau hjálpa fólki við að ná markmiðum sínum og gera líkamsrækt að lífsstíl til frambúðar. Einnig reka þau vefverslun með líkamsræktartæki á síðunni vodvasmidjan.is.

Erlendur og Helena þjálfa bæði í nokkrum stöðvum World Class. Helena sérhæfir sig í þjálfun kvenna og er þessa dagana að fara af stað með hópeinkaþjálfun sem ber heitið Sjálfstraust & Hraust. Í þeirri þjálfun er mikið lagt upp úr heilbrigðri nálgun á hreyfingu og mataræði ásamt því að vinna að breyttu hugarfari. Á Instagram-síðu sinni www.instagram.com/the_helenap talar hún mikið um jákvæða sjálfsmynd og hennar viðhorf til heilsu. En Helena vill hjálpa konum að koma jafnvægi á líf sitt, að vera við góða heilsu og að líða vel bæði andlega og líkamlega.

Erlendur sérhæfir sig í þjálfun karlmanna á besta aldri, svona upp úr 35 ára. „Þetta eru gjarnan menn í annasömum störfum með fjölskyldu og þeir eiga í erfiðleikum með að koma reglu á mataræði og finna líkamsræktinni stað í sinni rútínu. Ég hef sérhæft mig í að hjálpa þessum mönnum að komast í sitt besta form og þá er mikilvægt að beita einstaklingsbundinni nálgun því það sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum.“

Hvað er það sem knýr fólk áfram?

Aðspurður segir Erlendur að meirihluti fólks sem leitar til þeirra vilji losna við aukakíló. Mörg dæmi séu þó einnig um að fólk sem ekki glímir við ofþyngd hafi samband og vilji hreinlega bæta almennt form, styrkja sig og líða betur. „Annars leggjum við mikla áherslu á að fitutap og þyngdartap er ekki endilega það sama og við einblínum ekki á töluna á vigtinni. Við erum líka mikið að vinna með hugarfarið hjá fólki og að komast inn fyrir skelina. Hverju vilt þú í rauninni breyta? Við viljum komast inn fyrir þessar yfirborðskenndu ástæður sem byggja á því hvernig samfélagið segir að þú eigir að vera. Af hverju viltu þetta? Er það af því það er orðið erfitt fyrir þig að leika við börnin þín? Finnst þér miður að hafa ekki meiri orku í vinnunni og daglegu lífi? Viltu verða fyrirmynd? Oft eru verkir að hrjá fólk og það stendur frammi fyrir því að það er farið að glíma við heilsuleysi og afleiðingar hreyfingarleysis langt fyrir aldur fram. Þegar við komumst að þessum djúpu ástæðum hjá fólki þá smellur þetta oft saman og hjólin fara að snúast,“ segir Erlendur.

Erlendur Guðmundsson og Helena Pereira

Mikið aðhald og stuðningur

Vöðvasmiðjan býður upp á fjarþjálfun, einkaþjálfun og hópþjálfun. Einkaþjálfunin veitir nánasta og besta aðhaldið en þjálfun í litlum hópum getur líka verið afar hvetjandi. Í fjarþjálfuninni, sem sumir velja vegna erfiðrar staðsetningar eða einfaldlega af fjárhagástæðum, kappkosta Erlendur og Helena að veita mikið aðhald og stuðning þar sem þau eru í reglulegu sambandi við skjólstæðinga sína og hjálpa þeim að ná tökum á heilbrigðum venjum. „Okkar fólk nær árangri vegna þess að við vinnum með því í að finna lausnir sem henta því og eigum gott samtal vikulega hið minnsta þar sem við förum yfir stöðuna, hvernig gekk í vikunni sem leið og hvort við þurfum að breyta einhverju fyrir framhaldið, við erum ekki að krefja neinn um fullkomnun heldur að við gerum okkar allra besta til að bæta okkur viku fyrir viku.“

Erlendur og Helena eru ekki hrifin af skyndilausnum og öfgum í mataræði heldur telja mikilvægt að reyna að innleiða langtímaumbætur á mataræði skjólstæðinga sinna. „Við fræðum fólk um mat og næringu þannig að það verði meðvitaðra um hvað það þarf að borða mikið miðað við hreyfingu sína, hvað er í því sem það er að borða og svo framvegis. Aðhaldið sem það fær leiðir síðan til þess að það velur fremur betri kostinn en þann verri þegar það stendur frammi fyrir ákvörðunum um næringu.“

Erlendur og Helena leggja metnað sinn í að gera annasömu fólki kleift að flétta líkamsrækt inn í líf sitt, öðlast aukið heilbrigði og lífsánægju og ná smám saman markmiðum sínum í þeim efnum.

Ítarlegar og afar fróðlegar upplýsingar um starfsemi Vöðvasmiðjunnar er að finna á vefsíðunni vodasmidjan.is og á Instagram-síðunni www.instagram.com/coach_erlendur. Fyrsta skrefið í átt að bættum lífsstíl gæti verið að fara inn á síðuna og kanna það sem í boði er. Gangi þér vel!

DANÍEL FJELDSTED EINKAÞJÁLFARI:

Áhersla á langtímaárangur

Það gengur yfirleitt vel hjá mér og mínum viðskiptavinum að sameinast um markmið en margir átta sig ekki á því að þetta tekur tíma, fólk vill árangur strax. Ég reyni að breyta hugarfarinu úr kapphlaupi í lífsstílshugsun," segir Daníel Fjeldsted, einkaþjálfari hjá Reebok Fitness.

Daníel er ÍAK einkaþjálfari með fjögurra ára reynslu af einkaþjálfun, ásamt því að hafa stýrt ýmsum námskeiðum og hópum hjá Reebok Fitness sem og annars staðar. Daníel er einnig ÍAK styrktarþjálfari og hefur til dæmis séð um styrktarþjálfun hjá yngri flokkum ÍR í knattspyrnu. Daníel leggur mikla áherslu á að afla sér nýrrar þekkingar á sviði þjálfunar til að geta boðið iðkendum sem til hans leita upp á það besta í faginu hverju sinni. Hann hefur meðal annars sótt námskeið í Bandaríkjunum tengd styrktarþjálfun.



Viðskiptavinir Daníels eru á öllum aldri, allt frá 13 ára knattspyrnuiðkendum til fólks á sjötugsaldri. Yngstu þátttakendurnir fá ómetanlega þekkingu á líkamsrækt og æfingatækni sem veitir þeim forskot inn í framtíðina. Daníel leggur jafnframt þunga áherslu á mikilvægi þess að stunda líkamsrækt á efri árum: „Styrktarþjálfun er fyrir alla og ekki síður mikilvæg á efri árum þar sem að hún getur bætt lífsgæði fólks gífurlega." Margir leita til hans vegna ofþyngdar og þar leggur Daníel áherslu á langtímaárangur og að fólk tileinki sér breyttan lífsstíl til frambúðar: „Ef fólk nær að tvinna saman gott mataræði, hreyfingu, góðan svefn og að lágmarka stress í sínu lífi þá mun það ná árangri. Þetta er ekki flókið en getur reynst fólki erfitt."

Einkaþjálfun, fjarþjálfun og Hybrid-þjálfun

„Það er mikilvægt að hafa prógramm þegar maður fer í ræktina og stefna að einhverju markmiði því annars er hætta á að fólk gefist bara upp," segir Daníel en hann býður upp á þrjár þjónustuleiðir. Langalgengast er að fólk velji einkaþjálfun en þá æfir það með einkaþjálfaranum tvisvar til þrisvar í viku. Hins vegar er hægt að æfa hjá honum í litlum hópum og geta 2–4 sameinast í hópþjálfun.

Fjarþjálfun hentar þeim sem vilja æfa sjálfir en fá stuðning og prógramm til að fara eftir. Sumir velja fjarþjálfun frekar en einkaþjálfun þar sem fólk er ekki bundið við ákveðinn æfingatíma.

Hybrid-þjálfun er áhugaverð nýjung á markaðnum en þar er tvinnað saman einkaþjálfun og fjarþjálfun. „Þessi hugmynd kom frá einum af viðskiptavinum mínum sem hefur verið í einkaþjálfun hjá mér í nokkur ár og er blanda af því besta úr einkaþjálfun og fjarþjálfun og er einnig ódýrari kostur en einkaþjálfun." Viðskiptavinur hittir þá þjálfarann þrisvar sinnum í fyrstu vikunni en næstu þrjár vikurnar æfir hann sjálfur á þeim tíma sem honum hentar eftir prógramminu frá þjálfaranum sem farið var yfir í fyrstu vikunni.

Nánari upplýsingar um þetta og verðlista er að finna á vefsíðu Daníels, dfthjalfun.is, og þar er líka hægt að hafa samband og panta sér þjónustu hans.

Sem fyrr segir þjálfar Daníel í Reebok Fitness sem rekur mjög vel útbúnar líkamsræktarstöðvar víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Brátt verður ný og glæsileg Reebok Fitness-stöð opnuð í Lambhaga. Sjá nánar á reebookfitness.is.

KOMDU Í SKVASS:

Heilsusamlegasta íþróttin

Skvass, eða veggtennis eins og það er stundum kallað, hefur tíu ár í röð verið valið heilsusamlegasta íþróttagreinin af tímaritinu Forbes Magazine. Það kemur þeim ekki á óvart sem þekkja til íþróttarinnar enda eykur hún mjög þol og styrkir líkamann alhliða auk þess að þykja afar skemmtileg.

Skvassfélag Reykjavíkur býður almenningi upp á að stunda skvass í veglegu húsnæði sínu að Stórhöfða 17, Reykjavík. Þar eru fjórir skvasssalir.

Kim Magnús Nielsen er formaður Skvassfélags Reykjavíkur og sér einnig um unglingastarf í félaginu. Kim er fimmtánfaldur Íslandsmeistari í íþróttinni og er núverandi landsliðsþjálfari í skvassi. Landsliðið tók þátt í EM í Lettlandi í apríl og lagði þar að velli fjórar þjóðir.

Að sögn Kims er skvass íþrótt sem hentar öllum. „Fólk eldist mjög vel í íþróttinni og hingað koma margir sem eru á sjötugsaldri. Þú spilar bara á þinni getur og mótspilarar þínir eldast líka," segir Kim. Hann segir að tvenndarleikur í skvassi þekkist en langalgengast sé að spilað sé einn á móti einum. „Hins vegar bóka stundum þrír til fjórir sal í einu og tveir hvíla sig á meðan hinir keppa.

Við erum líka með hefðbundna líkamsræktarstöð hérna á annarri hæð og því er hægt að kaupa árskort í skvass og ræktina," segir Kim en sumir flétta saman æfingar í tækjasal og skvassi.

Skvass er afskaplega skemmtileg íþrótt sem veitir mikla útrás jafnframt því að byggja upp þol og styrk iðkenda. Kannski er skvass nákvæmlega íþróttin sem þig vantar núna til að taka með þér inn í annasaman og skemmtilegan vetur?

Kim Nielsen (til hægri) og Matthías Jónsson

Skvasstíma er hægt að bóka með einföldum og þægilegum hætti á vefsíðunni skvass.is eða í síma 577-5555. Stöðin er sem fyrr segir að Stórhöfða 17. Opið er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8 til 22, föstudaga frá 7 til 20, laugardaga frá 9 til 16 og sunnudaga frá 10 til 16.

GUÐMUNDUR EGGERT EINKAÞJÁLFARI:

„Þetta er langhlaup en ekki spretthlaup"

Einkaþjálfarinn Guðmundur Eggert Gíslason er nú farinn á fulla ferð eftir rólegt sumar og á nokkra lausa tíma bæði í einkaþjálfun og fjarþjálfun. Guðmundur, sem er þrítugur í dag, kynntist líkamsrækt þegar hann var 18 ára og byrjaði hjá einkaþjálfara. Hann þjálfar í hinum glæsilegu líkamsræktarstöðvum Reebok Fitness þar sem fólk æfir við fyrsta flokks aðstæður.

„Fólk kemur til mín í mjög misjöfnu ástandi, eins og gengur. Meirihlutinn vill létta sig en ég fæ líka oft til mín unga stráka sem vilja þyngja sig með því að byggja upp vöðvamassa. Mikilvægt er að sníða þjálfunina að þörfum hvers og eins einstaklings," segir Guðmundur Eggert. Margir gera sér ekki grein fyrir því að ekki bara of þungt fólk upplifir sig ekki í formi, það getur verið erfitt að vera alltof léttur og kraftlítill.

„Fram á unglingsár var ég mjög grannur og fannst ræktin aldrei eiga við mig. En strax eftir fyrsta tímann í ræktinni má segja að það hafi ekki verið aftur snúið. Ég byrjaði með það markmið að þyngja mig, ég var um 65 kíló árið 2006 og var orðinn 92 kíló snemma árs 2014, með æfingum og réttu mataræði. Ég er um 81 kíló í dag," segir Guðmundur Eggert en hann kynntist líkamsræktarheiminum árið 2006 er hann fór á fyrstu æfinguna með einkaþjálfara.

„Ég byrjaði í viðskiptafræði haustið 2008, rétt fyrir hrun og lauk því námi árið 2013. Ég sá þá ekki mikla framtíð í því fagi og fór í einkaþjálfaranám árið 2015. Kannski er það hruninu að þakka að ég er einkaþjálfari í dag," segir Guðmundur Eggert.

Guðmundur Eggert býður upp á þrjár þjálfunarleiðir; einkaþjálfun, paraþjálfun og fjarþjálfun. Persónuleg þjónusta, sérsniðið æfingaprógramm, eftirfylgni og stuðningur einkenna allar leiðirnar.

Þjónusta Guðmundar Eggerts er fyrir fólk á öllum aldri en hann undirstrikar mikilvægi þess að fólk gerir líkamsræktina að lífsstíl: „Margir vilja sjá árangur strax og sumir gefast upp ef hann kemur ekki eftir nokkrar vikur. En þetta er langhlaup, ekki spretthlaup – og ég reyni að koma þeirri hugsun af stað strax í byrjun."

Fyrir þá sem vilja frekari upplýsingar um þjónustu Guðmundar Eggerts eða vilja byrja að æfa undir leiðsögn hans er best að skoða vefsíðuna gudmundur.org.

Guðmundur Eggert

Greta Ósk Óskarsdóttirm, Mamma veit best

KOLLAGEN ER EKKERT VENJULEGT PRÓTEIN:

Eflir heilsu og varðveitir æskuljóma húðarinnar

Kollagen er mikilvægt prótein sem gegnir lykilhlutverki í varðveislu á æskuljóma húðarinnar. Mamma veit best flytur inn NeoCell kollagen í duftformi, en NeoCell er leiðandi í framleiðslu og þróun á kollagenbætiefnum í heiminum.

„Kollagen er prótein, en það er ekkert venjulegt prótein. Kollagen er byggingareining líkamans og er sérlega mikilvægt þegar kemur að viðhaldi húðarinnar. Með hækkandi aldri minnka kollagenbirgðir líkamans og hann á æ erfiðara með að framleiða það sjálfur. Afleiðingarnar eru þær að byggingar- og burðarvefur líkamans lætur á sjá. Eftir því sem kollagenframleiðslan minnkar verða kollagenþræðirnir stökkari og byrja að brotna niður, en það veldur þessum klassísku ummerkjum öldrunar eins og hrukkumyndun, meiðslum á sinum og liðverkjum. Þess vegna styður inntaka á kollageni við heilsu og æskuljóma líkamans," segir Greta Ósk Óskarsdóttir, bætiefnaráðgjafi hjá Mamma veit best sem flytur inn NeoCell kollagen í duftformi.

„Kollagenduftið frá NeoCell hefur verið þróað þannig að það vinnur með hinum náttúrulegu endurnýjunarferlum í líkamanum. Það er í senn bætiefni og snyrtivara því það hjálpar líkamanum að byggja upp og endurnýja líkamsvefi um leið og það hefur fegrandi áhrif á húðina. Kollagenduftið færir húðinni aukna mýkt og raka og styrkir jafnframt neglur og hár," segir Greta.

NeoCell býður upp á hæsta ráðlagða dagskammt á markaðinum til að snúa hratt og örugglega við tapi á kollageni í líkamanum. „Með því að halda uppi heilbrigðu framboði af kollagenpeptíðum í líkamsvessum er líkaminn hvattur til uppbyggingar og nýmyndunar á kollagenvefjum. Venjulega eru kollagensameindir mjög stórar og vega að meðaltali 400.000 daltón en NeoCell kollagen hefur verið forunnið með ensímum svo það vegur aðeins 3.000 daltón. Upptaka á NeoCell kollageni er um 90% og því vinnst það einstaklega vel í líkamanum," segir Greta.

NeoCell hefur verið leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á kollageni í tvo áratugi og bættist nýverið við úrvalið hjá Mamma veit best. „NeoCell er söluhæsta kollagen í Bandaríkjunum. Fyrirtækið setur markið hátt og gerir ýtrustu gæðakröfur til vara sinna og hefur það að markmiði að vörurnar séu með öllu öruggar og algjörlega hreinar. Hver einasta vörulota sem er framleidd er prófuð og vottuð á rannsóknarstofum af þriðja aðila," segir Greta.

Sjá nánar á mammaveitbest.is

ICEHERBS:

Íslensku fjallagrösin og fleiri áhrifarík náttúruefni

Iceherbs er íslenskt vörumerki sem framleiðir og þróar náttúruleg bætiefni og mixtúrur. Upphaflega voru íslensk fjallagrös og kostir þeirra uppstaðan og grunnurinn að vörulínunni en með tímanum hefur jurtum og hráefnum fjölgað og fleiri vörur hafa orðið til og svarað eftirspurn markaðarins þar sem kröfur Íslendinga um náttúrulegar og virkar vörur hafa aukist.

Iceherbs framleiðir einungis vörur með náttúrulegum innihaldsefnum, en krafturinn og virkni þeirra leyna sér ekki. Hósta- og og hálsmúxtúrur vörumerkisins henta bæði börnum og fullorðnum og hafa löngum notið gríðarlegra vinsælda sökum þeirra mýkjandi og róandi áhrifa sem þær hafa á ertingu í hálsi og hósta. Mixtúrurnar eru bragðgóðar og innihalda íslensk fjallagrös sem hafa þessi róandi áhrif.

Náttúrulegur og nærandi varasalvi

Nú er nýlega komin á markað fyrsta vara systurvörumerkisins, Iceherbs Skin, en það er mýkjandi og nærandi varalsalvi í tveimur bragðtegundunum. Varasalvinn inniheldur einungis náttúruleg innihaldsefni og er virka efnið, sem gerir varasalvann einstakan, íslensk fjallagrös, en eins og áður hefur verið nefnt hafa þau afar mýkjandi áhrif, olíurnar í varasalvanum næra varirnar og skilja þær eftir silkimjúkar.

Fleiri vörur frá Iceherbs Skin eru væntanlegar og bera þær allar eiginleika vörumerkisins, þ.e. að vera náttúrulegar og hafa áhrifaríka virkni. Vörur Iceherbs Skin eru ekki prófaðar á dýrum og er lögð mikil áhersla á að lífræn innihaldsefni fá einnig að njóta sín.

Iceherbs og Iceherbs Skin fást í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og betri stórmörkuðum. Sjá nánar á vefsíðunni iceherbs.is

HYDRA FLOT SPA:

Lokaðu á áreitið og njóttu þess að fljóta um í þyngdarleysi

Nútímafólk sækist í auknum mæli eftir slökun og íhugun til að draga úr streitu og fá stundarfrið frá áreiti heimsins. Sérstakir flottankar þar sem hægt er að fljóta um í þyngdarleysi eru áhugaverð nýjung sem veita fólki magnaða upplifun og einstaka kyrrðarstund.

Bandaríkjamaðurinn Ryan Kevinson hefur nú opnað heilsulindina Hydra Flot Spa, að Rauðarárstíg 1, á Hlemmtorgi, og þar eru þrír sérstakir flottankar. Vatnið í hverjum tanki er blandað með 400 kílóum af Epsom-salti og hitastig er það sama og húðin, sem veitir þá upplifun að svifið sé um í draumkenndu þyngdarleysi.

Tankarnir takmarka allt ytra áreiti og maður er einn með skilningarvitunum. Tankar af þessu tagi hafa verið notaðir af NASA og bandarískа hernum til að rannsaka mannshugann.

Þessi nýstárlega heilsurækt er talin geta unnið gegn svefnleysi, verkjum, kvíða, þunglyndi og jafnvel fíkn. Þeir sem prófað hafa tankana hjá Hydra Flot Spa eru afar ánægðir. Á Facebook-síðu heilsulindarinnar, Facebook.com/hydraflot, er að finna afar jákvæðar umsagnir hrifinna viðskiptavina. Meðal þeirra er Sylvía Rut sem skrifar:

„Fór út fyrir þægindarammann í dag og skellti mér í flot, var bæði mjög spennt að prófa e-ð nýtt en líka kvíðin og stressuð þar sem ég fæ stundum innilokunarkennd. En þetta var „out of this world" upplifun! Eigandinn fór vel yfir ferlið og gaf góð ráð um hvernig væri best að venjast og ná að slaka á sem þrælvirkaði. Mér leið strax vel ofan í tanknum (engin innilokunarkennd), meira að segja þegar ljósin slokknuðu sem ég var búin að vera smá stressuð fyrir. Þetta var algjör unaður, bæði náði ég betri slökun en ég hef áður upplifað og saltið í vatninu gerði húð og hár silkimjúkt. Ég mun að öllum líkindum verða fastakúnni hér og get 100% mælt með þessu.Takk fyrir mig."

Aðrir viðskiptavinir greina meðal annars frá því hve dvölin í tönkunum hafi verið streitulosandi og vöðvaslakandi.

Það er áhugaverð og heillandi hugmynd að svipta mann um stund öllu áreiti, að loka á skynfærin og vera fullkomlega einn með sjálfum sér um leið og líkaminn fær dásamlega hvíld. Þetta er eitthvað sem fólki finnst spennandi að prófa og þeir sem hafa gert það eru mjög hrifnir af upplifuninni og áhrifunum á líkama og sál.

Í takmarkaðan tíma er nú í gildi 2 fyrir 1 tilboð á tíma í Hydra Flot Spa. Hægt er að nota þetta sem gjöf ef þú kýst. Sjá nánar á shop.hydraflot.is/products/2fyrir1-is

Sjá nánar á vefsíðunni hydraflot.is og Facebook-síðunni Facebook.com/hydraflot.

hydra



Lífið er betra á hvolfi í Eríal Pole!

Eríal Pole hefur verið starfandi síðan í september 2012 og sérhæfir sig í ýmsum og fjölbreyttum afbrigðum súlufimi. Á allra síðustu árum hefur þessi líkamsrækt orðið þekktari og vinsælli og virðist komin til að vera. Við gefum Evu Rut hjá Eríal Pole orðið:

„Pole fitness hefur hingað til verið aðal áherslan hjá okkur en undanfarið höfum við aukið áherslu á fleiri tegundir loftfimleika.

Öll námskeiðin okkar eiga það sameiginlegt að reyna í senn á jafnvægi, styrk, samhæfingu og liðleika og okkur langar einnig til þess að koma því á framfæri að það er algengur misskilningur að þetta séu aðeins tímar fyrir konur. Hjá okkur æfir fólk á öllum aldri, bara til gamans og fyrir sig sjálft. Engin pressa er á að keppa eða sýna og hver og einn fer upp um erfiðleikastig á eigin tíma og forsendum.

Lyran, sem er einnig þekkt sem aerial hoop eða loftfimleikahringir, er t.d. sífellt að verða vinsælli. Til að byrja með vorum við bara með einn lyru-hóp sem samanstóð af pole fitness-nemendunum okkar sem langaði að brjóta upp vikuna sína og taka einstaka tíma en núna er kominn stór hópur sem sem æfir eingöngu lyru sem er nú kennd á þremur erfiðleikastigum. Það er ótrúlega gaman að sjá þessa þróun og aldrei að vita nema lyra verði jafn vinsæl og pole á næstunni.

Lyra á rætur sínar að rekja til sirkuslista og í byrjendatímunum eru kenndar aðferðir við að komast inn í hringinn, einfaldar stöður og styrktaræfingar sem hægt er að gera með og í hringnum. Lyrurnar er hægt að hækka og lækka eftir þörfum svo hver sem er getur gert fallegar samsetningar strax í fyrsta tíma og ekki er nauðsynlegt að hafa neinn grunn í öðrum íþróttum eða dansi til að byrja að æfa.

Aerial hammock eru glænýir og spennandi tímar sem hófust í september og hafa strax slegið í gegn, en í þessum tímum munum við velta, rúlla, lyfta, snúast á hvolf og takast á flug. Æfingarnar eru framkvæmdar í mjúkri silkilykkju og sameinast áhrif úr sirkuslistum, jóga og dansi í skemmtilegri líkamsrækt. Hér er lykkjan notuð sem loftfimleikaáhald með áherslu á að búa til fallegar stöður, læra að vefja sig inn í efnið, klifra og æfa samsetningar og flæði.

Önnur nýjung sem við munum byrja með í október er pole parkour sem er sambland af parkour og freerunning við pole fitness. Pole parkour byggir á ýmsum stökkum og lendingum af og á súlunni ásamt flæði og kennir fólki að yfirstíga hindranir. Notast er við hin ýmsu pole fitness-grip til þess að aðlaga heljarstökk og aðrar aflmiklar hreyfingar að súlunni.

Við mælum líka mikið með flex--tímunum okkar. Það hefur verið mjög mikil vöntun á liðleikatímum þar sem er einmitt verið að einblína á að komast í splitt og spígat og brú. Það eru auðvitað jógatímar á flestum ræktarstöðvum en þeir eru ekki að einblína á þessi stóru markmið eins og splittið, sem flestir fullorðnir láta sig bara dreyma um. Fólk sem lyftir mikið þarf til dæmis nauðsynlega á góðum axlateygjum og bakteygjum að halda sem flexið bíður einmitt upp á.

Komdu og upplifðu skemmtilega og krefjandi tíma sem koma þér í frábært form.

Hvetjandi andrúmsloft og fjölbreytt námskeið. Lífið er betra á hvolfi í Eríal Pole!“

Á myndunum eru Davíð Már, pole parkour-þjálfari, og Lilja Salóme, lyru- og hammock-þjálfari.

www.erialpole.is

Auk námskeiða þá var Erial Pole einnig að opna meðferðarstofu í Fascial Stretch Therapy sem er sú eina sinnar tegundar á Íslandi. Hægt er að lesa sér til um það á vefsíðunni.

TEITUR ARASON EINKAÞJÁLFARI:

Ef þér finnst það gaman þá nærðu árangri

Ég hef fengið til mín fólk á æfingar klukkan sex á morgnana, fólk sem sá ekki fram á að geta nokkurn tíma vaknað á þeim tíma. En svo eru sömu einstaklingarnir farnir að mæta klukkan sex til að æfa sjálfir þegar þeir eru ekki í tíma hjá mér," segir Teitur Arason, íþróttafræðingur og einkaþjálfari, um þá undraverðu breytingu sem verður á lífsstíl og viðhorfi fólks sem ílengist í líkamsrækt.

Teitur starfar í World Class Laugum þar sem hann þjálfar bæði íþróttafólk og almenning. „Ég hef þjálfað fólk á öllum aldri og af öllum gerðum. Af íþróttafólki hef ég mest fengið til mín leikmenn úr fótbolta og handbolta ásamt því að hjálpa keppendum í fitness að undirbúa sig. Síðan koma margir til mín sem vilja einfaldlega bæta heilsu sína og lífsgæði," segir Teitur.

En það er margt ólíkt við að þjálfa almenning og íþróttafólk: „Íþróttamenn hafa meiri reynslu og með þeim er maður jafnframt oft að vinna gegn undirliggjandi meiðslum. Auk þess eru þeir oft að æfa með mjög skilgreind markmið í huga varðandi til dæmis hraða, snerpu og sprengikraft á meðan flestir sem stunda ekki íþróttir þurfa ekki að kafa jafn djúpt í markmið sín í líkamsrækt, heldur styðjast frekar við markmið sem miðast við aukið þol, styrk og liðleika."

Árangur tekur tíma

Af almennum borgurum sem leita til Teits kemur fólk á öllum aldri í alls konar formi. „Ég er til í að vinna með hvaða fólki sem er svo lengi sem það tileinkar sér rétt viðhorf og er tilbúið að leggja sig fram."

Teitur segir það nokkuð útbreitt hugarfar hjá fólki að vilja árangur strax og það þurfi að átta sig á því að árangur snýst um breyttan lífsstíl og að þetta er langhlaup: „Þetta er algengara hjá yngra fólki sem vill fá hlutina strax en þarf að átta sig á því að maður þarf að vinna fyrir hlutunum og það tekur tíma."

Teitur segir mikilvægt að leggja upp með skýr markmið. „Margir byrja og hætta fljótt af því þeir hafa engin markmið og ekkert plan, þá er svo auðvelt að detta út. Það er eins og að mæta í skólann með engan penna eða blað og vita ekki í hvaða tíma maður á að fara – þá lærir maður ekkert. En þetta er lífsstíll sem maður tileinkar sér smám saman og líkamsræktin er heimur sem gaman er að vera í."

Æfingar eiga að vera skemmtilegar

Teitur veitir viðskiptavinum sínum mikinn stuðning og ráðgjöf varðandi mataræði. Farið er yfir matarvenjur í byrjun og byrjað að notast við mataráætlun. Mælingar og vigtun eru síðan fyrir þá sem það vilja og þurfa á að halda. Æfingar þurfa að vera fjölbreyttar og skemmtilegar.

„Æfing er ekki bara æfing og það eru til milljón mismunandi útfærslur. Það þarf að finna æfingar sem þér finnst skemmtilegar því það er einfalt reikningsdæmi að ef þú nýtur þess að æfa þá ertu mun líklegri til að ná árangri."

Til að fá nánari upplýsingar eða panta einkaþjálfun hjá Teiti er best að senda honum skilaboð á netfangið teiturara14@gmail.com.

Bridge gerir lífið skemmtilegra

Bridgefélög og klúbbar eru starfræktir um allt land – upplýsingar á bridge.is

Bridge sameinar aldurshópana • Bridge er gott fyrir heilsu þína • Bridge er manns gaman

Viltu læra bridge?

Bridgesambandið getur útvegað leiðbeinendur fyrir hópa, fyrirtæki og skóla. Guðmundur Páll starfrækir Bridgeskólann, þar geta þeir lært bridge sem eru að stíga sín fyrstu skref í bridge og einnig þeir sem vilja bæta við kunnáttu sína.

Eldri borgarar spila alla
mánudaga og fimmtudaga
kl. 13–17 í Síðumúla 37

Stórmót í Bridge Reykjavík Bridgefestival fer fram í Hörpu 31. janúar–3. febrúar, skráning á bridge@bridge.is



„Flestir sem læra
og spila bridge
eiga eftir að gera
góða hluti í lífinu“.

Bill Gates stofnandi Microsoft, spilar bridge 2-3 tíma flesta daga

„Bridge er fyrir alla“

Námskeið í Bridgeskólanum hefjast 1. og 3. október.
Allir undir 25 ára aldri fá frítt á byrjendanámskeið.
Upplýsingar hjá Guðmundi Páli Arnarsyni
í síma 8985427 eða á gpa@simnet.is

Bridgesamband Íslands – Síðumúla 37 – 108 Reykjavík – sími 587 9360 – www.bridge.is

Sólveig fékk hvorki áfallahjálp né fjárhagsaðstoð eftir að sy

> Hvar er
> hverju
> fólkinu sem b

„Barnið mitt var m í skóla á peirra veg

Hartmann, sonur Sólveigar, var einn af tveimur drengjum sem voru myrtir á Akureyri fyrir tæpum 30 árum

Óðinn Svan Óðinsson
odinn@dv.is

Ríkinu datt aldrei í hug að aðstoða mig við að jarða barnið mitt sem var myrt þegar það var í skóla á þess vegum. Það hvarflaði ekki að þeim. Engin aðstoð og ekki nokkur skapaður hlutur. Íslenska ríkið eyðilagði líf mitt," þetta segir Sólveig Austfjörð Bragadóttir, móðir Hartmanns Hermannssonar sem lést þann 2. maí árið 1990. Sólveig tjáir sig um lífið og tilveruna eftir morðið í einlægu viðtali en segist hafa þurft að berjast við kerfið allt frá því að sonar hennar var myrtur.

Morðin á Hartmanni og Bjartmari

Hartmann var annar tveggja drengja sem drekkt var í Glerá á Akureyri árin 1989 og 1990. Hinn drengurinn hét Bjartmar Smári Elíasson. Þeir voru báðir sjö ára gamlir. Eftir fyrra atvikið var gengið út frá því að um slys hefði verið að ræða en þegar Hartmann fannst látinn í ánni vorið 1990 vöknuðu grunsemdir um að ekki væri allt með felldu. Hafin var lögreglurannsókn á málunum tveimur og beindist fljótlega grunur að ungum pilti, Ara, sem vitni höfðu séð nálægt slysstaðnum í bæði skiptin. Meðal annars hafði miðaldra kona séð piltinn leiða síðari drenginn niður að ánni og síðar koma einan til baka.

Pressan fjallaði ítarlega um málið árið 2015 þar sem morðinginn tjáði sig sjálfur um voðaverkin. Fullt nafn Ara var ekki birt en hann átti síðan eftir að skrifa opið bréf og biðja mæðurnar afsökunar á að hafa myrt syni þeirra.

Dagurinn örlagaríki

Móðir Hartmanns, Sólveig Austfjörð Bragadóttir, er búsett í lítilli verbúð við Óseyri á Akureyri. Það tekur á hana að rifja upp atvikið sem breytti lífi hennar 2. maí árið 1990. „Þennan morgun kvaddi Hartmann minn mig einstaklega vel með kossi og knúsi. Ætli það hafi svo ekki verið um 10 eða 11 leytið um morguninn sem hringt var úr skólanum og spurt hvort ég viti um drenginn minn. Þá strax var hafin leit og ég kannaði hina og þessa staði sem mér datt í hug að hann gæti verið á. Það kom svo mjög fljótlega í ljós að hann hafði lent í Glerá. Ég var á staðnum þegar þeir fundu hann í ánni en fékk ekki að sjá hann þar sem pabbi minn fór með mig heim," segir Sólveig en um leið og drengurinn fannst beindust spjótin að Ara.

„Það kom fljótlega í ljós að Ari hafði útbúið ratleik sem miðaði að því að hann færi með Hartmann niður að Glerá. Hann útbjó

yni hennar var drekkt:

r réttlætið? Af var ekki réttað yfir bar ábyrgð á þessu?

MYNDIR: AUÐUNN NÍELSSON

„Ég er ekki að tala um Ara, hann var veikur krakki.

þennan ratleik gagngert til þess að fara með hann niður að á og henda honum út í.“

Sólveig segist aldrei hafa borið kala til Ara en segist reið fólkinu sem átti að passa bæði hann og drenginn hennar. Þeir voru saman í lokuðum skóla sem starfræktur var á þessum tíma undir nafninu Brattahlíð. Skólinn var lítill og var ætlaður börnum sem þurftu sérstaka aðstoð.

„Þetta var lokaður skóli sem var hugsaður fyrir krakka sem áttu eitthvað erfitt, þar sem börn áttu að vera sérstaklega pössuð. Minn drengur var með ADHD og skólinn sem hann var í fyrsta árið vildi ekki hafa hann inni hjá sér. Ég man að sumarið eftir fyrsta bekk gengu skólayfirvöld mjög hart að mér að setja Hartmann í þennan skóla. Einhvern veginn fannst mér alltaf eins og hann ætti ekki að fara í hann og ég neitaði því alltaf, en það endaði með því að ég gaf mig, sem ég hafði aldrei átt að gera,“ segir Sólveig.

Hún veltir því upp hvers vegna þeir sem stóðu að skólanum og höfðu það að atvinnu að passa drengina hafi ekki verið dregnir til ábyrgðar á sínum tíma. „Hvar er réttlætið? Af hverju var ekki réttað yfir fólkinu sem bar ábyrgð á þessu? Ég er ekki að tala um Ara, hann var veikur krakki. Ég hef aldrei borið kala til Ara, hef ekki getað réttlætt það. Ég ber reyndar heldur ekkert kala til þessa fólks, þetta fólk hefur örugglega verið mjög hrætt alla ævi, að vera með morð á samviskunni.“

Segir Ara hafa misnotað Hartmann

Eftir umfjöllun Pressunnar um málið komu fram nýja upplýsingar en þá greindi bróðir Hartmanns fjölskyldunni frá því að Ari hefði misnotað Hartmann skömmu fyrir morðið. „Hartmann lenti í misnotkun í skólanum þegar Ari misnotaði hann. Hann hafði sagt eldri bróðir sínum frá þessu áður en hann dó. Ég hefði auðvitað viljað gera eitthvað í því máli, en mér skilst að það sér fyrnt,“ segir Sólveig.

Erfið æska Ara

Gerandinn, Ari, var ungur beittur skelfilegu ofbeldi. Ofbeldið var svo hryllilegt að vart er hægt að setja það á prent. Ari vildi lítið tjá sig um ofbeldið þegar blaðamaður Pressunnar ræddi við hann á sínum tíma. „Ég sækist ekki eftir vorkunn. Ég varð fyrir mjög grófu líkamlegu og andlegu ofbeldi á heimili mínu og þá sérstaklega af stjúpa mínum. Ofan á það bættist kynferðisleg misnotkun stjúpa míns og fleiri einstaklinga sem í dag hefur enn áhrif á mig. Móðir mín átti sjálf mjög erfitt á þessum tímum og hafði því ekki tök eða getu til þess að styðja mig gegn ofbeldinu.“

Í frétt Pressunnar frá 1993 segir að hann hafi oftar enn einu sinni fundist að næturlagi fáklæddur og ráfandi talsvert fjarri heimili sínu. Aðspurður hvernig hafi staðið á því svarar hann: „Ég hafði ekki kjark í mér til að fara heim af ótta við barsmíðar.“

Vistaður á vistheimili til 18 ára aldurs

Ari var sendur til Reykjavíkur og vistaður á barnageðdeild Landspítalans á Dalbraut í tvö og hálft ár eftir morðin. Að þeirri vist lokinni var honum komið fyrir á nýstofnuðu vistheimili, Árbót í Aðaldal, skammt frá Húsavík. Heimilinu var sérstaklega komið á fót til að vista Ara. Þar dvaldi hann til 18 ára aldurs.

Í viðtalinu við Pressuna árið 2015 sagðist Ari ekki hafa brotið af sér eftir að hann hélt út í lífið að nýju en fortíðin fylgir honum hvert skref. Hann flutti til Bandaríkjanna í kringum árið 2002 þar sem hann er búsettur í dag. „Að hafa tvö líf á samviskunni er mjög erfitt. Það er ekki hægt að lýsa því. Hver sem er náinn mér eða í nánu sambandi við mig þarf að vita sögu mína. Þú getur ímyndað þér hvernig það er fyrir mig að segja fólki sem ég elska að ég hafi drepið börn,“ sagði Ari í viðtali við Pressuna árið 2015.

Afsökunarbréf frá Ara

Í kjölfarið á ítarlegri umfjöllun Pressunnar um málið árið 2014 sendi Ari mæðrum drengjanna, þeim Bjarnheiði Ragnarsdóttur og Sólveigu Austfjörð Bragadóttur, opið bréf þar sem hann baðst afsökunar á gjörðum sínum. „Kæra Sólveig og Bjarnheiður. Það sem mig hefur langað að segja er að, já það er rétt að ég átti mjög erfitt sem krakki og já, það hefði átti að grípa inn í mörgum árum fyrr, en það breytir ekki því að ég er ábyrgur fyrir dauða barnanna ykkar. Ég hef aldrei ætlast til þess af neinum að fyrirgefa mér á þeim forsendum að ég hafi átt erfiða æsku, heldur frekar á þeim forsendum að ég er betri maður í dag,“ skrifaði Ari meðal annars í bréfinu sem vakti töluverða athygli.

Bréfið fór fram hjá Sólveigu á sínum tíma og það var ekki fyrr en DV rifjaði málið upp fyrr í sumar sem hún las það. Hún segir erfitt að lýsa tilfinningum sínum eftir lesturinn. „Hann var auðvitað bara barn á þessum tíma og ég hef alltaf litið svo á að allir eigi rétt á því að lifa. Líka Ari.“

Ofsótt af barnavernd og fékk enga aðstoð

Eftir morðið fékk Sólveig hvorki áfallahjálp né fjárhagsaðstoð frá ríki eða sveitarfélagi. Hún var mjög blönk og stóð frammi fyrir því stóra verkefni að bera sjö ára son sinn til grafar. „Ég átti ekki krónu en ég þurfti að jarða barnið mitt. Að ríkinu dytti í hug að aðstoða mig við að jarða barnið. Það hvarflaði ekki að þeim. Þeim datt það ekki í hug. Engin aðstoð og ekki nokkur skapaður hlutur," segir Sólveig sem viðurkennir að hún hafi oft verið nálægt því að gefast upp. „Ég hef nú alltaf haft það mottó að maður bognar en brotnar ekki, en auðvitað skælir maður oft. Það er bara þannig."

Sólveig rifjar upp aðkomu barnaverndaryfirvalda eftir atburðinn. Hún segir stofnunin aldrei hafa þurft að hafa afskipti af henni og hennar fjölskyldu fyrr en eftir að Hartmann dó. Þá hafi sú stofnun farið að herja á hana með það eitt að markmiði að þagga niður í henni. Sólveig rifjar upp yfirheyrslur yfir Ara sem hún segir barnaverndaryfirvöld hafa eyðilagt til að verja eigin hagsmuni.

„Þegar að eiginlegum yfirheyrslum kom var barnavernd kölluð til. Þar fékk rannsóknarlögreglumaðurinn ekki að yfirheyra Ara eins og þurfti. Þær hjá barnavernd stoppuðu hann alltaf. Í dag veit ég að þær voru bara að passa sjálfar sig, þær voru hræddar af því að þær báru ábyrgð á Ara. Ég áttaði mig á því fyrir löngu að þær voru að passa starfið sitt og voru hræddar," segir Sólveig.

Þegar hún komst að þessu sagði hún þeim konum sem unnu hjá stofnuninni á þessum tíma að málið væri geymt en ekki gleymt. Það var í framhaldi af þeim orðum sem þær hófu, að sögn Sólveigar, að herja á hana. „Þær létu mig ekki í friði og héldu því fram að ég hugsaði ekki vel um börnin mín. Það var með ólíkindum hvernig þær töluðu. Foreldrar mínir voru kallaðir á fund þar sem þeim var sagt að þar sem stelpurnar mínar gengju ekki í merkjafötum þá gætu þær orðið fyrir aðkasti. Þá voru þær sagðar skítugar og bara ekki eðlilegar, sem var fjarri sannleikanum. Það sem er skrýtið er að ég átti þessar tvær dætur sem þær höfðu afskipti af. Ég átti líka tvo drengi sem bjuggu á heimilinu. Þær minntust ekki einu orði á drengina. Ég er einu sinni ekki viss um að þær hafi vitað ég ætti tvo drengi."

> Ég hef aldrei borið kala til Ara, hef ekki getað réttlætt það. Ég ber reyndar heldur ekkert kala til þessa fólks, þetta fólk hefur örugglega verið mjög hrætt alla ævi, að vera með morð á samviskunni.

Eftir þessar ásakanir ákvað Sólveig að fara með stelpurnar til barnalæknis á Akureyri sem komst að þeirri niðurstöðu að ekkert amaði að stelpunum. Umræddur læknir hafði í framhaldinu samband við barnaverndaryfirvöld. „Þá segist hann hafa grun um að málið hjá barnavernd sé persónulegt og til þess fallið að þagga niður í mér," segir Sólveig sem segir að ekki hafi liðið meira en vika frá athugasemdum barnalæknis þar til hún fékk símtal um að málið hefði verið látið niður falla.

„Eftir þetta var ég alltaf hrædd um að ég væri ekki að gera rétt. Ég var búin að missa eitt barn og var alltaf hrædd um hin börnin mín því það var fólk í bænum sem gat endalaust hamrað á manni," segir Sólveig og bætir því við að enn þann dag í dag sé víða pottur brotinn í málefnum barnaverndar á Íslandi.

Lífið með sorginni

Lífið hefur svo sannarlega ekki verið dans á rósum fyrir Sólveigu eftir morðið. Hún glímir við kvíða og var að lokum dæmd örorka, „Ónæmiskerfið bara hrundi og í gegnum árin hef ég þegið örorkubætur, sem er ekki gaman. Ég bað ekki um að verða öryrki en þannig fór það," segir Sólveig sem fór illa út úr bankahruninu 2008 eins og svo margir landsmenn. Sólveig dvaldi um tíma á Spáni og skildi við sambýlismann sinn.

Eftir skilnað spruttu svo upp deilur við fyrrverandi eiginmann sem að sögn Sólveigar hertók litla verbúð við Óseyri á Akureyri sem Sólveig átti. Það mál fór alla leið til Hæstaréttar þar sem Sólveig stóð uppi sem sigurvegari og endurheimti eignina. Þótt Sólveig hefði unni málið og endurheimt eignina var hún skuldum vafin. „Einhverra hluta vegna fórst það fyrir að ég gæti sótt um gjafsókn í málinu sem ég er mjög óhress með. Núna stend eftir með rúmlega þriggja milljóna króna reikning frá lögfræðingum, þrátt fyrir að hafa unnið málið," segir Sólveig sem býr um þessar mundir í verbúðinni.

Sólveig er afar ósátt við stjórnvöld í málinu og segir það enn eitt dæmið um hvernig íslenska ríkið hefur farið með hana. „Ég varð rosalega reið og þetta kórónaði öll mín samskipti við ríkið. Hér sit ég eftir, mjög blönk og er að reyna að safna mér peningum svo ég geti lakkað gólfið og gert þetta aðeins fýsilegra," segir hún og bætir við: „Ríkið hefur alveg séns á því ennþá að borga mér miskabætur. Íslenska ríkið er búið að eyðileggja líf mitt."

Sólveig og fjölskylda hafa ráðið sér lögfræðing til að fara ofan í saumana á morðinu á Hartmanni og það hvernig íslenska ríkið stóð að málum. „Morð fyrnist aldrei og nú er svo stutt síðan að hann viðurkenndi það opinberlega að hafa drepið Hartmann að við viljum kanna stöðu okkar." ■

Þeir sem hafa áhuga á að létta undir með Sólveigu og styrkja hana er bent á reikningsnúmerið ***0162-26-009777, kt. 210961-5859***

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN, VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!

Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.
Gæði bætiefna skipta öllu máli.
Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu.
Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Þú færð MyKind vörulínuna hjá Mamma vet best Laufbrekku 30 200 kópavogi, Njálsgötu 1 101 Reyjavík og á Mammaveitbest.is

Youtube-stjarna mætti á

Ráðstefnan **Midgard Reykjavik** var haldin helgina 15.–16. september og gekk vonum framar. Á sunnudeginum seldust miðarnir upp og töluvert var um erlenda ferðamenn á svæðinu. Allir „nördar“ gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal annars var boðið upp á borðspilamót, Cosplay-keppni, víkingaslag, fyrirlestra um Star Wars og uppistand. Tölvuleikjaframleiðendur, myndlistarmenn, góðgerðarsamtök og fleiri stilltu einnig upp sölu- og kynningarbásum.



Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Einn af fyrirlesurum ráðstefnunnar var Tom Vasel, þekktasti borðspilagagnrýnandi heims sem rekur Youtube-rásina The Dice Tower. Vasel, sem er upprunalega frá Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, hóf að skrifa gagnrýni árið 2002 þegar hann starfaði sem stærðfræðikennari í kristilegum skóla í Suður-Kóreu. Þetta vatt upp á sig og Vasel byrjaði með hlaðvarpsþátt og síðan Youtube-rás sem hefur sprungið út. Árið 2012 hætti hann að kenna og starfar nú alfarið við rásina.

Fjöldi einstaklinga úti um allan heim er nú með reglulega þætti en Vasel og félagar hans, Sam Healey og Zee Garcia, eru stærstu stjörnurnar. Garcia kom með Vasel til Íslands og lásu þeir upp sína víðfrægu topp 10 lista sem minna um margt á besta uppistand. Blaðamaður DV tók eitt spil við Vasel og ræddi við hann á eftir.

Bjóstu við að The Dice Tower yrði jafn stór og raunin varð?

„Já, ég ímyndaði mér það alveg. Ég ímynda mér alls konar hluti, risasórar ráðstefnur og fleira, en kannski ekki að þetta myndi vaxa svona hratt. Ég verð alltaf pirraður þegar ég sé viðtöl við einhvern sem hefur unnið America's Got Talent eða eitthvað í þeim dúr sem segir að hann hafi ekki búist við þessu. Þá hugsa ég alltaf: Jú, þú gerðir það! Þess vegna skráðir þú þig í keppnina,“ segir Vasel og hlær.

Vasel byrjaði að skrifa fyrir síðuna Boardgamegeek, sem er í dag stærsti gagnagrunnur og samskiptaforrit fyrir spilaáhugafólk. Fólk kunni að meta skrif hans og þess vegna hélt hann áfram.

Hversu marga fasta fylgjendur hefur Youtube-stöðin dag?

„Við erum komin upp í um 200 þúsund og við erum alltaf að þróast. Fyrst skrifin, svo hlaðvarpið, svo myndbandsupptökur og nú erum við byrjuð að sjá um ráðstefnur. Ég fer á um tólf ráðstefnur á ári, um eina á mánuði, því ég vil ekki vera fjarri fjölskyldunni of lengi.“

Internetið er grimmur staður

Tom og eiginkona hans Laura eru kirkjurækið fólk, búsett í Flórída-fylki. Þau eiga sjö börn sem koma iðulega fyrir í myndböndunum og ein af ástæðunum fyrir vinsældum rásarinnar er sú að þau hafa hleypt áhorfendum inn í líf sitt á opinskáan hátt. Tímabilið frá 2009 til 2011 var erfitt fyrir fjölskylduna því þá greindist ein dóttirin með langvinnan sjúkdóm. Í nóvember 2010 fæddist sonurinn Jack Vasel fyrir tímann en hann lifði aðeins í tvo mánuði. Í kjölfarið stofnuðu þau minningarsjóð í hans nafni og fer ágóðinn í að styrkja spilaáhugafólk sem á við erfiðleika að stríða.

„Mér datt aldrei í hug að það yrði nokkurn tímann ráðstefna hér á Íslandi. En þegar ég heyrði af henni vildi ég auðvitað koma. Það hefði í raun ekki skipt máli hvort ráðstefnan yrði haldin eða ekki, ég hefði verið ánægður að fá að koma til Íslands. Þetta er flottur og skemmtilegur staður, þó að allt sé reyndar dýrt hérna. Ég er ekki vanur að sjá svona landslag, fjöll, kletta, goshveri. Þetta er allt svo frumstætt enda hefur landið verið notað sem bakgrunnur í svo margar kvikmyndir. Í Flórída er allt grænt. Það sem mér líkar einnig er hversu rólegt allt er. Ólíkt Bandaríkjunum er enginn að flýta sér hér.“

Snýst allt heimilislífið um borðspil?

„Nei, alls ekki. Elsta dóttir mín hefur mikinn áhuga og hefur sjálf gagnrýnt spil á stöðinni. Sú næstelsta hefur engan áhuga á spilum en hún ljósmyndar og tekur upp myndbönd. Ég vill ekki vera „öfugur-nörd.“ Pabbi hafði mikinn áhuga á íþróttum en hann neyddi mig ekki til að taka þátt. Fólk hefur ólík áhugamál og það er í fínu lagi.“

Hvað er mest gefandi við þetta starf?

„Að hitta fólk úti um allan heim sem kemur og talar við mig,“ segir Tom ákveðinn. „Það vermir mér um hjartarætur þegar ég heyri sögur frá fólki sem segir að fjölskyldur þeirra hafi orðið nánari eftir að hafa horft á rásina og farið að stunda áhugamálið.“

En það versta?

„Netið getur verið grimmur staður og fólk skrifar þar hluti sem særa. Það er til fólk sem er illa við mig af einhverri ástæðu sem ég kann ekki að nefna. Þegar ég sé þannig skrif verð ég að minna mig á að þetta skiptir í raun og veru engu máli. Það getur þó verið niðurdrepandi stundum.“

Midgard í Laugardalshöll

LJÓSMYNDIR: DV/HANNA



Finnur þú fyrir þrýstingi frá hönnuðum og framleiðendum?

„Já, auðvitað. Þeir vilja alltaf að ég segi eitthvað jákvætt um spilin þeirra en ég verð að segja nei. Það getur samt verið erfitt því margir af þeim eru vinir mínir. En ef spil er slæmt þá er það slæmt og ekkert sem ég get gert í því. Ég er hreinskilinn og ekki ósanngjarn og flestir kunna að meta það.“

Hvernig líst þér á íslensku senuna?

„Ég er ekki búinn að sjá mikið af henni fyrir utan þessa ráðstefnu. Það sem mér hefur fundist merkilegast er að fólk er mjög upptekið af þemum í spilunum, hvert sögusviðið sé. Ég tek ekki eftir þessu annars staðar.“ ■

ARNAR GRÉTARSSON ER FARIÐ AÐ KLÆJA Í PUTTANA

Á leið í frekara nám sem þjálfari Náði góðum árangri í sínu fyrsta starfi

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is

Lítið hefur farið fyrir Arnar Grétarssyni fyrrum þjálfari Breiðabliks síðustu mánuði, hann hefur safnað að sér fróðleik og þekkingu. Hann er nú á leið í að mennta sig meira sem þjálfari og er farið að klæja í puttana um að komast aftur út á völl. Arnar var rúm tvö ár sem þjálfari Breiðabliks en var rekinn úr starfi í upphafi tímabils í fyrra. Uppsögn Arnars kom nánast öllum á óvart, þarna var gömul hetja mætt aftur til uppeldisfélagsins og hafði unnið gott starf að flestra mati. Hann var í sínu fyrsta starfi í þjálfun eftir farsælan feril sem leikmaður og síðan yfirmaður knattspyrnumála hjá AEK Aþenu og Club Brugge. Arnar byrjaði frábærlega í starfi, náði að bæta stigamet Breiðabliks í efstu deild árið 2015. Sumarið 2016 var lengi vel gott, liðið barðist á toppi deildarinnar en mistök undir lokin reyndust liðinu dýrkeypt, liðið missti af Evrópusæti. Þar bar Arnar talsverða ábyrgð en ekki síður leikmenn félagsins, það var svo eftir tvo leiki í fyrra sem Arnar var rekinn úr starfi. Hann hefur síðan þá rætt við nokkur félög um að koma aftur til starfa, bæði hér heima og ytra en ekki stokkið á það hingað til.

Á leið í UEFA Pro Licence ytra

Arnar hefur í nokkurn tíma reynt að komast að í UEFA Pro Licence, sem er hæsta menntun sem þjálfarar komst í dag, sem aðeins er hægt að taka ytra, nú er komið að því. Hann hefur fengið velvirði fyrir því að taka prófið í Belgíu en skoðar þó aðra kosti. ,,Ég er búinn að vera að bíða í langan tíma eftir því að komast í UEFA Pro Licence, allt frá því að ég kláraði A-stigið hjá KSÍ. Ég hef rætt við yfirmenn fræðslunefndar KSÍ, ég vildi strax komast í þetta. KSÍ hefur bara verið með eitt pláss í þetta í gegnum enska knattspyrnusambandið. Ég veit að það erfitt að komast í þetta, ég held veit að þeir séu komnir með fleiri pláss í dag í gegnum Írland og fleiri lönd. Því er Það orðið betra," sagði Arnar þegar við ræddum við hann um hvað væri í gangi hjá sér þessa dagana.

,,Ég hafði samband við Chris Van Puyvelde yfirmann íþróttamála hjá belgíska knattspyrnusambandinu hvort ég gæti tekið námskeiðið hjá þeim og tók hann strax mjög vel í það, af því fer þetta af stað, það er komið grænt ljós frá þeim, ég var að fylla út formlega umsókn hjá þeim um daginn. Eina sem ég er að skoða hvort það opnist dyr á þetta í gegnum annað land. Hjá Belgum þarf maður að mæta á þriggja vikna fresti í 16 mánuði, þeir eru alltaf með allan mánudaginn og hálfan þriðjudaginn, í þriðju hverri viku. Það eru því gríðarlega mikil ferðalög og flakk, ég ætla að skoða ef það eru aðrir möguleikar í stöðunni. Ef það kemur ekki, þá tek ég þetta. Mér skilst að þeir sem hafi farið til Bretlands, séu að fara fimm eða sex ferðir út í námið. Það munar um það, markmiðið er að klára þetta."

,,Ég horfi á þetta sem MBA nám fyrir knattspyrnuþjálfara, sama hvað menn gera svo í framhaldinu. Þetta nýtist á fleiri stöðum en þar samt, ég er búinn að vera í fótboltanum frá því að ég man eftir mér. Þetta er stór hluti af manni, þetta rúma ár án fótboltans hefur verið skrýtið. Maður hefur reynt að nýta þann tíma til að bæta við sig þekkingu."

Heilbrigt að hugsa hugmyndir sínar

Frá því að Arnar missti starfið í Kópavogi hefur hann reynt að bæta við sig þekkingu, hann segir að það geti verið hollt að líta aðeins í eigin barm i svona stöðu. ,,Það sem gerist þegar menn eru reknir, þeir fara að hugsa hlutina alla upp á nýtt. Menn setjast niður og setja spurningarmerki við það sem þeir voru að gera, hvað gerði ég rangt? Get ég, gert eitthvað betur. Það er bara heilbrigt, svona gera menn yfirleitt ekki nema að þeir lenda í svona mótlæti. Ég hef verið að panta mér bækur og lesa mér til gagns, það nýtist mér vonandi í framtíðinni. Manni er í raun farið að klæja í puttana að komast út á völl. Þegar þú ert þjálfari, þá sérðu eitthvað sem þú ert að búa til, þú sérð afraksturinn. Maður er með ákveðna hugmyndafræði, hvernig maður vill að leikurinn verði spilaður. Ég hef reynt að nýta mér þennan tíma vel."

> **Það sem gerist þegar menn eru reknir er að þeir fara að hugsa hlutina alla upp á nýtt**

Tók fram skóna í sumar

Þetta rúma ár sem Arnar hefur verið frá þjálfun er í raun í fyrsta sinn frá því að hann hóf að leika knattspyrnu sem ungur drengur, þar sem hann er ekki í fótboltanum. Það breyttist þó um mitt sumar þegar hann tók fram skóna, hann lék með Álftanesi í fjórðu deildinni. Liðið var mjög nálægt því að komast upp um deild. ,,Ég man bara eftir mér í fótbolta, það var skrýtið að vera ekki í neinu í eitt ár. Marel Baldvinsson (Þjálfari Álftanes) bjargaði sálinni, ég hjálpaði þeim reyndar ekki mikið. Ég fékk mjög mikið út úr því, þetta er flottur hópur. Að koma þangað sem leikmaður, var mjög gaman, reyndar hundgamall. Ég gat nánast verið afi sumra leikmanna. Það var rosalega gaman að taka þátt í því."

Byrjaður að sakna þess að þjálfa

Arnar segir að markmið sitt sé klárt, honum langi aftur út í þjálfun. ,,Fótboltinn hefur verið stórt partur af lífinu, ég held að allir þeir sem hafi spilað fótbolta kvitti undir það, að það er skrýtið að hætta að spila fótbolta. Það er erfitt að hætta spila, ég hef alltaf sagt við menn að spila eins lengi og þeir geta. Sama er svo með þjálfunina, ég finn það að maður er byrjaður að sakna þess. Fara ekki inn í klefa og reyna að búa til hluti. Það er best í heimi að spila fótbolta, þjálfunin kemur þar á eftir. Þú ert með í allri stemmingunni í kringum þetta, allt í kringum fótbolta er í blóðinu manns."

Skoðar þau tilboð sem koma

Arnar ætlar að vera með opinn huga og skoða það sem kemur á borð sitt. ,,Ég skoða allt sem kemur á borðið hjá mér, það er ýmislegt sem kemur til greina hjá manni. Auðvitað er það þannig í fótbolta, að allir sem taka þátt í leiknum vilja vera í Pepsi deildinni hér heima. Vera með lið sem gerir tilkall til þess að gera eitthvað. Svo verður bara að koma í ljós hvað verður í boði." ■

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR

ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Bjóðum sérhæfða þjónustu fyrir íbúðir í skammtímaleigu

Þrif ehf

Þrif ehf. | Lækjasmári 86 | 201 Kópavogur | Sími: 8989 566 | www.þrif.is | thrif@centrum.is

Hversu oft er nógu oft?

Hæ Ragga
Ég er tæplega fimmtugur karlmaður í hjónabandi með nokkrum árum yngri konu. Ólíkt því sem mér virðist normið hef ég aldrei verið konu minni ótrúr. Raunar finnst mér svo algengt að vinir mínir trúi mér fyrir hliðarsporum, að ég er farinn að halda að ég sé sá óeðlilegi. Í fyrri samböndum mínum var ég ekki heldur ótrúr.

Við konan stundum kynlíf einu sinni eða tvisvar í viku. Mér finnst það fínt en hún talar stundum um að við þurfum að taka okkur á og gera það oftar. Ástin milli okkar er mikil, við erum bestu vinir og gerum nánast allt saman. Ég vil gera allt til að henni líði vel og má ekki til þess hugsa að ég fullnægi henni ekki kynferðislega. Upp á síðkastið hef ég spáð í að kannski muni hún leita annað ef ég er ekki nóg fyrir hana, án þess að hafa nokkra ástæðu til að gruna hana um að svíkja mig. Það þarf varla að taka fram að við erum ekki í opnu sambandi eða neitt þannig.

Kæra Ragga, hvernig get ég gagnast elsku konunni minni betur?

Með kveðju, Jóhannes

Kæri Jóhannes
Já kannski ertu undantekningin – í það minnsta ertu af sjaldgæfri tegund, svo algengt virðist að fólk gangi á bak orða sinna hvað sambandssamninga varðar. Gildir þá einu hvort sambönd eru opin eða harðlokuð og læst – svik eru alltaf svik hvernig svo sem samningar kunna að vera. Húrra fyrir þér og húrra fyrir því að hafa í heiðri tilfinningalega samninga.

Spurningin um hversu oft sé passlegt að njóta ásta ber oft á góma. Ég þori næstum að fullyrða að allir sem hafa tekið þátt í langtímaparasamböndum hafa á einhverjum tímapunkti upplifað misræmi í kynlöngun sinni og mótaðilans. Að auki er þörf einstaklinga fyrir kynlíf ekki stöðugt fyrirbæri heldur sveiflukennt eins og hafið, tunglið og náttúran ... þó ekki jafn fyrirsjáanleg. Þegar tveir einstaklingar ákveða að vera í sambandi hvor með öðrum, og engum öðrum, er þetta eitt af verkefnunum sem þarf að leysa sómasamlega svo öllum líði vel.

Samkvæmt rannsóknum stunda hjón þar sem aðilar eru af tveimur kynjum kynlíf saman (ég segi hér saman því kynlíf má líka stunda einn) allt frá því nokkrum sinnum í mánuði upp í nokkrum sinnum í viku. Tölur eru svipaðar fyrir karlkyns hjón, en öllu lægri ef báðir aðilar hjónabandsins eru kvenkyns.

Þú spyrð hvað þú getir gert til að gagnast konunni þinni betur. Ég spyr hvaða sönnunargögn þú hefur fyrir því að þú gagnist henni ekki prýðilega? Hana langar oftar í þig, sem er vissulega vísbending um að hún kunni vel við kynlífið sem þið stundið. Ég er viss um að þú getir stutt hana til að fá þá auknu kynferðislegu útrás sem hún þráir, án þess endilega að þú vinnir í því að hífa þína eigin kynlöngun upp á hennar plan. Misræmi verður alltaf til og því þarf að lifa með. Mér finnst að þú ættir frekar að hvetja hana til meira kynlífs með sjálfri sér – SJÁLFSFRÓUNAR! Kannski vill hún leyfa þér að horfa á, jafnvel halda utan um hana á meðan. Þá ertu þátttakandi án þess að vera beinlínis virkur. Auðvitað að því gefnu að þú sért til í það og njótir þess líka. Skrepptu í leikfangaverslun fyrir fullorðna og veldu handa henni fallegan titrara ... haltu áfram að vera hugulsamur og ljúfur eiginmaður – þannig finnur hún ást þína, og fallega innpakkaður titrari gefur henni rækileg skilaboð um að þú berir hennar kynferðislegu velferð fyrir brjósti.

Gangi þér vel!
Ragga



„Vonandi verður enginn stunginn með einum af þessum pinnum, þá verður örugglega borðað með höndunum í næstu veislu.“

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi.
raggaeiriks.com
raggaeiriks@gmail.com

Út og suður
upp og niður

Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.

AVAXTA-
BILLINN
Ávaxtaðu betur



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Tímavélin



Vald konunnar.

Fallegur og áhrifamikill sjón-
leikur, — snildarlega
vel leikinn.

Gamla auglýsingin

7. september 1916 Vísir

MYRTI FYRRVERANDI EIGINKONU SÍNA EN FÉKK LÖGMANNSRÉTTINDIN AÐ NÝJU

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Árið 1967 myrti lögmaðurinn Þorvaldur Ari Arason fyrrverandi eiginkonu sína, Hjördísi Úllu Vilhelmsdóttur, á hrottafenginn hátt. Stakk hann hana margsinnis með eldhúshníf á heimili hennar í vitna viðurvist. Þrettán árum síðar hafði hann afplánað sinn dóm, fengið uppreist æru og fékk að flytja mál fyrir Hæstarétti að nýju. Saga Þorvaldar hefur verið sett í samhengi við mál lögmannsins Atla Helgasonar sem í tvígang hefur reynt að fá lögmannsréttindi sín eftir afplánun fyrir morð.

Öllu er lokið

Klukkan rúmlega níu að morgni laugardagsins 7. janúar árið 1967 varð eldri kona vör við mikinn skarkala í húsi sínu. Hún var íbúi á efri hæðinni á Kvisthaga 25 í vesturbæ Reykjavíkur en hávaðinn kom af neðri hæðinni. Hávaðinn var slíkur að henni stóð ekki á sama og bankaði hjá nágrönnum sínum til að spyrja hverju sætti. Dyrnar voru ekki opnaðar en fyrir innan heyrðist rödd sem bað hana að kalla til lögreglu sem hún gerði.

Tveir lögregluþjónar komu á bíl og fundu Þorvald Ara Arason, þekktan lögmann, sitja á útidyratröppunum, augljóslega mjög drukkinn og var hann ataður í blóði. Hann var 38 ára gamall á þessum tíma og hafði margsinnis rætt við lögregluþjónana í tengslum við ýmis mál. Annar lögregluþjónninn spurði Þorvald hvað hann væri að gera og Þorvaldur svaraði rólegur: „Eiginlega ekkert, öllu er lokið.“

Lögregluþjónarnir báðu Þorvald að bíða rólegan á meðan þeir athuguðu hvað hefði skeð í húsinu og samþykkti hann það án mótmæla. Þegar þeir komu inn á neðri hæðinni blasti við þeim sjón líkt og úr svæsnustu hryllingsmynd.

Blóð var uppi um flestalla veggi íbúðarinnar og ljóst að mikil átök höfðu átt sér stað. Mesti blóðferillinn var í tveim forstofum íbúðarinnar. Þegar lögregluþjónarnir litu inn á baðherbergið fundu þeir mjög illa farið lík konu í baðkarinu. Þetta var Hjördís Úlla, fyrrverandi eiginkona Þorvaldar, og jafnaldra hans. Hún hafði verið stungin margsinnis með eggvopni, í andlitið, brjóstkassann, magann og á aðra staði líkamans. Hún hafði ekki verið myrt í baðkarinu heldur dregin þangað af Þorvaldi.

Þorvaldur og Hjördís voru ekki ein þegar ódæðið var framið og lögreglumennirnir fundu annað fólk fyrir í íbúðinni. Fullorðnar mæðgur, frænkur Þorvaldar sem dvöldu í einu herbergi voru vitni að þessu, sem og sex ára dóttir Þorvaldar og Hjördísar. Eldri frænkan hafði reynt að stöðva árásina og sjálf fengið skurð á hné. Hún var ekki talin í hættu en var engu að síður send á spítala.

Aðstoðarborgarlæknir mætti á svæðið og úrskurðaði Hjördísi látna á staðnum. Þorvaldur var handtekinn og færður til yfirheyrslu í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Mæðgurnar voru einnig yfirheyrðar sem vitni. Hafin var rannsókn og fannst þá morðvopnið, 20 til 25 sentimetra langur eldhúshnífur, mjög oddhvass.

Kom með hnífinn með sér

Þorvaldur og Hjördís giftust árið 1953 og áttu saman fjögur börn. Eftir að þau skildu, um mánuði fyrir þennan örlagaríka dag, voru börnin hjá móður sinni. Þrír drengir þeirra, á aldrinum átta til tólf ára, voru farnir út þegar Þorvaldur bankaði upp á og vildi komast inn.

Þorvaldur hafði verið í samkvæmi kvöldið áður en farið heim til að sækja áfengisflösku. Þá náði hann einnig í eldhúshnífinn. Hann fór þá aftur í samkvæmið og drakk stíft. Klukkan 7.45 tók pantaði hann leigubíl að bakaríinu í Skjaldbreið en leigubíllinn var farinn þegar hann kom þaðan út. Þá fékk hann far með öðrum bíl að Kvisthaga. Þegar hann kom þangað vildi Hjördís ekki hleypa honum inn enda var hann mjög ölvaður.

Hann byrjaði þá að öskra og láta mjög dólgslega. Braut hann rúðu á útidyrahurðinni og setti höndina inn fyrir til að opna og sá heimilisfólk þá að hann var með hnífinn með sér. Þorvaldur var mjög æstur og reifst hátt við Hjördísi. Eftir það veittist hann að henni með hnífnum og frænkan reyndi að ganga á milli. Lauk árásinni með þessum voveiflega hætti.

Við yfirheyrslur viðurkenndi Þorvaldur að hafa komið með hnífinn með sér en neitaði hins vegar að hafa drepið Hjördísi að yfirlögðu ráði. Hann hafi ætlað að láta hana fá hnífinn til þess að vinna á honum sjálfum. Var hann dæmdur í gæsluvarðhald og látinn gangast undir geðrannsókn.

Lokuð réttarhöld

Rannsókn málsins stóð yfir fram á sumarið og í maí var hann metinn sakhæfur eftir geðrannsókn. Eftir það var ákæra á hendur honum birt og réttarhöldin undirbúin. Þann 13. september hófust réttarhöldin í Sakadómi Reykjavíkur og athygli vakti að þau voru lokuð almenningi, sem er harla óvenjulegt í morðmálum. Var það ekki að ósk Þórðar Björnssonar dómsforseta heldur bæði verjanda og saksóknara. Sagði verjandi það gert vegna viðkvæmrar stöðu vitna.

Þann 30. október var dómur kveðinn upp í málinu og var Þorvaldur fundinn sekur um að hafa ráðið Hjördísi bana. Hlaut hann sextán ára fangelsisdóm sem var með allra þyngstu dómum sem hafa fallið hér á landi eftir að dauðarefsing var afnumin. Að auki var hann sviptur lögmannsréttindum sínum og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 14. október ári síðar og hóf Þorvaldur afplánun í fangelsinu að Litla-Hrauni.

Björg stökk fyrst kvenna í fallhlíf á Íslandi

Þann 12. júní árið 1967 var brotið blað í áhættuíþróttasögu landsins þegar fyrsta konan fór í fallhlífarstökk hér á landi. Það var Björg Kofoed-Hansen, átján ára, sem varpaði sér úr flugvél yfir Sandskeiði, austan við Reykjavík. Faðir hennar var Agnar Kofoed-Hansen, flugmálastjóri og fyrrverandi lögreglumaður, en hann stökk ári áður, fyrstur karla.

Blaðamenn Morgunblaðsins fylgdust með stökkinu og þegar þeir komu að var Eiríkur Kristinsson, flugumferðarstjóri og fallhlífarstökkskennari, að gefa Björgu síðustu leiðbeiningarnar. „Mundu nú að telja,“ sagði Einar og Björg virtist ókvíðin.

Vélin tók á loft og hringsólaði nokkra hringi yfir útbreiddu marki. Björg stökk út og fimm sekúndum síðar opnaðist hlífin. Töluverður vindur var á Sandskeiði og Björg sveif nokkuð frá markinu en eftir tveggja mínútna svif lenti hún heilu og höldnu.

„Þetta var stórkostlegt,“ sagði Björg eftir lendinguna. Sagði hún blaðamanni að hún hefði aldrei komið auga á markið en jafnframt að hún hefði aldrei orðið hrædd. „Það var enginn tími til slíks.“

Björg sagðist ætla að halda áfram og gæti vart beðið eftir næsta stökki. Hún sagði að áhuginn hefði kviknað eftir að faðir hennar stökk ári áður. Þá hafi hún strax byrjað að læra sjálf. Hún stóð við stóru orðin og stökk fjórum sinnum á tveimur árum. ■

Kvisthagi 25, Alþýðublaðið 8. janúar 1967

Þorvaldur afplánaði ekki þegjandi og hljóðalaust. Innan múra skrifaði hann greinar um ástand réttarkerfisins hér á landi sem honum fannst bagalegt. Betrun væri engin, litið væri á fangana sjálfa eins og svín og ekkert væri hugað að andlegri heilsu þeirra. Sjálfur sneri hann sér að listmunagerð, leirkeragerð og bókbandi. Hannaði hann til dæmis verk úr sígarettupökkum sem átti að túlka íslenska réttarkerfið.

Umdeildur lögmaður

Árið 1975 var Þorvaldur kominn úr fangelsinu og á fjögurra ára skilorð. Um tíma vann hann verkamannavinnu og lærði bókasafnsfræði. Tveimur árum síðar fór hann aftur að starfa í tengslum við lögfræði og árið 1980 fékk hann full lögmannsréttindi að nýju eftir úrskurð Sakadóms Reykjavíkur. Það var á meðal síðustu embættisverka Kristjáns Eldjárns, forseta Íslands, að veita honum uppreist æru þann 3. júlí það ár.

Bæði Lögmannafélagið og dómsmálaráðuneytið veittu jákvæða umsögn fyrir því að Þorvaldur fengi réttindin að nýju en úrskurðurinn var þó ekki óumdeildur. Þórður Björnsson, þá ríkissaksóknari, fékk hann í hendur og kærði til Hæstaréttar. Um miðjan október staðfesti Hæstiréttur úrskurðinn og mánuði síðar flutti Þorvaldur mál fyrir sama rétti, tæpum fjórtán árum eftir að hann myrti fyrrverandi eiginkonu sína.

Þorvaldur var síður en svo lítið áberandi og óumdeildur í þjóðfélagsumræðunni síðustu árin og beitti sér á hinu pólitíska sviði. Árið 1986 var umræða um að vísa honum úr Lögmannafélaginu eftir að hann kallaði Jón Skaftason yfirborgarfógeta „keyptan kommúnista“ og árið 1990 var hann kærður fyrir fjárdrátt frá umbjóðanda sínum. Það sama ár vildi Þorvaldur á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðurlandskjördæmi vestra en flokksforystan lagði ekki í prófkjör. Hann lést árið 1996.

Mál Atla Helgasonar

Mál Þorvaldar Ara hefur verið sett í samhengi við mál annars lögmanns, Atla Helgasonar, sem mikið hefur verið í umræðunni undanfarin ár. Atli var dæmdur fyrir morðið á Einari Erni Birgissyni, félaga sínum, sem framið var með hamri í Öskjuhlíðinni 8. nóvember árið 2000. Hann hlaut sextán ára fangelsisdóm og missti lögmannsréttindi sín en var kominn á Vernd níu árum eftir uppkvaðningu.

Árið 2014 greindi DV frá því að Atli væri hluthafi í lögmannsstofunni Versus og ári síðar fékk hann uppreist æru hjá forseta. Rétt eins og Þorvaldur vildi hann fá réttindin aftur og sótti um þau árið 2016.



DV 11. maí 1988

Þegar taka átti málið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur hætti hann hins vegar snögglega við og sagði að starfsréttindi sín væru minna virði en þjáningar aðstandanda Einars. En þá hafði Lögmannafélagið lagst gegn því að Atli fengi réttindin að nýju.

Eftir að barnaníðingurinn Róbert Downey fékk sín lögmannsréttindi endurheimt árið 2017 ákvað Atli að sækja um á nýjan leik. Í máli Downeys hafði komið fram að umsögn Lögmannafélagins væri óþörf ef félagið hefði ekki komið beint að sviptingu. Vorið 2018 fékk Atli því réttindin samþykkt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar málið kom til Landsréttar var umsókninni hins vegar synjað í ljósi þess að Atli hafði orðið gjaldþrota og ekki áunnið sér traust sem lögmenn verða að njóta. ■

Vessa- og hægðasprengja í Kirkjuhúsi

Gestum Listahátíðar árið 1998 stóð ekki á sama þegar brestir komu í glerlistaverk sem innihélt meðal annars saur, þvag og annan líkamlegan úrgang. Verkið, sem var geymt í Kirkjuhúsinu, sprakk og loka þurfti búðinni í marga daga.

„Þetta var flaska sem sat í svampi. Það var verið að færa verkið til þegar það skemmdist,“ sagði Jón Proppé, ritstjóri Art.is, í samtali við DV 9. júní árið 1998. „Það segir sig auðvitað sjálft að ef svona flaska opnast kemur fýla. Ég held samt að allir starfsmenn Kirkjuhússins séu nokkuð heilir.“

Umrætt verk hét „Tikk Takk“ og var eftir listaparið Ólaf Árna Ólafsson og Libiu Perez de Siles de Castro. Sýningin bar heitið „Flögð undir fögru skinni“ og var í Nýlistasafninu og fjórtán verslunargluggum á Laugaveginum. Ólafur og Libia voru búsett í Hollandi og fluttu verkið sérstaklega til landsins fyrir sýninguna.

Biskup beðinn afsökunar

Verkið var gert úr öllum hugsanlegum mannlegum vessum og úrgangi, svo sem hægðum, hlandi, blóði, tíðablóði, tárum, svita og hori og geymt í tíu lítra formalínskrukku. Áhorfendur og starfsmenn Kirkjuhússins hafa þó kannski ekki áttað sig á úr hverju verkið var því það var ekki auglýst sérstaklega. Fýlan, þegar flaskan sprakk eftir vikusetu í Kirkjuhúsinu, leyndi sér þó ekki.

„Hvað eruð þið búin að láta okkur fá?“ spurði yfirmaður Kirkjuhússins, Hannes Sigurðsson, sem sá um sýninguna. Hafði starfsfólk þar talið að hinn mannlegi úrgangur væri rusl en ekki vessar og hægðir. Hannes mætti á svæðið og sagði Fréttablaðinu frá því:

„Ég kom þarna inn og hef aldrei á ævi minni fundið aðra eins lykt og þá sem steig upp eftir allri byggingunni og upp í biskupsstofu. Þetta var lykt frá helvíti.“

Það þurfti að kalla til hreinsiteymi í sérstökum búningum til að þrífa óþverrann upp og loka þurfti búðinni í viku. Hannes gekk svo á fund Karls Sigurbjörnssonar biskups með blómvönd og gjöf og baðst innilegrar afsökunar. ■



Fyrstu umferðarljósin í bænum

Haustið 1949 voru umferðarljós sett upp hér á landi í fyrsta skipti enda bifreiðaeign landsmanna að aukast jafnt og þétt. Var ljósunum komið fyrir á fjórum fjölförnustu gatnamótum í miðbæ Reykjavíkur.

Þann 8. nóvember var ljósunum komið fyrir. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri og Einar B. Pálsson verkfræðingur fylgdust vel með á gatnamótum Laugavegar og Skólavörðustígs. Margir vegfarendur hópuðust einnig að.

Voru ljósin talin „hin sanngjörnustu og stöðva engan lengur en bráðnauðsynlegt er til að viðhalda góðri reglu á umferðinni“ eins og segir í frétt Morgunblaðsins.

Var brýnt fyrir öllum ökumönnum að fylgja götuvitunum skilyrðislaust. Undan því voru þó þegnir slökkviliðsbílar, lögreglubílar og bifhjól. Í Vísi sagði:

„Annars er mikil prýði að ljósunum, er rökkva tekur, þau setja nýjan og skemmtilegan svip á bæinn, og óhætt er að fullyrða, að menn myndu sakna þeirra, er þau hyrfu.“ ■

15. ágúst 1977 – WOW!

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is

Aðfaranótt 15. ágúst 1977 var eins og hver önnur næturvakt í Big Ear útvarpssjónaukanum hjá The Ohio State University í Bandaríkjunum. Skyndilega nam tækjabúnaðurinn óðruvísi merki en venjulega. Það varði í 72 sekúndur og var „hávært“ og mun sterkara en önnu merki sem bárust utan úr himingeimnum þessa nótt. Merkið var einnig á þröngu tíðnisviði, það náði aðeins yfir mjög lítið tíðnisvið, svipað og gervimerki. Merkið var á tíðninni 1,420 megahertz sem er einnig köllað 21 sentimetra línan. Það er sama tíðni og útvarpsbylgjur sem hlutlaus vetnisgös úti í geimnum senda frá sér. Þessi tíðni er að mestu laus við hljóðtruflanir frá öðrum hlutum. Einn þeirra vísindamanna sem unnu í Big Ear hafði mikinn áhuga á þessari tíðni í leitinni að merkjasendingum frá vitsmunaverum utan jarðarinnar og taldi að tíðnin gæti verið notuð til að senda skilaboð um óravíddir alheimsins.

Merkið var ekki endurtekið og síðari tilraunir til að finna það báru ekki árangur. Á þessum tíma var Big Ear útvarpssjónaukinn notaður til að leita að merkjasendingum frá vitsmunaverum utan jarðarinnar en enginn hafði búist við að sjá neitt í líkingu við þetta merki og það heyrðist aldrei aftur í Big Ear. Þar sem fleiri merki bárust ekki var ómögulegt að segja mikið um merkið og það var líka erfitt að rekja uppruna þess, hvaðan það var sent, vegna þess hversu skammvinnt það var. Það virtist koma frá Bogmannsmerkinu en ekki var hægt að segja til um það með fullri vissu.

Stjörnufræðingurinn Jerry R. Ehman tók eftir merkinu nokkrum dögum síðar þegar hann var að fara yfir gögn sem Big Ear hafði numið. Hann skrifaði þá WOW! með rauðum penna á útprentun á merkinu og gerði hring utan um það. Það varð síðan þekkt sem WOW! merkið.

Ehman og fleiri stjörnufræðingar reyndu ítrekað að nema merkið aftur og bera kennsl á það og uppruna þess. Reiknað var með að merkið myndi heyrast með þriggja mínútna millibili í móttökuhornum útvarpssjónaukans en það gerðist ekki. Ehman reyndi í marga mánuði að finna merkið aftur eftir að Big Ear nam það fyrst en án árangurs.

1987 og 1989 leitaði Robert H. Gray að merkinu með því að nota META loftnetssamstæðuna í Oak Ridge Observatory en hann fann það ekki. Það sama var uppi á teningnum 1995 þegar H. Paul Shuch, forstjóri SETI (sem er verkefni sem snýst um að leita að vitsmunalífi utan jarðarinnar), gerði nokkrar tilraunir með 12 metra útvarpssjónauka hjá National Radio Astronomy Observatory í Green Bank í Vestur-Virginíu. Hann gerði aðra tilraun, sem stóð frá 1995 til 1996, og notaði þá Very Large Array, sem er miklu nákvæmari en Big Ear en niðurstaðan var sú sama, ekkert heyrðist.

Árið 2012 voru 35 ár liðin frá því að WOW! merkið heyrðist. Til að halda upp á það var straumur stafrænna merkja sendur frá Arecibo stjörnuathugunarstöðinni í átt að upptakasvæði merkisins. Sendingin samanstóð af um 10.000 Twitter-skilaboðum sem voru samin sérstaklega af þessu tilefni af National Geographic Channel og var myllumerkið #Chasing UFOs notað en það var um leið kynning á samnefndri þáttaröð sjónvarpsstöðvarinnar. Einnig fylgdu með stutt myndskeið þar sem frægt fólk flutti stutt skilaboð.



Wow! merkið fræga

Margar kenningar hafa verið settar fram í gegnum tíðina um uppruna merkisins. Því hefur verið varpað fram að það hafi átt náttúruleg upptök. Aðrir hafa haldið því fram að það hafi verið af völdum vitsmunavera. En þær skýringar sem voru settar fram skýrðu merkið ekki og áratugum saman var það talið sterkasti möguleikinn á að við hefðum numið merkjasendingu frá vitsmunaverum utan jarðarinnar.

40 árum síðar töldu vísindamenn sig hafa leyst málið

Eins og gefur að skilja höfðu vísindamenn og áhugamenn um rannsóknir á himingeimnum velt þessu máli fyrir sér í gegnum tíðina. Það var síðan á síðasta ári sem vísindamenn töldu sig hafa fundið skýringuna á uppruna hins dularfulla WOW! merkis. Þá stigu vísindamenn við the Centre of Planetary Science fram og sögðust hafa skýringu á hugsanlegum uppruna merkisins. Þeir sögðust telja að merkið hafi komið frá halastjörnu sem ekki hafi verið þekkt 1977 þegar merkið barst til Big Ear. Nánar tiltekið sögðu þeir að merkið hafi komið frá vetnisskýi sem fylgdi halastjörnunni. Þeir sögðu að hreyfingar halastjörnunnar skýrðu af hverju merkið hafi aldrei heyrst aftur. Tvær halastjörnur voru á ferð um himingeiminn, á því svæði sem talið er að Big Ear hafi numið merkið frá, 1977 en á þeim tíma var ekki vitað um tilvist þeirra. Þær birtust aftur á himinhvolfinu frá nóvember 2016 þar til í febrúar 2017 og þá höfðu vísindamenn tækifæri til að prófa kenningu sína. Að þeirra sögn pössuðu merkin sem bárust frá þeim við WOW! merkið sem Big Ear útvarpssjónaukinn nam 40 árum áður. Til að staðfesta þetta enn betur rannsökuðu þeir merki frá þremur halastjörnum til viðbótar og fengu svipaðar niðurstöður. Vísindamennirnir segja að þeir geti ekki sagt til um með fullri vissu að WOW! merkið hafi borist frá þessum tveimur halastjörnum en geti með nokkuð mikilli vissu sagt að það hafi átt uppruna sinn hjá einhvers konar halastjörnu. ■

Ekki láta þitt eftir liggja –vertu Pikk-UPP

Okkar nánasta umhverfi skiptir okkur miklu máli.

Við þurfum hvert og eitt okkar að taka ábyrgð, hugsa um umhverfið og henda rusli.

Tökum skrefið lengra, teygjum okkur eftir ruslinu og hendum því í þar til gerð ruslaílát eða poka, þó það sé ekki okkar rusl.

Hvað er Pikk-UPP?

- Það að vera **Pikk-UPP** snýst um að tína upp rusl á förnum vegi þar sem þú ert að ganga eða hreyfa þig.
- **Pikka-Upp** rusl um leið og þú nýtur útiveru með fjölskyldunni.

Eða af því að þú ákveður að fara út og **Pikka-UPP**

- rusl.

Betri umgengni byrjar hjá þér!

NORÐURÁL

HB GRANDI

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

HAFNARFJÖRÐUR

Kennedy var veikur og kvalinn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Bandaríkjaforsetinn John F. Kennedy er tvímælalaust með þeim myndarlegri í sögunni og sjarminn lak af honum. Hann var slík stjarna að sjálf Marilyn Monroe söng afmælissönginn fyrir hann á 45 ára afmælinu. Í fjölmiðlum var hann sýndur sem boðberi nýrra tíma, ungur og ferskur, heilbrigð Ameríka framtíðarinnar. Í raun og veru var hann einn heilsuveilasti Bandaríkjaforseti sögunnar.

Fárveikur forseti

Það var sagnfræðingurinn Robert Dallek sem rannsakaði læknaskýrslur Kennedys frá árunum 1955 til 1963. Árið 2002 gaf hann út skýrslu sem sýndi allt aðra mynd af Kennedy en við erum vön að sjá. Árið síðar gaf Dallek út metsölubók um ævi og heilsu forsetans. Í rannsóknum Dalleks kom í ljós að Kennedy var með mjög hátt kólesteról, ristilbólgur og aðra meltingarfærasjúkdóma, hann fékk gigtarköst, hitaköst, niðurgang, þvagfærasýkingar, glímdi við svefnleysi og fékk iðulega stór graftarkýli á líkamann.

Kennedy var undir stöðugu eftirliti Janet Travell, læknis Hvíta hússins, og var reglulega sprautaður með ótal lyfjakokteilum. En heilsubrestur Kennedys var svo mikill að tveir aðrir læknar voru kallaðir til til að meðhöndla hann. Voru þeir ekki alltaf sammála og samtaka um meðferðir. Aukaverkanirnar af lyfjunum gátu valdið dómgreindarbresti, ofvirkni og miklum skapsveiflum. Þegar einn læknanna, George Burkley, tók yfir lyfjagjöfina og hætti að sprauta forsetann með sterum og amfetamíni virtust ákvarðanir hans verða betri. Sumir vilja þakka farsæla lausn Kúbudeilunnar nefndum Burkley.

Ruðningsslys og sjaldgæfur nýrnasjúkdómur

Rótin að flestum sjúkdómunum og einkennunum var sjaldgæfur nýrnasjúkdómur sem kallast Addisons. Kennedy var greindur með Addisons aðeins þrítugur, árið 1947, þegar hann var nýkjörinn í fulltrúadeild þingsins. Ótengt því var Kennedy einnig haldinn alvarlegum skjaldkirtilsvandamálum og þjáðist mögulega af sjálfsofnæmi.

Það voru ekki aðeins sjúkdómar sem hrjáðu Kennedy heldur einnig slys. Í háskóla, árið 1937, lenti Kennedy í ruðningsslysi og fékk mikið högg á bakið. Eftir þetta var hann sárkvalinn af bakverkjum. Þegar stríðið braust út og hann vildi þjóna í hernum stóðst hann ekki læknisskoðun. Faðir hans, sem var sendiherra á Bretlandi, kom því hins vegar í kring að sjóherinn tók við honum. En þegar Kennedy bjargaði félaga sínum í árás japanska hersins á Kyrrahafi ágerðust meiðslin enn frekar. Bakverkirnir háðu Kennedy út lífið og voru svo miklir að hann var skorinn upp á mænu vegna þeirra.

Hvíta húsið passaði vel upp á að ekki yrði greint frá þessum alvarlegu heilsufarsvandamálum forsetans og meðhöndlunin var gerð með mikilli leynd. Eins og flestir vita var Kennedy myrtur þann 22. nóvember árið 1963 í Dallas, aðeins 46 ára gamall.■

Kennedy og Krjúsjov 1961

TÝNDA DÓTTIR ALBERTS EINSTEIN

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Nóbelsverðlaunahafinn Albert Einstein er þekktastur fyrir áhrif sín á eðlisfræðina og vísindin öll. Nafn hans er orðinn samnefnari fyrir gáfur. Einstein átti tvo syni með fyrri eiginkonu sinni, þá Hans og Eduard. Það var ekki fyrr en rúmum þrjátíu árum eftir dauða hans að uppgötvaðist að hann átti þriðja barnið, stúlkuna Lísu sem enginn veit hvað varð af.

Fór úr háskóla til að eignast barn

Albert Einstein kynntist fyrri eiginkonu sinni, Milevu Maric, árið 1896 í tækniháskólanum í Zurich í Sviss. Þau voru þá bæði að afla sér réttinda til að kenna stærðfræði og eðlisfræði. Mileva var serbnesk að uppruna og augljóslega bráðgáfuð því fáum konum var hleypt inn í háskólana á þessum tíma. Þau námu saman í skólanum um nokkurra ára skeið, urðu góðir vinir og loks elskendur en hún var fjórum árum eldri en hann.

Árið 1901 varð Mileva þunguð eftir Einstein en þau voru þá enn ógift. Á þeim tíma þótti það mikil skömm að eignast barn utan hjónabands og þungunin hafði mikil áhrif á Milevu. Hún náði ekki nógu góðum einkunnum til að halda náminu áfram og ákvað að fara heim, til borgarinnar Novi Sad í Austurrísk-ungverska keisaradæminu, og eignast barnið.

Tveimur árum síðar var Mileva komin aftur til Sviss án barnsins. Þau Albert giftu sig og fluttu til höfuðborgarinnar Bern. Í maí árið 1904 eignuðust þau Hans og sex árum síðar Eduard. Árið 1914 fluttu þau til Berlínar en Mileva fór frá Albert, aftur til Zurich, eftir að hún komst að því að hann var ástfanginn af frænku sinni Elsu Löwenthal. Árið 1919 gekk skilnaðurinn í gegn og Albert giftist Elsu það sama ár.

Þegar Albert hlaut nóbelsverðlaunin fyrir framlag sitt til eðlisfræðinnar árið 1921 tók hann aðeins medalíuna en Mileva fékk peningaverðlaunin. Þau átti að nýta til að framfleyta Hans og Eduard enda voru þeir hans einu afkomendur. Eða hvað?

„Er hún heilbrigð?“

Mileva lést árið 1948 og Albert 1955 en lengi vissi enginn af fyrsta barninu sem Mileva ól í Novi Sad. Árið 1986 fundust sendibréf á milli Alberts og Milevu frá 1901 og 1902 í fórum Evelyn, elstu dóttur Hans. Í bréfunum skrifuðu þau um barnið sem var á leiðinni. Albert kallaði það Hans (eða Hansel) því hann vildi eignast son en Mileva kallaði barnið Lísu (Lieserl) því hún vildi eignast dóttur.

Út frá þessum bréfaskriftum var hægt að sjá að Mileva hefur eignast dóttur í upphafi árs 1902. Þann 4. febrúar skrifaði Albert: „Nú sérðu loksins að þetta er Lísa, alveg eins og þú vildir. Er hún heilbrigð og grætur hún eins og börn eiga að gera? Ég elska hana svo mikið jafnvel þó að ég hafi aldrei hitt hana.“

Síðasta bréfið þar sem Lísa er nefnd er frá september þetta sama ár. Þá hafði Albert áhyggjur af því að hún væri með skarlatssótt. Einnig spurði hann hvort dóttirin væri „skráð“ og sagði að þau mættu ekki „gera neitt sem gæti valdi henni vandræðum síðar meir.“ Hvað þetta þýddi nákvæmlega er óljóst en eins og áður segir kom Mileva ein til Zurich árið sem þau giftust. Albert sagði fjölskyldu sinni aldrei frá Lísu.

Var Lísa ættleidd?

Ýmsar kenningar eru til um afdrif Lísu litlu og hafa heilu bækurnar verið ritaðar um þær. Flestir telja að Lisa hafi látist úr skarlatssótt. Sumir telja að Mileva hafi gefið hana til ættleiðingar, annaðhvort til ættingja sinna eða annarra. Sagnfræðingurinn Robert Schulmann kom fram með þá kenningu að Mileva hefði gefið vinkonu sinni, Helene Savic, dótturina og hefði hún þá fengið nafnið Zorka eða Zora Savic. Óvíst er hvort stúlkan hafi nokkru sinni verið skírð Líeserl.

Zorka Savic var blind og ekki dóttir Helene. Hún giftist aldrei og fjölskylda hennar varði hana fyrir nærgöngulum blaðamönnum þegar kenningin fór að vinda upp á sig. Frændfólk hennar hélt því statt og stöðugt fram að hún væri ekki dóttir Einsteins en hefur aldrei getað sýnt fram á það með neinum gögnum. Sagt er að Zorka hafi látist á tíunda áratug síðustu aldar í Serbíu. ■

Helgarkrossgátan

Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	málmur	kyrrð	■	■	paur	elska	harma	gin
→			↴	fljótfærni / 49				
plönturnar								
■		borð / vinnuvélin						
ferskur				■	1	2 eins / lækurinn		
■	drykkur / rausa		2	gabb / kvakar				
þari					■		elgurinn	
kofurnar / næring					7			

krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510	↓	öxull / útlimir			líkamshluti			vakin
lækningu	5				brynnir / meiða			
þjóð				horfir / hvað?		sprengjan	góma	
röð			líkamshluta / snugg			kvendýr		fugl
frosk-maðurinn							veisla	
spræk				storm / litaðan		geta		2 eins
■		kvendýr / dottin			prjónn		skáld / vinnusama	
togaði						fuglinn / ávexti	3	
líkams-hluti			skituga		álpast	uns		gripdeildin	gjóta
■	tugga / háskann					jafnskjótt			
vegvísinum							agn / reigðar		
fiflin						árfeðurna / riðnar			
■	8	ílát		vanka / þraut				bága	eina til
mjög					klædda				
■	2 eins	4	frá	6	sólguð		röð		brall í bauk	
rafta							hrjáir			
sankar							komast			

1	2	3	4	5	6	7	8

Sudoku

Auðveld

	2	7	5			1		
	5		4		2			
8		1	6			2		
7	3		8		5	6		1
							9	
6	1		7				8	
1					8	7	3	5
2					6			
	9	3	1	4		8		

Erfið

						7		
1		7	4			5		
3			2				9	
					2			4
	8					3		5
9	6				8			
			7			8		
	1	2	9			4		
		5				6	1	3

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Hallfríður Frímannsdóttir
Sólheimum 14
104 Reykjavík

Lausnarorðið var **KARTAFLA**

Hallfríður hlýtur að launum bókina Líkblómið

Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin Hvert andartak enn á lífi

Höfundur: Tom Malmquist

Hvert andartak enn á lífi er ógleymanleg saga um árið þegar allt breyttist, saga um missi og djúpa sorg, ástina, lífið og dauðann.

Karin og Tom eiga von á fyrsta barni sínu þegar Karin veikist skyndilega og er flutt í snarhasti á sjúkrahús. Barnið er tekið með bráðakeisaraskurði og Tom upplifir ólýsanlega martröð á hlaupum sínum um gangana á milli vökudeildarinnar og gjörgæslunnar; á milli lífs og dauða.

Þegar hann snýr heim er hann einn – með litlu dóttur sinni og sárri sorginni. Og fáeinum mánuðum síðar missir hann föður sinn, sem hann hefur alltaf átt flókið samband við.

Tom Malmquist (f. 1978) hafði þegar sent frá sér ljóðabækur sem vakið höfðu athygli þegar Hvert andartak enn á lífi kom út. Bókin var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2016, hlaut bókmenntaverðlaun Karin Boye og menningarverðlaun DN. Spænska blaðið El País útnefndi hana eina af bestu bókum áratugarins um líf og dauða.

Jólatónleika

7. & 8. DES

Á hátíðlegu nótunum -

Jólatónleikar Siggu Beinteins

Eldborgarsal Hörpu

15. & 16 DES



Jólatónleikar Sinfóníunnar

Litli tónsprotinn

Eldborgarsal Hörpu

23. NÓVEMBER

Jólatónleikar- Jóhanna Guðrún og Eyþór Ingi

Ásamt Gospelkór Jóns Vídalíns

Háskólabíó

8. – 22. DES

Hátíðartónleikar Eyþórs Inga

Sérstakir gestir eru kórar úr heimabyggð

Hljómahöllin Reykjanesbæ **8.des.**
Lindakirkja Kópavogi **9.des.**
Ísafjarðarkirkja **13.des.**
Bakkagerðiskirkju, Borgafirði Eystra **15.des.**
Egilstaðakirkja **16.des.**
Egilsbúð Neskaupstað **17.des.**
Húsavíkurkirkja **18.des.**
Glerárkirkja **20.des.**
Siglufjarðarkirkja. **21.des.**
Dalvíkurkirkja **22.des.** kl 20 og 22 (aukatónleikar)

Forsala miða er á **midi.is**

7. – 9. DES

Jólatónleikar- Eivör

Silfurberg í Hörpu

Forsala miða er á **harpa.is**

14. & 17. DES

Verða í jólastuði í Selfosskirkju þann **14. desember** og einnig í Laugarneskirkju þann **17. desember**

Forsala miða á **tix.is**

Sætabrauðsdrengirnir

6. – 8. NÓV

Þessir einstöku tónleikar eru nú orðnir fastur liður á aðventu landsmanna

Sérstakir gestir verða þeir **Raggi Bjarna** og **Gunnar Þórðarsson**

The Las Vegas Christmas Show

Gamla bíó

Forsala miða á **midi.is**

15. DES

Vocal Project

Nú verðum við með tónleika án hljómsveitar og leyfum hljómnum að njóta sín sem allra best.

Guðríðarkirkja Grafarholti

ar 2018

1. – 8. DES

Heima um jólin

Gestasöngvarar verða Garðar Thor Cortes
og Margrét Eir Hjartardóttir

Hér er gleðin við völd og andi jólanna svífur yfir.

Forsala miða er á **tix.is**

Salurinn Kópavogi

2. & 14. DES

Pálmi Gunnarsson

Yfir fannhvítri jörð

2. des. Hof - Akureyri
14. des. Austurbær - Reykjavík

Forsala miða
á **tix.is**

6. DES

Aðventutónleikar

Bach, Rameau og Mozart

Eldborgarsal Hörpu
Forsala miða er á **harpa.is**

Nánari upplýsingar um jólatónleika dagatalið á DV.is

SAKAMÁL

1990 glímdi spánska konan Francisca Ballesteros við fæðingarþunglyndi. Hún vildi binda endi á hjónaband sitt en lét þá nægja að myrða fimm mánaða dóttur sína með eitri. Hún ákvað síðan að bíða með að fyrirkoma eiginmanni sínum, eldri dóttur og syni.
Francisca lét til skarar skríða 12. janúar, 2004, og sendi mann sinn yfir móðuna miklu með eitri. Þann 4. júní, sama ár, biðu 15 ára dóttur Franciscu sömu örlög. Tólf ára sonur Franciscu slapp með skrekkinn eftir að hafa komist undir læknishendur með alvarleg einkenni eitrunar. Francisca var dæmd til 84 ára fangelsisvistar árið 2005.

SVARTI PARDU

Donald Neilson hóf glæpaferil sinn með innbrotum Síðan stundaði hann pósthúsrán

Donald hét maður, Neilson. Hann var breskur og fæddist 1. ágúst 1936. Ættarnafn hans var Nappey, en hann breytti því síðar af ástæðum sem vikið verður að síðar.

Bernska Donalds var víst ekki hamingjurík. Móður sína missti hann í klær krabbameins árið 1947, er hann var 10 ára að aldri. Ári síðar var hann gripinn glóðvolgur við búðarhnupl, en sökum ungs aldurs var látið nægja að veita honum viðvörun.

Þegar Donald var 18 ára kvæntist hann Irene Tate, sem var tveimur árum eldri en hann, og taldi hún hann á að segja skilið við breska herinn, sem hann þjónaði í á þeim tíma.

Nappey verður Neilson

Árið 1960 eignuðust Donald og Irene dóttur, Kathryn. Þegar Kathryn var fjögurra ára tók Donald upp ættarnafnið Neilson. Sagan segir að Donald hafi viljað forða dóttur sinni frá einelti á borð við það sem hann upplifði í skóla og í hernum vegna ættarnafnsins Nappey, sem líktist óþægilega mikið orðinu „nappy“, sem þýðir bleyja á ensku.

Nafn fengið af ísbíl

Samkvæmt einni kenningu varð Neilson fyrir valinu sem ættarnafn eftir að Donald keypti leigubifreiðafyrirtæki af manni sem hét Neilson. Önnur kenning er sú að Donald hafi fengið hugmyndina að Neilson af ísbíl sem bar nafnið en Donald og Irene keyptu oft ís handa dóttur sinni í umræddum ísbíl. Þetta skiptir þó engu máli í sambandi við framvindu sögunnar.

Ruglaði lögregluna í ríminu

Donald gerðist umsvifamikill innbrotsþjófur í árdaga glæpaferils síns. Hann komst upp með yfir 400 innbrot og fékk hin ýmsu viðurnefni, meðal annars Vofan og Handlagni Andy (Handy Andy).

Á nokkurra vikna fresti breytti hann innbrotsaðferð sinni og tókst með því að rugla lögregluna í ríminu. Til dæmis átti hann það til að stela útvarpi úr hverju því húsi sem hann braust inn í, útvarpið skildi hann síðan eftir skammt frá húsinu. Þegar hann hafði þannig skapað mynstur lét hann af þeirri venju og tók upp einhverja nýja og ólíka.

Úr innbrotum í vopnuð rán

Eitthvað fannst Donald afrakstur innbrota sinna vera rýr og eftir að hann kom höndum yfir byssur og skotfæri í einu húsi ákvað hann að snúa sér að ránum.



Eftir handtökuna Tilviljun réð því að Donald Neilson var handtekinn.

> **„Við skulum sjá hvort hún er hlaðin,“ sagði Leslie og tók sjálfur í gikkinn.**

Lítil pósthús urðu fyrir valinu hjá Donald og á árunum 1971 til 1974 lét hann til skarar skríða í 18 slíkum. Samhliða þessari þróun varð Donald ofbeldisfyllri.

Í febrúar 1972 braust hann inn í pósthús í Heywood í Lancashire í húmi nætur. Í sama húsi bjuggu pósthússtjórinn, Leslie, og eiginkona hans. Leslie ákvað að takast á við hinn óboðna næturgest á meðan kona hans hefði samband við lögregluna.

Komst tómhentur undan

Leslie og Donald tókust á og Donald sýndi Leslie hlaupsagaða haglabyssu. „Hún er hlaðin,“ urraði hann. Þar sem hlupið beindist upp í loftið ákvað Leslie að láta á það reyna. „Við skulum sjá hvort hún er hlaðin,“ sagði hann og tók sjálfur í gikkinn og viti menn, höglin skildu eftir sig stærðar gat í loftinu.

Þeir tókust á áfram og Leslie tókst að rífa lambhúshettuna af Donald sem svaraði með því að brjóta nokkrar tær á Donald og sparka í klofið á honum. Donald komst, tómhentur, undan og Leslie gat seinna gefið lögreglu lýsingu á innbrotsþjófnum.

Svarti pardusinn

Fyrstu þrjú morð sín framdi Donald árið 1974. Í pósthússránum skaut hann til bana tvo póstmeistara og eiginmann pósthússstýru; Donald Skepper, útibústjóri í Harrogate, í febrúar, Derek Astin, útibústjóri í Baxenden, í september, og Sidney Grayland í Langley, í nóvember.

Þeagr rætt var við ekkju Dereks, Marion, í sjónvarpsviðtali lýsti hún ódæðismanninnum á þann veg að „hann væri svo snar að hann væri eins og pardusdýr“ og hann hefði verið svartklæddur frá

5 ár skildu að yngsta og elsta fórnarlamb indónesíska raðmoringjans Baekuni. Baekuni fékk lífstíðardóm 5. október, 2010, eftir að hafa verið sakfelldur fyrir að hafa kynferðislega misþyrmt og myrt fjögur götubörn í Djakarta. Eftir að hann var handtekinn viðurkenndi hann að hafa myrt og misþyrmt nokkrum drengjum á aldrinum 10–12 ára, en fullyrti síðar að fórnarlömb hans hefðu verið 14 talsins.

JAMAXA2

USINN

n ■ Hikaði ekki við að beita byssunni

Lesley Whittle Hvarf af heimili sínu janúarnótt 1975.

Vopnabúr Heimili Donalds hafði ýmislegt að geyma.

> Hann var svo snar að hann var eins og pardusdýr“ og svartklæddur frá toppi til táar.



Svarti pardusinn Donald var lýst sem „pardus“, svo snar var hann.

> Hann var meðal annars kallaður Vofan og Handlagni Andy

toppi til táar. Fréttamaðurinn lauk viðtalinu á spurningunni: „Hvar skyldi hann vera, svarti pardusinn.“ Þar var Donald kominn með enn eitt viðurnefnið og það festist við hann.

Úr ránum í mannrán

Víkur nú sögunni að 17 ára stúlku, Lesley Whittle. Að kvöldi 13. janúar, 1975, tók Lesley á sig náðir í svefnherbergi sínu á heimili fjölskyldunnar í Highley í Shropshire.

Næsta morgun kom hún ekki niður til morgunverðar og töldu foreldrar hennar að hún hefði sofið yfir sig. Uppi á herbergi var Lesley hvergi að sjá, rúmið tómt og, foreldrum hennar til mikillar skelfingar, lausnargjaldskrafa á Dymo-strimli. Krafan hljóðaði upp á 50.000 sterlingspund.

Fjölmiðlar fréttu af málinu

Að sjálfsögðu fylgdu fyrirmæli um að hafa ekki samband við lögregluna og að sjálfsögðu var haft samband við lögregluna. Annars sagði í fyrirmælunum að einhver úr fjölskyldunni skyldi fara í verslunarmiðstöðina Swan í Kidderminster og bíða þar frekari fyrirmæla.

Ronald, bróðir Lesley, fór í verslunarmiðstöðina, en í millitíðinni höfðu fjölmiðlar komist á snoðir um málið og um það fjallað í sjónvarpi. Enginn fundur átti sér stað daginn þann og frekari fyrirmæli bárust ekki.

Ný fyrirmæli, enginn mannræningi

Tveimur dögum síðar, um miðnæturbil, var hringt heim til Whittle-fjölskyldunnar; Ronald skyldi fara með lausnargjaldið í símaklefa í Kidsgrove, skammt frá Stoke, og þar myndu bíða hans ný fyrirmæli.

Ronald gerði sem fyrir hann var lagt og í símaklefanum voru skilaboð á Dymo-strimli: Ronald átti að keyra til Bathpool Park og blikka bílljósunum þegar þangað væri komið.

Hann fór að fyrirmælunum en ekkert bólaði á mannræningjanum.

Inniskór Lesley og upptaka

Þennan sama dag gerðist það að öryggisvörður, Gerald Smith, truflaði mann við iðju sína í Dudley. Þegar hann, eitt andartak, sneri baki í manninn var hann skotinn sex sinnum. Öryggisvörðurinn lifði af og kemur ekki frekar við sögu.

Skammt frá vettvangi var yfirgefinn bíll og í ljós kom að honum hafði verið stolið. Í bílnum fundust inniskór Lesley og upptökur þar sem hún bað fjölskyldu sína að vera samvinnufús.

Skothylki sem fundust þar sem Gerald hafði verið skotinn sýndu að byssan sem notuð var hafði að auki verið notuð af þeim sem rænt hafði pósthúsin og myrt þrjár manneskjur; Svarta pardusnum.

Grunsamlegur maður með haglabyssu

Nakið lík Lesley fannst 7. mars. Vírlykkju hafði verið smeygt um háls hennar og hún hengd í loftræstistokk. Liðu nú margir tíðindalitlir mánuðir. Þann 11. desember tóku tveir lögregluþjónar eftir grunsamlegum manni í Mansfield Woodhouse.

Þegar þeir gáfu sig á tal við hann dró hann fram hlaupsagaða haglabyssu og skipaði þeim að ganga á undan honum.

Það varð lögregluþjónunum til happs að tveir vegfarendur komu aðvífandi og sameiginlega tókst þeim að yfirbuga manninn.

Kom í ljós að um engan annan var að ræða en Svarta pardusinn. Donald Neilson fékk lífstíðardóm og afplánaði hann að fullu því hann dó 18. desember 2011. ■

„Við höfum ekki ennþá náð að verða neitt sérstaklega leiðir á hvor öðrum“

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is

Hljómsveitin GusGus er á meðal bestu og farsælustu hljómsveita landsins. Hún hefur verið starfrækt í yfir tvo áratugi og aflað sér gríðarlegra vinsælda bæði hér heima og erlendis. Hljómsveitin á að baki hvorki meira né minna en 10 hljóðversplötur, 25 smáskífur og fjölda endurhljóðblandana.

Guðni Einars settist niður með þeim Daníel Ágúst og Bigga Veiru og spurði þá út í tónlistina, tónleikaferðalögin, innblásturinn og fleira.

Nú hefur hljómsveitin verið starfrækt í yfir tvo áratugi. Segið okkur aðeins frá sögu hljómsveitarinnar og hvernig hún hefur þróast. Hafa einhver tímabil verið betri/verri en önnur?

„Hljómsveitin var formlega stofnuð í upphafi 1996 þegar níu manns skrifuðu undir útgáfusaming við hljómplötufyrirtækið 4AD. Árið á undan hafði þetta fólk ásamt fleirum framleitt stuttmynd og hljómplötu sem 4AD hafði mikinn áhuga á. Að vísu þurfti að endurvinna plötuna að hluta sökum höfundarréttarvandamála en síðan kom hún út undir heitinu Polydistortion 1997. Sami hópur gaf einnig út plötuna This is Normal 1999, en samstarfið molnaði í sundur fljótlega í kjölfarið. Þetta var frekar sundurlaus hópur í tónlistarsmekk, þannig að það hafði nú legið í loftinu að eitthvað mundi kvarnast úr, en þegar Daníel Ágúst ákvað að hætta varð ástandið frekar alvarlegt. Við vorum þá þrír eftir,“ segir Biddi, „ég, Stebbi og Maggi Legó, en söngvaralausir. Ástæðan fyrir því að við hættum ekki alveg var sú að árið 2000 gaf hljómsveitin út plötuna Gusgus vs Tworld sem var instrumental plata með tónlist sem ég og Maggi höfðum gert á árunum 1993 til 1995. Platan fékk glimrandi dóma og túruðum við Stebbi nokkur instrumental gigg og skemmtum okkur það vel að við ákváðum að halda nafninu og finna nýjan söngvara. Urður gekk til liðs við hljómsveitina 2001 og þetta fjóreyki gaf út plöturnar Attention (2002) og Forever (2007). Maggi og Urður hættu 2007 en var þá gripið til þess ráðs að athuga hvort Daníel Ágúst væri til í að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið árið 2000 og varð það úr. Nýr útgáfusamningur var gerður við hið djúpfræga útgáfufyrirtæki Kompakt í Þýskalandi og 24/7 kom síðan út 2009, Arabian Horse 2011, Mexico 2014 og nú síðast Lies are more flexible 2018.

Það má því segja að líftíma hljómsveitarinnar megi skipta upp í þrjú tímabil: Næntísið sem einkenndist af breakbeat og triphopkenndu tilraunapoppi. Urðartíminn sem einkenndist af hressilegu stelpulegu trommuheilapartíi og síðan Kompakt-tíminn sem einkenndist af dekkri technopop rannsóknum. Með Lies are more flexible má þó segja að nýr tími sé að hefjast þar sem GusGus er núna klassískt eitís style syntadúett með okkur Daníel innanborðs og stefnir tónlistin frá þýskættuðum áhrifum inn í frekar óræðar tímalausar minningar.“

Hver er þín skoðun á góðum texta, hvað þarf hann að innihalda? Eru einhverjar sérstakar aðstæður sem þú vilt vera í þegar þú semur textana þína? Hvað er það sem veitir þér innblástur?

„Góður texti teymir mann inn í einhverjar aðstæður sem maður tengir við. Hann verður að innihalda skemmtileg orð og frasa og myndlíkingar. Það er hægt að semja hvar og hvenær sem er jafnvel um borð í flugvélum eða í rútunni. Innblásturinn er sjaldnast á vísum stað. Hvaða aðstæður sem er geta gefið manni hugmynd að texta,“ segir Daníel.

Hafið þið aldrei fengið leiða eða er þetta alltaf jafn skemmtilegt? Hvað er það sem tekur mest á og hvað er það sem veitir ykkur mesta ánægju?

„Þetta starf er í raun tvíþætt fyrir utan samskipta- og email-stúss en það er framleiðsla á tónlist annars vegar og flutningur á tónlist hins vegar. Þessir tveir kimar starfsins eru mjög ólíkir í eðli sínu. Framleiðslan er fólgin í því að marinerast saman, afskiptalausir í einhverjum tæknimyrkviðum fullum af rými fyrir nýjar hugmyndir. Þar gerast góðir hlutir hægt en örugglega,“ segir Biggi. „Flutningurinn er í raun þveröfug upplifun. Mestur tíminn þar fer í að þvælast um flugvelli og hótel í aðgerðarleysi umkringdur stressi og óþægindum. En síðan smellir maður sér í geggjað stuð klukkutíma fyrir gigg og þá eru hlutirnir gerðir hratt og örugglega. Það er alltaf hrikalega gaman og mikið kikk að halda tónleika en ferðalögin eru hrikalega leiðinleg. Mest næs er þó að gera nýja músík. Það er alltaf svo geggjað að kokka upp eitthvað nýtt, það lætur hrikta í taugakerfinu.“

Þið hafið gefið út 10 hljóðversplötur. Þegar þið horfið um öxl, hvaða plata stendur upp úr hjá ykkur og hvers vegna? Var einhver plata lengur í fæðingu en önnur?

„Allar plöturnar hafa sinn sjarma og sitt karma. En persónulega finnst mér alltaf mjög vænt um Forever, það var eitthvert attitude og heimsendakæruleysi á henni sem ég er mjög hrifinn af. Grúvin eru líka mörg skrýtin og skakklöppuð en ávallt sexí. Það fíla ég. Stemningin sem myndaðist þar hefur að hluta til haldið sér í bakgrunninum og kom örlítið meira upp á yfirborðið á síðustu plötu en þessum þremur þar á undan,“ segir Biggi.

Þið gáfuð út plötuna Lies are more flexible fyrr á þessu ári. Hvernig hafa viðtökurnar verið?

„Frekar góðar myndi ég segja. Aðdáendurnir eru hæstánægðir og sumir á því að þetta sé besta platan hingað til. Lögin hafa verið að gera sig vel í lifandi flutningi þar sem við höfum farið þetta árið. Plötudómar hafa verið mismunandi hjá skríbentum eins og alltaf. Sumir hrikalega ánægðir og aðrir minna. Skemmtilegt finnst mér hversu vel hefur verið tekið í að hafa plötuna í styttri kantinum. Lies are more flexible er í lengdina svipaðri þeim sem voru gefnar út þegar ég var að byrja að kaupa plötur 1982, um 45 mínútur. Ég held að þetta styttra format vinni á núna á tímum styttra athyglisspans,“ segir Biggi.

Hvernig er samstarfið ykkar á milli, hvernig er verkaskiptingin og vinnuferlið?

„Ég hangi oft einn með syntahaugnum í stúdíóinu leitandi með sándum og hrynjanda að einhverju sem kitlar. Þetta eru yfirleitt mjög einfaldar hugmyndir og meira stemning frekar en lög. Ef Daníel fílar eitthvað af þessu þá höldum við áfram með það í sameiningu. Finnum fleiri kafla, melódíur og texta. Þetta getur tekið stuttan eða langan tíma en yfirleitt eru þessar hugmyndir lengi að gerjast fram að þeim tíma sem lokasmiðshöggið er slegið,“ segir Biggi.

Biggi, nú hefur þú talað opinskátt um að þú sért klæðskiptingur. Hefur þú orðið fyrir einhverjum fordómum innan tónlistarsenunnar vegna þess?

„Nei, ekki get ég sagt það. Það hefur nú fylgt listamönnum lengi að vera eitthvað skrítnir eða furðulegir og þykir jafnvel kostur, sérstaklega til að kalla á umræðu og eftirtekt. Útgangurinn á mér passar ágætlega við þá ímynd.“

Það hafa fá íslensk bönd náð jafn langt og þið og þá sérstaklega í raftónlistarsenunni. Er einhver uppskrift? Eitthvað sem þið mælið með að fólk geri eða geri ekki?

„Tja ég veit ekki. Maður álpast inn í þetta og ílengist fyrst og fremst vegna taumlausrar ástríðu á tónlist. Hana er ekki hægt að drafta upp í Excel-skjali. Það er þó alltaf mjög mikilvægt að finna sér nýja og spennandi aðkomu með árunum. Sérstaklega er þetta mikilvægt finnst mér í elektróníski tónlist þar sem hún er fyrir mér að miklu leyti rannsókn í afkimum tækninnar og nýjum leiðum til að gera sánd, grúv og bakháraris,“ segir Biggi.

Hafdís Huld var eitt sinn meðlimur hljómsveitarinnar. Hún talaði opinskátt um á dögunum að hún hafi upplifað einelti á sínum tíma í hljómsveitinni. Hver er ykkar skoðun á því?

„Þetta var nú frekar ómeðvitað strákager eins og þau gerast á þessum tíma. Hópurinn var líka samtíningur af fólki sem þekktist ekki fyrir þannig að engin tilfinningaleg forsaga var til staðar og innileiki því. Við vorum bara að gera okkar tónlist og þar voru ákveðnir einstaklingar leiðandi frá upphafi, með sterkar skoðanir og lítil þolinmæði fyrir öðru. Ég held að það að kalla þetta einelti sé kannski ekki rétta orðið frekar má segja að hún hafi verið afskipt og með grunnt tengslanet innan hljómsveitarinnar. Þar af leiðandi skil ég vel að henni hafi ekki liði vel í þessu samstarfi,“ segir Biggi.

Fram undan hjá GusGus?

„Fram undan hjá hljómsveitinni eru tónleikar í Evrópu núna í haust og síðan tvennir tónleikar í Eldborgarsal Hörpu þar sem aðdáendur geta átt von á þverskurði frá bandinu eins og það hefur þróast frá og með plötunni Attention. Af því tilefni munu Urður Hákonardóttir og Högni Egilsson vera á meðal þeirra sem stíga á svið með sveitinni. Við náum síðan að vinna í næstu plötu í upphafi árs en síðan er meira tónleikastand frá og með mars.“ ■

Lengri útgáfu viðtalsins er hægt að lesa á DV.is

Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.

www.birkiaska.is

Bodyflex *Strong*

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.

www.birkiaska.is

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.

www.birkiaska.is

Shoreditch í London er perla sem allir verða að heimsækja

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is

Margir Íslendingar sem heimsækja London reglulega eiga það til að dveljast um of í sömu hverfunum, til dæmis Soho, Covent Garden, Kensington, Mayfair, Marylebone og Notting Hill. London hefur upp á margt annað að bjóða og því getur verið skemmtilegt að brjótast úr viðjum vanans og heimsækja önnur hverfi stórborgarinnar. Eitt slíkt hverfi er Shoreditch-hverfið í London sem er falin perla í stórborginni.

Á 8. og 9. áratug síðustu aldar var Shoreditch í niðurníðslu og þar var fátt sem gladdi augað. Fasteignaverð var lægra þar en annars staðar og það er gömul saga og ný að slík hverfi fara smátt og smátt að vekja athygli fjöldans. Ungt fólk og listamenn fóru gera sig þar heimkomna og skyndilega var Shoreditch orðið paradís „hipsteranna“.

Shoreditch liggur alveg við fjármálahverfi London, „City“. Andstæðurnar verða vart meiri því flestar byggingarnar í Shoreditch eru lágreistar og skreyttar götulistaverkum sem síðan renna saman við ógnarhá glerhýsi mammons. Það gerir að verkum að það mallar í suðupotti mannlífs í hverfinu.

DV lagði línurnar fyrir stórkostlega helgarferð til Shoreditch í London.

Gisting:

Bar og setustofa á CitizenM



Herbergi á CitizenM-hótelinu

Í Shoreditch er afar mikilvægt að vera töff. Því kemur það sér vel að það er ekki hægt að gista á meira töff stað en CitizenM-hótelinu í hverfinu. Um er að ræða litla hótelkeðju sem er aðeins í ellefu borgum í veröldinni en auðvitað bara mjög töff borgum, til dæmis á Times Square í New York, í Taipei, Amsterdam og Kúala Lúmpúr, svo einhverjar borgir séu nefndar. Staðsetning hótelsins er frábær en það eru opnu rýmin, mótakan og barinn, sem eru framúrskarandi. Þar er mikið líf og þægilegt að setjast niður með drykk og njóta lífsins. Sjálf herbergin eru frekar lítil en afar vel hönnuð. Þar er stórt og þægilegt rúm krúnudjásnið en einnig sú staðreynd að öllu rafmagni, hljóði og birtu er stjórnað úr handhægri spjaldtölvu.
Rúsínan í pylsuendanum er að tveggja manna herbergi kostar um 20 þúsund krónur á hverja nótt sem verður að teljast hagstætt verð á góðu hóteli í London.

Old Spitalfields Market:

Stórkostlegur markaður sem hefur verið starfræktur í um 350 ár. Markaðurinn var endurhannaður í október 2017 og er óhætt að fullyrða að það hafi heppnast vel. Litlir áhugaverðir verslunarbásar í rólegu umhverfi og allt um kring eru frábærir matarvagnar sem eru hver öðrum betri. Þegar maður gengur um markaðinn er ekki hægt annað en að skammast sín fyrir Kolaportið íslenska. Óhætt er að mæla með „pulled pork“-samlokunni frá Dirty Bagels.

Boxpark:

Við Bethnal Green Road stendur Boxpark-verslunarmiðstöðin, sú fyrsta sinnar tegundar. Hún var opnuð árið 2011 og síðan endurhönnuð árið 2017. Um er að ræða verslunarmiðstöð sem er búin til úr um 60 gámum sem eru haganlega tengdir saman. Þar eru um 27 skemmtilegar búðir og 19 veitingastaðir og barir, hver öðrum skemmtilegri. Halloumi-franskarnar á Poptata eru syndsamlega góðar.

Rölt niður Brick Lane

Það er afar skemmtilegt að ganga niður Brick Lane og skoða það sem fyrir augu ber, sérstaklega úrvalið af indverskum og bangladesskum matsölustöðum. Þar eru margir gimsteinarnir en einnig margir forarpyttirnir sem ber að varast. Einn af þeim allra bestu og vinsælustu er veitingastaðurinn Aladin sem fékk heiðursútnefningu „besta karríhúsið á Brick Lane“ og flaggar því við hvert tækifæri.

Dishoom

Einn besti veitingastaðurinn í Shoreditch er íransk/indverski veitingastaðurinn Dishoom, sem er við Boundary Street.

Ekki er hægt að panta borð en gestir geta vænst þess að bíða í 1–1½ klukkustund eftir borði. Það er þó fullkomlega þess virði.

Ef lambaheili (behja) er á matseðlinum þá má enginn láta það ljúfmeti framhjá sér fara.

Dinerama:

Við Great Eastern Street, skammt frá Boxpark, er hin stórskemmtilega matarhöll Dinerama sem nýtur mikilla vinsælda. Þar eru tæplega fimmtíu veitingabásar, frekar en staðir, sem bjóða upp á mat og drykk frá öllum heimshornum. Tónlistin er nokkuð hávær þarna og staðurinn er smekkfullur allar helgar. Nauðsynlegt er að bragða á bao bun-samlokunum frá Yum Bun.

DEKURA:

Einstök þjónusta í umsjón leiguhúsnæðis

Félagarnir Davíð Karl Wiium og Davíð Vilmundarson eru brautryðjendur í umsjón og umsýslu eigna í skammtímaleigu. Árið 2014 stofnuðu þeir þjónustufyrirtækið Dekura sem sérhæfir sig í umsjón á húsnæði sem leigt er út í gegnum Airbnb og aðra sambærilega vefi. Þá bjóða þeir einnig sérhæfða umsjón gistiheimila af öllum stærðum og gerðum.

Þjónustuframboð Dekura fyrir eigendur húsnæðis í skammtímaleigu spannar vítt svið og leggur fyrirtækið áherslu á að bjóða faglega og heildræna þjónustu til viðskiptavina sinna.

Rekstur skammtímaleiguhúsnæðis getur verið ansi tímafrekur og krefst töluverðra fórna og umtalsverðrar skipulagningar af hálfu leigusala. Það er ótal margt sem þarf að huga að þegar kemur að því að gera leigjanda ánægðan. Fyrir utan það að hafa íbúðina í toppstandi, tandurhreina og allt aðgengi með besta móti þegar nýr leigjandi bankar upp á, þá þarf leigusali að vera til taks til að taka á móti leigjendum og vera auk þess reiðubúinn til að leysa úr hinum ýmsu vandamálum sem upp geta komið á öllum tímum sólarhrings. Samhliða fullri vinnu og fjölskyldu getur þetta verið ansi þungur baggi fyrir leigusala að takast á við. Dekura býður upp á heildarþjónustu sem tekur á öllu því sem viðkemur rekstri á eignum í skammtímaleigu, allt frá þrifum upp í alhliða umsjón eignanna. Þá sér Dekura um öll samskipti við gesti auk þess sem allt lín, handklæði og annað sem þarf að vera til staðar fyrir gesti meðan á dvöl stendur er innifalið í heildarþjónustu félagsins.

Með aðstoð Dekura getur leigusali tekið á móti töluvert fleiri viðskiptavinum en ella og fengið betri umsagnir, sem eykur samstundis verðgildi íbúðarinnar og leigutekjurnar sem af henni koma. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 12 manns sem sjá um hin ýmsu verkefni og státar Dekura sig af einu færasta þrifnaðarteymi í bransanum. Auk þess starfrækir Dekura fullbúið þvottahús í höfuðstöðvum sínum við Skólavörðustíg. Eftir fjögur ár í þessum rekstri vita starfsmenn Dekura hvað til þarf til að uppfylla gæðakröfur ferðamanna og hvernig hámarka má nýtingu leiguhúsnæðis.

Þar sem nú er orðið heimilt að leigja út eign sína í allt að 90 daga á ári þá færist sífellt í aukana að fólk nýti sér þá heimild til að fjármagna að hluta til eða fullu þegar farið er í frí.

Sífellt eykst straumur ferðamanna til landsins og komur þeirra farnar að dreifast jafnar yfir árið og aðalferðatímabil ársins sífellt að lengjast, því er gott að vera tímanlega í skipulagningu á útleigu húsnæðis fyrir þau sem á það hyggja.

Dekura er í nánu samstarfi við teymi sérfræðinga í leyfismálum og aðstoðar viðskiptavini sína við að fá þau leyfi sem þarf, viðskiptavininum að kostnaðarlausu, hvort sem um er að ræða 90 daga leyfi eða fullgilt gistileyfi.

Til þess að panta þjónustu frá Dekura má hafa samband í gegnum vefsíðu fyrirtækisins https://dekura.is eða senda póst á netfangið dekura@dekura.is.

HIN HLIÐIN

„Það hefur verið týnt tímabil í lífi mínu. Mjög týnt. Ég iðrast.“

Birgir Örn Guðjónsson, betur þekktur sem Biggi lögga, hefur vakið athygli á samfélagsmiðlum fyrir ákveðnar skoðanir sínar, bæði hvað varðar löggæsluna í landinu, sem og aðra þjóðfélagsumræðu. Biggi gaf sér tíma á frívaktinni til að sýna lesendum DV á sér hina hliðina.

Ef þú þyrftir að eyða einni milljón á klukkutíma, í hvaða verslun færir þú? Ég held að Elko kæmi sér vel. Gæti auðveldlega rölt þar um í klukkutíma og náð upp í millu.

Hvaða lag skammastu þín mest fyrir að hafa haldið upp á? Sem unglingur hélt ég í skamma stund upp á þýsku þungarokks-hljómsveitina Helloween. Þeir eiga bara slæm lög. Það hefur verið týnt tímabil í lífi mínu. Mjög týnt. Ég iðrast.

Hvaða bíómynd hefurðu séð oftast? Schindler's List. Án gríns. Eina myndin sem ég hef farið þrisvar sinnum á í bíó.

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveinninn sé til. Hvernig svarar þú? Ehh, já!

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Þú varst ekki maður með mönnum nema þú ættir Millet-úlpu. Það voru til bleikar, rauðar og bláar. Ég átti bláa.

Yfir hverju getur þú alltaf hlegið? Fóstbræðrum. Tímamótaklassík sem breytti íslenskum húmor.

Borðar þú mat sem er kominn fram yfir síðasta söludag? Ekki séns. Hef heyrt að það sé bráðdrepandi.

Hvað ætti ævisagan þín að heita? „Það er bara þannig.“

Hvaða ósið hefur þér reynst erfiðast að hætta? Að reykja.

Hverju laugstu síðast? Að mér þætti erfitt að hætta að reykja. Hef aldrei reykt.

Hvað er það merkilegasta sem hefur gerst í heiminum á þínum líftíma? Held að internetið skori nokkuð hátt á þeim lista. Hefur heldur betur minnkað heiminn.

Hvaða viðburð sérðu mest eftir að hafa misst af? Metallica-tónleikunum í Egilshöll.

Hvaða kvikmynd þætti þér helst við hæfi að breyta í söngleik? Sódóma Reykjavík uppfull af 90's tónlist yrði snilld og myndi slá í gegn.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Þegar ég vann á valtara í eitt sumar. Einmanalegustu mánuðir lífs míns.

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Hefur aldrei hent mig. Sorrí.

Ef þróunarkenningin er rétt, af hverju eru svín þá ekki með vængi? Nákvæmlega! Hver samdi þessar spurningar eiginlega? Hringið í Nobel!

Hvað er framundan um helgina? Þarf að passa upp á ykkur alla helgina, þannig að verið þið þæg.

Skór Helga keppa um að komast í framleiðslu

Helgi Líndal er 17 ára nemandi í fatahönnun við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hann hefur brennandi áhuga á fötum og skóm og hefur farið tvisvar til Bandaríkjanna að læra skósmíði hjá virtum skóhönnuði. Skórnir sem hann smíðaði keppa nú í netkeppni um að komast í framleiðslu.

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is

Áhuginn á fötum byrjaði þegar ég fermdist,“ segir Helgi, sem saumaði þá sína fyrstu flík með aðstoð ömmu sinnar, bol og buxur. „Það er skemmtilegt að geta sagt að ég hafi saumað fötin mín sjálfur.“

Fyrir ári fór Helgi til Los Angeles og lærði að handsmíða skó hjá Dominic Ciambrone, sem kallar sig The Shoe Surgeon. „Ég var búinn að vera mikill aðdáandi hans í svona ár og sá að hann var reglulega að auglýsa námskeið í Bandaríkjunum og það var draumur minn að fara,“ segir Helgi. „Ég sagði foreldrum mínum frá því og mamma sagði mér bara að skrá mig, þrátt fyrir að ég hefði ekki hugmynd um hvernig ég ætti að borga námskeiðið.“

Helgi fór þá leið að óska eftir styrkjum í sínu nærsamfélagi, en hann er búsettur í Garði. Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga styrkti hann til fararinnar, og einnig núna í haust þegar hann fór á sitt annað námskeið, í þetta sinn til New York. „Mig langar að þakka fjölskyldu, vinum og styrktaraðilum fyrir að standa við bakið á mér.

Í fyrra skiptið var ég að handsmíða Stan Smith-skó frá grunni. Þá kviknaði áhuginn fyrir alvöru, þetta er erfitt, krefjandi og skemmtilegt á sama tíma. Ég keypti til dæmis Michael Korstösku í Orlando og smíðaði skó úr henni. Í seinna skiptið var ég að handsmíða Air Jordan 1-skó,“ segir Helgi, sem segir þó fatahönnunina vera í fyrsta sæti, þótt gaman væri að læra skósmíðina frekar líka.

„Ég var í 40 klukkutíma með þetta skópar, en núna mætti reikna með að ég sé 30–35 klukkutíma,“ segir Helgi.

30 manns voru á námskeiðinu og aðeins nokkrir sem eru ekki búsettir í Bandaríkjunum; einn frá Japan, tveir frá Frakklandi og síðan Helgi. Fáar konur voru í þetta sinn, en fólk á öllum aldri, sá elsti var yfir fimmtugt og Helgi yngstur ásamt einum jafnaldra.

En af hverju ætti fólk að kaupa sérhannaða skó frekar en fjöldaframleidda?

„Það er svo mikil vinna í að smíða eitt skópar, þú sérð 40 klukkutímar í stað 30 mínútna þegar um er að ræða fjöldaframleidda skó. Þeir eru framleiddir í vélum, en hjá okkur með höndum, eina vélin sem við notum er saumavél þannig að gæðin eru margfalt betri og vinnan töluvert meiri og líka skemmtilegra að eiga skó sem eru handsmíðaðir og enginn annar á,“ segir Helgi. Lærimeistarinn Dominic smíðar sína skó út í ákveðnum fjölda og þá eru þeir allir handsmíðaðir frá grunni.

Air Jordan-skórnir sem Helgi smíðaði í haust keppa nú í netkeppni á vegum skólans og eru verðlaunin vegleg: skórnir sem vinna fara í framleiðslu hjá Dominic. „Þetta er nýtt. Allir sem vildu taka þátt í keppninni sendu inn skóna sína og síðan er netatkvæðagreiðsla, sem allir geta tekið þátt í,“ segir Helgi sem langar í skóla úti að stúdentsprófinu loknu og halda áfram að læra fatahönnun. ■

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar

ÖII þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Þrif og ræstivörur

Frostagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

DV
21. sept 2018
36. tölublað | 108. árgangur | Leiðbeinandi verð 995 kr.
dv.is/frettaskot | askrift@dv.is | Sími 512 7000
5 690710 111124

Magga nýtur ekki lengur franska ásta

Í ágúst skráði Margrét Friðriksdóttir, stjórnandi Stjórnmálaspjallsins á Facebook, sig í samband með kærasta sínum, hinum franska Vincent Ravaceh. Hamingjuóskum rigndi yfir parið, eðlilega, ástin er eitthvað sem við tengjum öll við.

Kærastinn var sá hinn sami og dró Margréti í burtu, þegar henni og Semu Erlu Serdar lenti saman fyrir utan veitingastað við Grensásveg.

En nú virðast örvar Amors hafa kulnað því sambandið er búið samkvæmt heimildum DV og Margrét ekki lengur skráð í samband með franska sjarmörnum á Facebook.

Frumsýndi nýjan kærasta

Hildur Sverrisdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins og aðstoðarmaður Þórdísar Kolbrúnar Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, mætti með nýjan herra upp á arminn í brúðkaup nýlega. Sá heppni heitir Gísli Árnason og starfar sem yfirtextamaður á auglýsingastofunni Jónsson & Le'macks. Um var að ræða brúðkaup góðvinar Hildar, frumkvöðulsins Ármanns Kojic, og pólskrar eiginkonu hans, Joönnu. Brúðkaupið fór fram á ótilgreindum stað í Kalifornía-fylki í Bandaríkjunum og var Hildur annar veislastjóranna. Fjölmargir þekktir Íslendingar fögnuðu með hinum nýbökuðu hjónum, meðal annars Þorsteinn B. Friðriksson, gjarnan kenndur við Plain Vanilla, og fjárfestirinn Andri Gunnarsson, svo einhverjir séu nefndir.

Fjallið í hnapphelduna

Kraftajötuninn Hafþór Júlíus Björnsson hefur staðið af sér ýmsa storma, bæði í kraftakeppnum og einkalífinu. Hann gerði sér lítið fyrir og stóð uppi sem sigurvegari í baráttu um titilinn Heimsins sterkasti maður í vor, en áður hafði fyrrverandi sambýliskona hans ásakað hann um heimilisofbeldi. Vísaði Fjallið þeim ásökunum hins vegar alfarið á bug.

Nýlega fór Fjallið í nokkurra milljóna króna hárígræðslu, en sitt sýnist hverjum um útkomuna.

Samkvæmt heimildum DV er Hafþór einnig nýgenginn í hjónaband. Sú heppna er kærasta hans Kelsey Henson, en þau hafa verið saman síðan 2017. Parið hefur meðal annars komið fram í auglýsingu fyrir Soda Stream.

Mikil leynd mun hafa verið yfir ráðahagnum, en hjónin undirrituðu samning, sem meðal annars innihélt ákvæði um ásakanir og varnir gegn þeim.



FAGLEG
ÞJÓNUSTA OG
RÁÐGJÖF!

ÖLL ÞJÓNUSTA Á SAMA STAÐ

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
· SMÍÐAVINNA
· MÚRVINNA
· MÁLNINGARVINNA

HELLULAGNIR
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
· JARÐVINNA
· DRENLAGNIR
· HELLULAGNIR
· ÞÖKULAGNIR

Eind ehf
788 8870 | eind@eind.is